

FRJÁLS VERSIUN

ÍTARLEG ÚTTEKT:

70 ÁHRIFA MESTU KONURNAR



SEVNTÝRRAEYBIR
ISLAND



SAGA BOUTIQUE LEIFSSTÖÐ

HÁGÆÐA VÖRUR Á GÓÐU VERÐI



BOSS
HUGO BOSS

SAND
HUGO BOSS

LLOYD


LONGCHAMP
PARIS

BURBERRY



SAGA
BOUTIQUE

AIRPORT SHOP

Laifsson &
Sími 9050 305



á söðuskristorðum Icelandair og á ferðaskristorðum.



SAGA BOUTIQUE

Tollfrjáls verslun skýjum öf





24 – Forsíðugrein:
**ÁHRIFAMESTU
KONURNAR**



48 – Konur sem forstjórar:
**Hvaða konur eru
forstjórar 300 stærstu
fyrirtækjanna?**



19 – Dagbókin:
**Karl hefur tögl
og hagdir**



44 – Stjórnmalakonur
**Áhrifamestu
stjórnmalakonurnar**



46 – Sveitastjórnir:
**Hvaða konur eru
bæjarstjórar landsins?**

- 6 **Leiðari:**
Hvers vegna kvennablað?
- 10 **Fréttir:**
- 16 **Kynning: Íbúðalánasjóður.**
- 18 **Dagbókin:**
Átökin í Íslandsbanka.
- 24 **Forsíðugrein:**
Áhrifamestu konurnar.

- 44 **Áhrifamestu:**
Stjórnmalakonurnar.
- 46 **Sveitastjórnir:**
Hvaða konur eru bæjarstjórar?
- 48 **Forstjórar:**
Hverjar eru forstjórar á listanum 300 stærstu?
- 52 **Könnun:**
Stjórnarkonur Íslands.

- 58 **Álit karla:**
Sjö þekktir karlar gefa ráð.
- 62 **Stjórnarkonur:**
Grein eftir Þórönnu Jónsdóttur.
- 65 **Stjórnarkonur:**
Ásta Bjarnadóttir.
- 66 **Athyglisverð ritgerð:**
Elfur Logadóttir.

FRJÁLS VERSLUN

Stofnuð 1939

Sérrit um viðskipta-, efnahags- og atvinnumál – 67. ár
ÚTGEFANDI:

Heimur hf.

RITSTJÓRN, AUGLÝSINGAR OG AFGREIÐSLA:

Borgartúni 23, 105 Reykjavík, sími: 512 7575, fax: 561 8646,
netfang: fv@heimur.is

ÁSKRIFTARVERÐ:

kr 8.370 á ári, 10% afsláttur ef greitt er með kreditkorti.

LAUSASÖLUVERÐ:

899 kr.

DREIFING:

Heimur hf., sími 512 7575

PRENTVINNSLA:

Gutenberg hf.

LJÓSMYNDIR:

© Heimur hf. – Öll réttindi áskilin varðandi efni og myndir

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMAÐUR: Jón G. Hauksson



AUGLÝSINGASTJÓRI:

Sjöfn Sigurgeirsdóttir



LJÓSMYNDARI:

Geir Ólafsson



ÚTLITSHÖNNUN:

Magnús Valur Pálsson

ISSN 1017-3544



52 – Könnun Frjálsrar verslunar: STJÓRNARKONUR ÍSLANDS



72 – Guðrún Brynleifsdóttir
lögmaður:

Skilnaðir og skipting eigna

69 Launakönnun:
Launamunur karla og kvenna.

72 Skilnaðir:
Guðrún Brynleifsdóttir
lögmaður.

76 Sjálfstraust:
Linda Bára Lýðsdóttir
sálfræðingur.

78 Evrópuskýrsla:
Sigríður Elín Þórðardóttir.

80 Auður í krafti kvenna:
Hvað kom út úr því?

82 Auðar-fyrirtæki:
Fylgifyiskar.

84 Félag kvenna:
Margrét Kristmannsdóttir
formaður.

86 Kynferði í viðskiptum:
Sigrún Davíðsdóttir.

89 Auglýsingatengt sérblað:
Konur kynna fyrirtæki
sem þær vinna hjá.

146 Kvikmyndir:
Syndaflóðið.

148 Úr einu í annað

152 Fólk



HVERS VEGNA KVENNABLAÐ?

„Eru það nýbúar næst?“

ÞETTA BLAÐ FRJÁLSSRAR VERSLUNAR er helgað konum í viðskiptalífínu. Við erum jafnstolt af þessu tölublaði og öllum öðrum blöðum sem við gefum út. Við vinnslu þess hefur hins vegar komið berlega í ljós að ekki eru allir á eitt sáttir að Frjáls verslun gefi út sérstakt kvennablað. „Hvað er að ykkur, eru það nýbúar næst?“ var sagt við mig með vanþóknun meðan á vinnslu blaðsins stóð. En hvers vegna leggur Frjáls verslun eitt blað undir konur í viðskiptalífínu þegar blaðið hefur til langs tíma haldið sig við þá þjargföstu skoðun að líta á stjórnendur og leiðtoga sem manneskjur - sem einstaklinga - án kynferðis, kynþáttar og litarháttar; og að í störf stjórnenda séu ráðnir þeir einstaklingar sem hafa mestu hæfileikana? Svarið er að hvort sem sumum líkar það betur eða verr þá snýst atvinnulífið ekki bara um tölur og arðsemi heldur líka um tilfinningar, jafnrétti kynjanna, skoðanir, fólkíð á bak við fyrirtækin, mannámót, skemmtanir og vellíðan fólks í starfi. Umræðan um konur í hlutverki leiðtoga í viðskiptalífínu er vinsælt umræðuefni og partur af jafnréttisumræðunni.

Í **ÞESSU BLAÐI** Frjálsrar verslunar sýnum við fram á að margt hefur áunnist í baráttu jafnréttis innan atvinnulífsins frá því konur gengu út úr fyrirtækjum á kvennafrídeginum fyrir bráðum þrjátíu árum og þrómuðu af eldmóði niður á Lækjartorg. Við sýnum fram á að konur eru orðnar meira áberandi sem leiðtogar í viðskiptalífínu og stjórnendur stórra fyrirtækja en áður. Fyrir nokkrum árum spurði ég á litlum fundi hvort fundarmenn gætu talið upp nokkrar áberandi konur í viðskiptalífínu. Eitt svarið var svona: „Ja, er ekki Rannveig Rist eiginlega sú eina?“ Vonandi verður þetta tölublað til að kveða niður svona svör.

FYRIRMYNDIR SKIPTA MIKLU máli í jafnréttisumræðunni. Þess vegna þurfa konur í atvinnulífínu að vera sýnilegri - og þær verða að vilja stíga fram í kastljós fjölmiðlanna. Þegar ég tók við ritstjórn Frjálsrar verslunar fyrir rúmum þrettán árum var mun erfiðara að fá konur í atvinnulífínu í viðtöl. Þetta skiptir máli því það er mikil hvatning fyrir konur og ungar stúlkur, sem hafa áhuga á að stofna eigin fyrirtæki, að hafa fyrirmyndir í þeim konum sem náð hafa árangri í atvinnulífínu.

Í **ÞESSU TÖLUBLAÐI** Frjálsrar verslunar er viðtal við Sigríði Elínu Þórðardóttur, ráðgjafa hjá Bygðastofnun, en hún kom nýlega að athyglisverðri skýrslu um stöðu kvenna í atvinnurekstri í nokkrum löndum. Hún segir að konum finnist þær hafa verra aðgengi að fjármagni en karlar. „Varðandi aðgengi að fjármagni þá nefndu sumar kvennanna að þegar þær færu á fund fjármálastofnana fengu þær

spurningar á borð við: „Hver er maðurinn þinn?“ eða: „Er maðurinn þinn ekki með þér í þessu?“ Jafnframt kemur fram í viðtalinu við Sigríði Elínu að margar konur þjáist af samviskubiti í vinnunni vegna þess að þær hafa áhyggjur af heimilinu og börnunum. „En svo þegar þær eru heima að hugsa um heimilið og börnin fá þær samviskubit yfir að vera ekki í vinnunni.“

OFT VERÐUR UMRÆÐA í atvinnulífínu um það hvort konur eða karlar séu betri stjórnendur - eða hvort kynin beita mismunandi stjórnendataktík. Til margra ára hafa atvinnurekendur (karlar) sagt við mig að konur væru betri starfsmenn en karlar - en karlar væru

betri í stjórnunarstörfum en konur. Svona umræða er ágæt en lendir oft í blindgötum. Stóra málið er; að það er mjög einstaklingsbundið hvernig fólki gengur að gegna starfi stjórnenda. Engar tvær manneskjur eru eins! Það eru margir karlar sem hafa hvorki áhuga á að stjórna né að vera í forystu. Þeir hafa heldur engan sérstakan áhuga á að sýna eldmód og athafnasemi sem einkennir flesta stjórnendur. Það sama á við um konur.

NÚNA ERU 90 ÁR frá því að konur fengu kosningarétt á Íslandi. Það er ekki lengra síðan. Engum dettur lengur í hug að nefna kosningarétt kvenna sem tæki í jafnréttisbaráttu líðandi stundar - sá hinn sami væri álitinn galinn. Lykillinn að meiri áhrifum kvenna í atvinnulífínu er aukin menntun þeirra, en ekki síður áhugi þeirra á að hafa áhrif og stjórna. Vilji og eldmóður eru ekki eitt-hvað sem lært er í skólum. Viljinn kemur að innan. Núna eru mun fleiri konur en karlar í flestum deildum háskólanna og flestir gera ráð fyrir að það skili sér í fleiri kvenstjórnendum í atvinnulífínu þegar fram í sækir. Það er þó ekki sjálfgefið. Konur benda ætíð á að það þurfi ekki síst viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu.

RÓM VAR EKKI BYGGÐ á einum degi. Á ráðstefnu í Háskólanum í Reykjavík sl. vetur, þar sem ég flutti fyrirlestur um konur í viðskiptalífínu, hafði ég orð á því í pallborðsumræðum að mér fyndist gæta nokkurrar óþolinmæði í máli sumra þeirra kvenna sem þarna tóku til máls. Ég hnaut sérstaklega um eina setningu sem var einhvern veginn svona: „Við konur erum alltaf að tala um þessi mál, en það gerist bara ekkert.“ Þetta viðhorf kvenna er auðvitað sérlega óheppilegt. Jákvætt viðhorf skiptir öllu máli. Stórir sigrar hafa aldrei unnist með neikvæðni. Stóra viðhorfsbreytingin er auðvitað að hugsa þetta svona: „Það hefur margt áunnist!“

Það þarf ekki annað en halda áfram að lesa þetta tölublað Frjálsrar verslunar til að sjá árangurinn.

Jón G. Hauksson

Ég spurði hvort fundarmenn gætu talið upp nokkrar áberandi konur í viðskiptalífínu. Eitt svarið var svona: „Ja, er ekki Rannveig Rist eiginlega sú eina.“

CR-V

HONDA

The Power of Dreams

4x4xgolfkerra



Verðlaun

Þrívæðing í borgarjeppum í einum ári (þátturinn er sýntur)
Bestu kaupin í einum ári (þátturinn er sýntur)
Hæsta endurgættun í einum ári (þátturinn er sýntur)
Fyrsti borgarjeppinn er að hl. g. sýntur í hvers- og hálfárinnaupprás þess (þátturinn er sýntur)

→ Fullbúinn CR-V LS, verð aðeins
2.749.000 kr.
28.715 kr. mánuði*

Komdu í Bernhard Vætnagörðum
og kynntu þér bestu kaupin á borgarjeppa í dag. honda.is




Fjórðingsspá Honda CR-V er til þess að tryggja þér þægilega og örugga ferðir. Þú og allt skólur þínir eru á milli. Áætlanir, afbrot og ástæður, endurgættun og innviðar útan. ASE kemur óskum þínum um afhætur, stöðvæðing og hlífðingardur eru staðlað þetta. Þetta er tryggja þess og staðfestingunni á þess. CR-V kemur á 16 ára tíðni með sjö ári og endurgættun sem gerir þess hlífðingur þess í átt. Honda CR-V er gætt og dæmt um Honda ástæðunni og Honda þess á Honda-gættu velli.







List í Leonard

Málverkasýning með verkum eftir listakonuna Mæju var í versluninni Leonard í Kringlunni í júnímánuði. Fjöldmenni var við opnun sýningarinnar og spilaði Eyjólfur Kristjánsson léttu tónlist meðan gestir virtu fyrir sér málverkin. 



Erla Eyjólfsdóttir, starfsmaður Leonard, Ólafía M. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri ÓM heildverslunar, og Helga Daníelsdóttir, annar eigenda Leonard.



Hjónin Guðný Ósk Diðriksdóttir og Elvar Steinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi.



Eyjólfur Kristjánsson lék af fingrum fram.



Sumaropnun 11-22 alla daga

RESTAURANT

Jómfrúin

DANISH
OPEN SANDWICHES

Lækjargötu 4 sími: 55 10 100 fax: 55 100 35



Fundur - Móttökur - Veisluþjónusta



Mexíkófararnir, efri röð frá vinstri: Ásta R. Jóhannesdóttir alþingiskona, Svanhvít Aðalsteinsdóttir, Útflutningsráði Íslands, Jónína Bjartmarz alþingiskona, Kolbrún Björgólfsdóttir, Kogga keramik gall-erí, Hansína B. Einarsdóttir, Hótel Glymur, Kristín Karlsdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti. Miðröð frá vinstri: Hulda Kristinsdóttir, Gluggasmiðjan/Hulda Designs, Jakobína Sigurðardóttir, Nóra, Edda Sverrisdóttir, Flex, Guðrún Magnúsdóttir, Bergis ehf., Aðalheiður Karlsdóttir, Provida ehf. Neðsta röð frá vinstri: Óli Valur Steindórsson frá fyrirtækinu Atlantis og Vilhjálmur Guðmundsson frá Útflutningsráði.



Jónína Bjartmarz alþingiskona sat í alþjóðlegri undirbúnings- nefnd ráðstefnunnar.

Vaskur hópur í Mexíkó

Bessi skörulegi hópur kvenna í atvinnurekstri og stjórn- málum sótti ráðstefnuna Global Summit of Women í Mexíkóborg dagana 23. - 25. júní.

„Þetta var í fimmtánda skiptið sem ráðstefnan var haldin en til- gangur hennar og markmið er að efla konur og efla efnahagsleg völd kvenna. „Tæplega þúsund konur frá öllum heimshornum sóttu þessa ráðstefnu, bæði úr viðskiptalífni og stjórnsýslunni,“ segir Jónína Bjartmarz alþingis- kona en hún sat í alþjóðlegri undir- búningsstjórn ráðstefnunnar.

„Ég sótti fyrst ráðstefnuna árið 2001 en þá var verið að

kynna viðskiptamöguleika á Asíumarkaði. Við vorum þá afar fáar konurnar frá Evrópu á ráð- stefnunni og ég sú eina sem var frá Norðurlöndunum en flestar voru þær frá Asíu og Afríku. Ég áleit að ráðstefnan gæti leitt til viðskiptatækifæra fyrir íslenskar konur og sú hefur orðið raunin. Íslenskar sendinefndir hafa tví- vegis farið á ráðstefnuna, með dyggri aðstoð utanríkisráðu- neytisins og útflutningsráðs, til Spánar árið 2002 og til Kóreu í fyrra. Í ár fór fyrir nefndinni viðskipta- og iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir. Hún flutti erindi á ráðstefnunni og fundaði

með kvenráðherrum víðs vegar að úr heiminum, þar sem þær báru saman bækur sínar um stöðu kvenna í ólíkum heimshlutum.

Í hópnunum sem tók þátt í ráðstefnunni voru átta konur í Félagi kvenna í atvinnurekstri, fulltrúi frá útflutningsráði, auk mín og Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur þingkonu. Íslenska sendinefndin vakti nú eins og áður gífurlega athygli og góður undirbúningur skilaði sér þegar á ráðstefnuna var komið. Við höfðum undirbúið fjölda viðskiptafunda, sýningarbásinn okkar þótti glæsilegur sem og bæklingurinn um sendinefndina.

Þetta var því ekki síður góð landkynning fyrir Ísland.“

Í viðskiptasendinefndinni sem kannaði tækifæri og möguleika á frekari fjárfestingum íslenskra fyrirtækja í Mexíkó voru m.a. þeir Óli Valur Steindórsson frá fyrirtækinu Atlantis og Vilhjálmur Guðmundsson frá útflutningsráði. Valkyrjunum fannst ótækt annað en að þeir væru með á myndinni þrátt fyrir að þeir féllu, strangt til tekið, ekki inn í mengi kven- kynsins! 



Tónskáldin Póra Marteinsdóttir og Anna Þorvaldsdóttir. Þær verða staðartónskáld á sumartónleikum í Skálholtskirkju í sumar. Mynd: Geir Ólafsson.

Staðartónskáld í Skálholtskirkju

Þær eru tónskáld, heita Póra Marteinsdóttir og Anna Þorvaldsdóttir, og verða, ásamt þremur öðrum tónskáldum, staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholtskirkju í sumar. Staðartónskáld merkir að pantað hefur verið verk hjá viðkomandi sem frumflutt er á Sumartónleikum.

Þess má geta að þrjú af fimm tónskáldum sumarsins eru konur

en auk Þóru og Önnu verður Jórunn Viðar staðartónskáld. Hún var einmitt fyrsta konan sem varð félagi í Tónskáldafélagi Íslands og var reyndar sú eina í félaginu í tvo áratugi. Enn eru konur þar í miklum minnihluta en stöðugt færist þó í vöxt að konur leggi fagið fyrir sig.

Sumartónleikar í Skálholtskirkju eru elsta og stærsta sumartónleikahátíð

landsins. Hátíðin hefur verið haldin á hverju sumri frá árinu 1975. Áhersla er lögð á barokk og endurreisnartónlist annars vegar og samtímatónlist.

Sumartónleikarnir hefjast hinn 2. júlí og standa til 7. ágúst. Tónleikar eru haldnir laugardaga kl. 15 og 17 og sunnudaga kl. 15. Jafnframt er tónlistarflutningur í messum sem eru kl. 17 á sunnudögum. Fyrirlestrar tengdir

tónleikum hvernar helgi eru haldnir kl. 14 á laugardögum.

Þá verður í fyrsta sinn í sumar boðið uppá skapandi tónlistarnámskeið (tónlistarsmiðja unga fólksins) fyrir börn frá sex ára aldri á laugardögum frá kl. 14:55 þar til seinni tónleikum lýkur. [T](#)

Sjá nánar www.sumartoneikar.is



18 þúsund konur hlupu

Hátt í 18 þúsund konur á öllum aldri hlupu í kvenna- hlaupi ÍSÍ sem fram fór í sextánda sinn laugardaginn 11. júní sl. Hlaupið var á yfir 90 stöðum hérlendis og á 15 stöðum erlendis hlupu um 400 konur. Um 6 þúsund konur hlupu í Garðabænum og var elsti þátttakandinn þar Hulda Þorbjörnsdóttir, 95 ára, en sú elsta á landinu var Torfhildur Torfadóttir, 101 árs, sem tók þátt í hlaupinu á Ísafirði. Eitt þúsund konur hlupu í Mosfellsbæ og um 700 á Akureyri. [T](#)


Sprett úr spori í Garðabæ. Þar tóku 6 þúsund konur þátt í hlaupinu. Mynd: Geir Ólafsson.



Pórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, þegar fyrstu viðskiptin með bréf í Mosaic Fashions áttu sér stað í Kauphöllinni. Blaðamannafundurinn var haldinn í Karen Millen búðinni í Kringlunni. FV-myndir: Geir Ólafsson.

Mosaic Fashions skráð í Kauphöllina

Tískuvöruverslunin Mosaic Fashions hf. varð fyrsta breska félagið til að skrá bréf sín á Aðallista Kauphallar Íslands hinn 21. júní sl. Pórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, bauð félagið velkomið á markaðinn á blaðamannafundi og fylgdust gestir með því þegar fyrstu viðskiptin með bréf Mosaic áttu sér stað við opnun

markaðarins þennan dag. Útboðsgengi í tveimur hluta-fjárútböðum hér á landi fyrir skráninguna var 13,6. Í lok fyrsta dags í Kauphöllinni var gengi bréfa í Mosaic komið í 14,4 og hafði hækkað um 6,7%. Viðskipti með bréf í félaginu námu um 270 milljónum þennan fyrsta dag. Markaðsvirði fyrirtækisins er um 41 milljarður króna. 



Skráningu fagnað. Derek Lovelock, forstjóri Mosaic Fashions, og Pórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands.

Hámarkaðu nýtingu
rýmisins með skápum
frá **RÝMI** ehf.



Rými ehf. • Háteigsvegi 7 • 105 Reykjavík • Sími: 511 1100



Texas Scramble hjá ESSO

Núna er tími golfmótanna. Golfmót Esso fór nýlega fram á Grafarholtsvelli og var spilað fram yfir miðnætti á föstudagskvöldi. Fyrirkomulag mótsins var Texas Scramble og vakti það nokkra ánægju. Í þessu leikfyrirkomulagi spiluðu fjórir saman í liði og gildi besta högg liðsins hverju sinni. [FV](#)



Ingimundur Ingimundarson hjá HP-Granda, Knútur G. Hauksson, forstjóri Heklu, og Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa.



Menn að gera sig klára áður en haldið var út í kvöldið til að slá og koma, sjá og sigra.



Ragnar Guðmundsson, framkvæmdastjóri hjá Norðuráli, og Benedikt Eyjólfsson hjá Bílabúð Benna. Myndir: Geir Ólafsson.

Athygli í nýtt húsnæði

Athygli ehf. hefur flutt starfsemi sína í nýinnréttað húsnæði að Síðumúla 1 í Reykjavík en þar starfa 10 starfsmenn að ráðgjöf í almannatengslum og útgáfu. Að auki er fyrirtækið með starfsstöð að Hafnarstræti 82 á Akureyri en þar eru tveir starfsmenn. Athygli fagnar einnig 16 ára starfsafmæli um þessar mundir. Aðaleigendur Athygli ehf. eru þeir Valþór Hliðversson framkvæmdastjóri og Atli Rúnar Halldórsson ráðgjafi. [FV](#)



Sigurður Jónsson frá Viðskiptablaðinu, Stefán Hjaltalín frá Gutenberg og Guðmundur Þorsteinnsson prentsmiður.



Kári Jónasson, ritstjóri Fréttablaðsins, og Gunnar E. Kvaran, ráðgjafi hjá Athygli.




Og Vodafone hljómsveitin hélt uppi fjöri í kringum verðlaunaafhendingu. Ljósmyndari Halldór Kolbeins

Eiríkur S. Jóhannsson, forstjóri Og Vodafone, klæðir Sigtrygg Hilmarsson, Vistor, í Rauða jakkann.

Sigtryggur fékk Rauða jakkann

Og Vodafone hélt árlegt golfmót fyrir viðskiptavini fyrirtækisins á Grafarholtsvelli snemma í júní þar sem keppt var um Rauða jakkann. Í kringum 80 manns frá fjölmörgum fyrirtækjum tóku þátt og voru þeir sem náðu bestum árangri leystir út með glæsilegum gjöfum.

Viggó H. Viggósson, Tölvudreifingu, var með besta skorið á 79 höggum. Sigtryggur Hilmarsson, Vistor, varð hins vegar í fyrsta sæti á 41 punkti. Hann hlaut að launum Rauða jakkann, Nokia 9500 og 30 þúsund króna gjafabréf frá 66° Norður. Ingi Þór Hermannsson, Esso, varð í öðru sæti á 39 punktum. Í þriðja sæti hafnaði Kristján Daníelsson, Hótel Sögu, einnig á 39 punktum. 



Verðlaunahafar ásamt Eiríki S. Jóhannssyni, forstjóra Og Vodafone.



Hallur Magnússon: „Við teljum okkur vera komna með mjög góða þjónustu fyrir íbúðakaupendur, þjónustu sem er einföld, þægileg, örugg og án pappírflóðs sem einkenndi lánin áður fyrr.“

Íbúðalán.is

Einfalt, öruggt og þægilegt

Texti: Hilmar Karlsson
Myndir: Geir Ólafsson

Íbúðalán.is er þægileg netsíða þar sem unnt er vinna rafrænt greiðslumat og sækja um allt að 26 milljónir króna íbúðalán á rafrænan, einfaldan hátt. Íbúðalán.is var sett í loftið í desembermánuði sem samstarfsverkefni Íbúðalánasjóðs, sparisjóðanna og Félags fasteignasala. Þetta er góður kostur fyrir íbúðakaupendur, sem geta nú gengið frá lánsúmsókn sinni heima í stofu eða á fasteignasölunni kjósi menn það. Vefurinn hefur nú verið uppfærður þannig að greiðslumatið og rafræna úmsóknarferlið er enn betra en áður. Nýjungarnar voru kynntar 16. júní í kynningarhófi á Grand hóteli þar sem voru fasteignasalar og aðrir gestir. Hallur Magnússon, sviðsstjóri þróunarsviðs hjá Íbúðalánasjóði, er einn þeirra sem hefur haft veg og vanda að tilurð netsíðunnar.

„Eftir að við fórum af stað með Íbúðalán.is hefur netsíðan verið í stöðugri þróun og endurnýjun. Hún er unnin í samstarfi við sparisjóðina og Félag fasteignasala og takmarkið er að tryggja greiðan aðgang að öllu sem tengist íbúðalánunum. Óhætt er að segja að ef sótt er um íbúðalán á netsíðunni er það einfaldara og þægilegra en nokkurn tíma hefur þekkt.“

Hallur segir mikla vinnu liggja á bak við Íbúðalán.is. „Við hjá Íbúðalánasjóði heimsóttum tugi fasteignasala og ræddum samskiptin, hvort eitthvað mætti betur fara og fengum við dýrmætar upplýsingar í þessum ferðum okkar. Við fórum síðan að vinna úr þessum upplýsingum í samvinnu við sparisjóðina og niðurstaðan er til dæmis að greiðslumatið og lánsúmsóknirnar eru enn einfaldari og um leið er auðveldara að fylla þær út. Segja má að þegar á heildina er litið þá sé Íbúðalán.is með sínum reiknivélum einfalt vinnutæki fyrir þá sem eru að taka lán og einnig þá sem eru að huga að breytingum.“

Pappírflóðið hverfur

Þeir sem nota Íbúðalán.is geta á fljóttan og skilmerkilegan hátt fengið lán á skömmum tíma. Þegar búið er að fylla út greiðslumatið fæ

ÓHÆTT ER AÐ SEGJA AÐ EF
SÓTT ER UM ÍBÚÐALÁN Á NET-
SÍÐUNNI ER ÞAÐ EINFALDARA OG
ÞÆGILEGRA EN NOKKURN TÍMA
HEFUR ÞEKKT.

umsækjandinn strax staðfestingu um láns-
hæfi og í framhaldi gengur ferlið mjög fljótt
fyrir sig. Ekkert pappírflóð fylgir úmsókn
á Íbúðalán.is enda geta fasteignasalar nú
sent kauptilboð til sjóðsins á rafrænan hátt.
„Við lofum að ef öll gögn eru í lagi verður
afgreiðslutíminn aldrei meiri en fjórir dagar,
þannig að við teljum okkur vera komna með
mjög góða þjónustu fyrir íbúðakaupendur,
þjónustu sem er einföld, þægileg, örugg og
án pappírflóðs sem einkenndi lánin áður
fyr.“

Sparisjóðirnir koma inn í lántökuna þegar
hámarki okkar er náð sem er 15,9 milljónir króna og getur þá lánið
numið allt að 26 milljónum króna. Þar sem við erum í samvinnu við
alla sparisjóðina þá getur umsækjandinn ráðið því hvar hann vill að
lánið sé afgreitt. Hann getur fengið lánið hjá okkur eða í sparisjóðum
úti um allt land.“

Engin aukagjöld

Hallur getur þess að lánin hjá Íbúðalánasjóði séu mjög sveigjanleg á
lánsstímanum og komi upp einhver vandmál hjá lántakanda þá þjóði
sjóðurinn upp á öflug úrræði vegna greiðsluferfiðleika, eins og fryst-
ingu lána í allt að 3 ár.

„Við erum ekki hætt að endurbæta rafvæðingu lána á vegum
Íbúðalánasjóðs þó að Íbúðalán.is sé í dag mjög fullkomin netsíða og
góður kostur þeirra sem ætla að sækja um íbúðalán,“ segir Hallur.
„Við munum halda áfram að einfalda hlutina og þjóna viðskipta-
vinum okkar á öruggan og farsælan hátt eins og við höfum gert
hingað til.“



Íbúðalánasjóður

Borgartúni 21.

Sími: 5696900. Fax: 5696800

Netsíður: www.ils.is og www.ibudalan.is



Magnús Gústafsson hættir eftir 21 ár í brúnni vestanhafs.

2. júní

MAGNÚS GÚSTAFSSON HÆTTIR VESTANHAFS

Hinn kunningi forstjóri hjá SH í Bandaríkjunum, Magnús Gústafsson, hefur látið af störfum sem forstjóri Icelandic USA og tekur Ævar Agnarsson við starfi hans. Magnús varð forstjóri Coldwater, dótturfyrirtækis SH, árið 1984 og hefur því haldið um stjórnartaumana vestanhafs í 21 ár. Hann réðst á sínum tíma til SH frá Hampiðjunni. Hinn 1. júlí nk. tekur við nýtt skipurit hjá Icelandic USA og er unnið að sameiningu Icelandic USA og Samband of Iceland. Ævar Agnarsson er 46 ára gamall og hefur verið framkvæmdastjóri Samband of Iceland frá því 1. febrúar sl. Í síðasta mánuði hætti Gunnar Svavarsson sem forstjóri Icelandic Group á Íslandi (áður SH). Gunnar er, eins og Magnús, gamall Hampiðjumaður.

3. júní

SPENNA YFIR VERÐBÓLGUSPÁ SEÐLABANKANS

Nokkur spenna skapaðist vegna verðbólguþáttinnar sem Seðlabankinn birti föstudaginn 3. júní og skaut Greining Íslandsbanka nettu skoti á bankann og sagði spána á óraunhæfum forsendum. Seðlabankinn sagðist í spá sinni telja að verðbólguhorfur hefðu versnað þrátt fyrir tímabundna verðbólguhjöðnun. Útlit væri fyrir meiri framleiðsluspennu og einkaneyslu. Spáði bankinn því að verðbólga mældist 3,0% yfir árið og 3,6% yfir næsta ár.



Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri. Spá bankans olli nokkurri spennu.

6. júní

FLYKKIST DANSKURINN VESTUR UM HAF?

Það er ekkert lát á umfjöllun danskra fjölmiðla um Sterling eftir að íslenskir kaupsýslumenn keyptu félagið. Sterling ætlar að bjóða ferðir til austurstrandar Bandaríkjanna á 1.000 til 1.500 bandarískar krónur miðann, eða á bilinu 11 til 16 þúsund krónur. Núna telja danskir ferðafrömuðir að Danir muni stökkva vestur og að yfir 100 þúsund Danir fari á hverju ári til Bandaríkjanna innan tveggja ára.



Eiríkur S. Jóhannsson, stjórnarformaður Samherja.

7. júní

EIRÍKUR FORMAÐUR SAMHERJA

Eiríkur S. Jóhannsson, forstjóri Og Vodafone, hefur verið kjörinn stjórnarformaður Samherja. Finnþogi Jónsson, sem verið hefur starfandi stjórnarformaður frá árinu 2000, gaf ekki kost á sér í stjórn. Sem kunnugt er ætla stærstu eigendur Samherja að yfirtaka félagið og taka það út af markaði. Hluthafafundur verður haldinn í september þar sem lagt verður til að fækkað verði í stjórn félagsins úr 5 í 3 menn.

7. júní

EIMSKIP KAUPIR TVÖ FRYSTISKIP

Bleikið var varla þornað á samningnum um kaup Avion Group á Eimskip þegar félagið sagði frá því að það hefði samið um smíði tveggja frystiskipa fyrir samtals 2,6 milljarða kr. með möguleika á smíði fjögurra skipa

til viðbótar. Eimskip ætlar sér að verða leiðandi flutningafyrirtæki á sviði frysti- og kæliflutninga á Norður-Atlantshafi.



Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips.

8. júní

STJÓRNENDUR ACTAVIS FÁ KAUPRÉTT

Það er mikill eftirspurn eftir bréfum í Actavis um þessar mundir. Þennan dag var hins vegar tilkynnt að stjórn Actavis Group hefði ákveðið að gefa lykilstjórnendum kost á hlutafé í félaginu á grundvelli kaupréttar-áætlunar þess. Sagt var frá því að lykilstjórnendurnir gætu nýtt sér réttinn á genginu 38,5, en bréf Actavis hafa að undanförmu verið í kringum 40,4.



Róbert Wessmann, forstjóri Actavis Group.

7. júní

KARL WERNERSSON HEFUR TÖGL OG HAGLDIR

Karl Wernersson og systkini hans hafa tögl og hagldir í Íslandsbanka þrátt fyrir að Burðarás hafi keypti 4,11% hlut Steinunnar Jónsdóttur fyrir um 7,4 milljarða króna í byrjun júní. Nokkrum dögum áður hafði Jón Helgi selt helming síns hlutar, eða 1,78%, til Bjarna Ármannssonar, forstjóra Íslandsbanka, Einars Sveinssonar, formanns bankastjórnar Íslandsbanka, og nokkurra framkvæmdastjóra bankans. Það var svo í síðustu viku sem Jón Helgi seldi Karli Wernerssyni afganginn af bréfum sínum í Íslandsbanka og þar með var ljóst að Karl væri að styrkja stöðu sína enn frekar innan bankans.

Átökin um yfirráð yfir Íslandsbanka hafa snúist um þrjá kosti: Sá fyrsti; að núverandi meirihluti stýri bankanum áfram. Annar; að Straumur nái meirihluta með Karli Wernerssyni og systkinum og sameini Straum og Íslandsbanka. Sá þriðji; að Karl Wernersson og systkini, Jón Ásgeir Jóhannesson og Hannes Smárason stofni eignarhaldsfélag og kaupi hlut Straums í Íslandsbanka



Hvað gerir Karl Wernersson? Hann hefur stjórn bankans í hendi sér.



Steinunn Jónsdóttir á hluthafafundi Íslandsbanka sl. haust með stjórnarmönnum Róberti Melax (til vinstri), Karli Wernerssyni og Einari Sveinssyni - sem og Bjarna Ármannssyni bankastjóra.

og nái þar með yfirráðum yfir bankanum. Það var einmitt leiðin sem Karl kynnti fyrir samherjum sínum í bankaráði Íslandsbanka í byrjun júní og varð til þess að þau feðgin Jón Helgi Guðmundsson og Steinunn Jónsdóttir seldu hluti sína í bankanum. Steinunn er fyrrverandi eiginkona Hannesar Smárasonar.

Langflestir veðja á að Karl Wernersson haldi sínu striki og stofni eignarhaldsfélagið með þeim Jóni Ásgeiri og Hannesi - og setji 67% hlut sinn í Sjóvá-Almennum inn í það félag, og verði með meirihluta í því, 51%.

Það er athyglisvert að flestir eru núna efns um að þetta eignarhaldsfélag kaupi hlut Straums, vegna þess að annars væri búið að því. Þetta var allt saman klappað og klárt í



Jón Ásgeir Jóhannesson og Hannes Smárason. Flestir veðja á að Karl Wernersson haldi sínu striki með þeim og stofni hið margumtalaða eignarhaldsfélag sem verði kjölfestufjórðingurinn í Íslandsbanka.

byrjun júní þegar málið var kynnt. Karl, Jón Ásgeir og Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Straums, voru búnir að ná samkomulagi um sölu Straums á hlutum í Íslandsbanka. Haft er hins vegar fyrir víst að andstaða hafi verið sölna innan hluthafahóps Straums, þ.e. af hálfu Burðaráss og Landsbankans. Því fór sem fór og breytti sala Steinunnar á hlut sínum í Íslandsbanka til Burðaráss þar engu um, eins og fullyrt var í sumum fjölmiðlum.

En er þá núverandi meirihluti í Íslandsbanka að falla? Það er

nú það. Það þyrfti ekki að vera - og alls ekki ef ekkert verður úr kaupum hins umrædda eignarhaldsfélags á bréfum Straums. Þetta veltur allt á því hversu stóran hlut eignarhaldsfélag Karls, Jóns Ásgeirs og Hannesar eignast í Íslandsbanka - og hvort það þurfi á einhverjum öðrum að halda til að mynda meirihlutann.

Meirihlutinn er fallinn ef eignarhaldsfélagið færi í að kaupa hlut Straums. Hann héldi hins vegar velli, að vísu nokkuð breyttur, ákveði Karl að vinna áfram með því bandalagi sem hann hefur verið í að undanfögnu í Íslandsbanka, þ.e. Einari Sveinssyni og Jóni Snorrassyni. Hið skondna væri að tveir nýir menn, Jón Ásgeir Jóhannesson og Hannes Smárason, teldust þá til þess breytta meirihluta.

Hvernig sem þetta fer allt saman er eitt ljóst; Karl Wernersson og systkini hafa tögl og hagldir í Íslandsbanka. Flóknara er það nú ekki.

8. júní

GOOGLE STÆRSTA FJÖLMIÐLAFYRIR-TÆKI HEIMS

Morgunblaðið sagði frá því þennan dag að netleitin Google væri orðin stærsta fjölmiðla-fyrirtæki heims ef miðað væri við markaðsvirði. Gengi hlutabréfa Google hefur hækkað nánast stöðugt frá því þau voru sett á markað á síðasta ári. Núna er markaðsvirði fyrirtækisins 80 milljarðar dala, jafnvirði rúmlega 5.100 milljarða króna, í kauphöllinni í New York. Markaðsvirði Time-Warner fjölmiðlasamsteypunnar, sem til þessa hefur verið stærst, er hins vegar 76 milljarðar dala.

Það athyglisverða við þessa þróun hlutabréfanna er að sölu-tekjur Google voru aðeins 3,2 milljarðar dala á síðasta ári en sölu-tekjur Time-Warner námu 42 milljörðum dala.



9. júní

ORÐRÓMUR UM YFIRTÖKU FL GROUP

Allt frá því að FL Group eignaðist um 10% hlut í breska laggjaldaflugfélaginu EasyJet fyrir nokkrum mánuðum hefur stöðugur orðrómur verið um að FL Group ætlaði sér að yfirtaka félagið. Þessi orðrómur hefur leitt til þess að gengi bréfa í EasyJet hefur verið sterkt - og hækkaði einmitt um 4,6% hinn 9. júní.



Íslendingar eru í hópi skuldsettustu þjóða heims.

9. júní

ERLENDAR SKULDIR 2 ÞÚS. MILLJARÐAR

Í Morgunkorni Greiningar Íslands-banka þennan dag kom fram að erlendar skuldir Íslensku þjóðarinnar næmu hvorki meira né minna en 1.976 milljörðum króna (2 billjónir) í lok mars síðastliðins og höfðu þá aukist um 166 milljarða króna frá áramótum og tvöfaldast frá því í lok árs 2002 eða á tveimur árum. Ísland er þannig í hópi skuldsettustu þróaðra ríkja heims og hefur verið um nokkurt skeið. Eignir Íslendinga erlendis námu hins vegar 1.172 milljörðum króna í lok mars síðastliðnum og höfðu þá aukist um 760 milljarða króna og nær þrefaldast á tveimur árum. Það er þetta með debet og kredit, eignir og skuldir.

9. júní

„ORÐBRAGÐ FRÚ VALGERÐAR“

Það vakti mikla athygli í fréttum Stöðvar 2 þennan dag hvað Björgólfur Guðmundsson fór út í mikla stórskotaárás á Valgerði Sverrisdóttur viðskiptaráðherra eftir að hún lét þau orð falla á morgunvakt RÚV að „Björgólfsfeðgar gíni yfir öllu kviku á



Valgerður Sverrisdóttir.

markaði og að full ástæða væri til að staldra við.“

Björgólfur sakaði Valgerði um að hafa farið „öfugum megin fram úr“ og að „orðbragð frú Valgerðar lýsti framsóknamönnum best“.

10. júní

9-FÖLD UMFRAM-EFTIRSPURN Í BRÉF MOSAIC FASHIONS

Það var fjórföld umframeftirspurn fagfjáfesta í bréf Mosaic Fashions í hlutabréfaútboði félagsins. En þegar almennir fjárfestar fengu að bjóða nokkrum dögum síðar var 8,7 föld umframeftirspurn. Segi menn svo að ekki hafi verið áhugi á þessari bresku tfskukeðju.

Alls óskuðu 2.391 fjárfestar á Íslandi eftir að kaupa hluti fyrir samtals 10,7 milljarða króna að söluvirði en í boði voru hins vegar nýir hlutir að söluvirði 1.200 milljónir króna. Fjárfestar fengu því talsvert minna hlutafé en þeir skráðu sig fyrir.



Björgólfur Guðmundsson. „Frú Valgerður fór öfugum megin fram úr“.

11. júní

KAUPIN Á STERLING SKÓLABÓKARDÆMI

Hún var skemmtileg fréttin í Morgunblaðinu um að kaup þeirra Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar á flugfélaginu Sterling sé orðið að sérstöku rannsóknarverkefni við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn.

Tveir íslenskir stúdentar við skólann, Bergur Þ. Gunnþórsson og Guðrún Björg Brynjólfssdóttir, vinna að verkefninu. Þau segjast hafa valið þetta verkefni því þau telji að í fæðingu sé stórveldi á flugmarkaði.

13. júní

OG FJARSKIPTI GAGNRÝNA KAUPHÖLLINA

Og fjarskipti sendu frá sér tilkynningu þennan dag þar sem þau gagnrýndu vinnubrögð Kauphallarinnar og sögðu þau ekki hafa verið fullnægjandi í máli sem snerist um birtingu úrvalsvísitölu

Kauphallarinnar. Áður hafði Kauphöllin tekið Og fjarskipti út úr Úrvalsvísitölunni vegna þess að félagið hefði ekki birt a.m.k. 90% tilkynninga sinna á ensku tímabilið janúar til maí 2005.

„Samkvæmt útreikningum Og fjarskipta voru um 86% tilkynninga félagsins á ensku umrætt tímabil. Og fjarskipti telja vinnubrögð Kauphallarinnar í málinu ekki vera fullnægjandi enda hafði félagið ekki fengið formlega tilkynningu þess efnis að framangreind 90% regla væri forsenda þess að félagið hlyti sæti í úrvalsvísitölunni,“ segir í tilkynningunni.

16. júní

GUNNAR B. DUNGAL SELUR PENNANN

Tilkynnt var þennan dag að Gunnar B. Dungal, eigandi Pennans, hefði gengið frá sölu Pennans til hóps fjárfesta undir forystu Kristins Vilbergssonar. Kristinn tók sama dag við starfi forstjóra Pennans, en Gunnar verður honum til ráðgjafar fyrst um sinn. Í frétt frá Pennanum sagði að Penninn hefði verið stofnaður árið 1932 og að innan vébanda félagsins væri að finna margar rötgrónustu verlanir landsins, eins og Bókabúð Máls og menningar og Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar sem stofnuð var 1872. Verlanir Pennans eru tólf talsins.



Gunnar B. Dungal hefur selt Pennann.

20. júní

MOGGINN OG FRÚ VALGERÐUR

Það hefur gengið nokkuð á í samskiptum Morgunblaðsins og Valgerðar Sverrisdóttur viðskiptaráðherra að undanförmu. Ástæðan er sú að hún skipti sér ekki af þeirri niðurstöðu Samkeppnisráðs að samþykkja kaup FL Group á Bláfugli og Flugflutningum. Þessi ákvörðun Samkeppnisráðs tryggir FL Group um 80 til 85% markaðarins í flutningum á frakt í lofti milli Íslands og annarra landa og jafnvel 90% að sumra mati.

Morgunblaðið hefur verið mjög ósátt við þessa afgreiðslu Samkeppnisráðs og skammað ráðherrann fyrir

að grípa ekki í taumana. Valgerður hefur sagt á móti að með því væri hún að draga úr sjálfstæði Samkeppnisstofnunar. Hvaða sjálfstæði? fékk hún framan í sig til baka.

Afgreiðsla Samkeppnisráðs var skilyrt þannig að stjórnarmenn og starfsmenn Flugleiða-Fraktar og Icelandair mega ekki sitja í stjórn Bláfugls og öflugt og fyrirtækin mega ekki starfa saman að markaðsmálum. Jafnframt að verð og viðskiptakjör verði gegnsæ. Þetta finnst að vísu mörgum nokkuð léttvæg skilyrði, m.a. ritstjóra Morgunblaðsins.



Valgerður Sverrisdóttir hefur fengið það óþvegið frá Morgunblaðinu vegna afgreiðslu Samkeppnisráðs.



Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins.



Rakel Olsen, forstjóri Sigurðar Ágústssonar. Stendur í stórræðum í Danmörku.

14. júní

SIGURÐUR ÁGÚSTS-SON KAUPIR HEVICO

Kaup Maran Seafood, dóttur-félags Sigurðar Ágústssonar í Danmörku, á danska fyrirtækinu Hevico hafa vakið mikla athygli í Danmörku og hefur verið rætt um „Innrás Íslendinga í Danmörku“ í því sambandi. Stefnt er að sameiningu fyrirtækjanna á næstunni. Áætluð velta samstæðunnar mun verða um 3,5 milljarðar ísl. kr. á ári. Hevico sérhæfir sig í framleiðslu á heitreyktum silungi og er stærst á sínu sviði í Evrópu.

20. júní

MAGNÚS KAUPIR BRESKAR FERÐASKRIFSTOFUR

Það er skammt stórra högga á milli hjá Magnúsi Þorsteinssyni, aðaleiganda Avion Group. Nýbúinn að kaupa Eimskip festi Avion Group kaup á The Really Great



Magnús Þorsteinsson bætti breskum ferðaskrifstofum í safnið á dögunum.

Holiday Company (RGH) sem á og rekur þrjár ferðaskrifstofur; Travel City Direct, Transatlantic Vacations og Carshop. Í frétt frá Avion Group sagði að eftir kaupin yrðu RGH og systurfélag þess, Excel Airways, til samans áttunda stærsta félagið á Bretlandseyjum í afþreyingarferðum. Heildarvelta RGH á síðasta ári var um 14 milljarðar íslenskra króna.

21. júní

HVÍTA HÚSIÐ INN Í BRESKA AUGLÝSINGASTOFU

Auglýsingastofan Hvíta húsið er komin í útrás. Hún hefur fest kaup á tíu prósentu hlut í bresku auglýsingastofunni Loewy. Hluturinn kostaði um 120 milljónir króna og fær Hvíta húsið fulltrúa í stjórn Loewy.

21. júní

FEDGARNIR SELJA Í FL GROUP

Eyrir, fjárfestingarfélag sem er m.a. í eigu feðganna Þórðar Magnússonar og Árna Odds Þórðarsonar, stjórnarmanns í FL Group, hefur selt 76,1 milljón hluti sem félagið átti í FL Group. Gengi bréfanna í viðskiptunum var 15,8 sem þýðir að söluverðið var um 1,2 milljarðar króna. Eftir þessi viðskipti á Eyrir ekki lengur hlut í FL Group og velta menn því fyrir sér hvort Árni Oddur hverfi ekki úr stjórn félagsins á næstunni.



24. júní

HRÆRINGAR Í KRINGUM SPH

Það hafa verið hræringar í kringum Sparisjóð Hafnarfjarðar, SPH, að undanförmu og er ljóst að öflugir fjárfestar hafa áhuga á sparisjóðnum. Af þessu tilefni sendi stjórn sparisjóðsins frá sér yfirlýsingu þar sem sagði að stjórn SPH teldi það af hinu góða ef öflugir fjárfestar hefðu áhuga á sparisjóðnum og væru reiðubúnir til að fjárfesta í stofnfé hans. Það sé vilji þeirra manna sem tóku við stjórn SPH hinn 20. apríl sl. að fjölga stofnfjáraðilum, en til þess þurfi hins vegar stuðning 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi og þann styrk hafi stjórnin ekki í stofnfjáraðilahópnum. [T](#)



Feðgarnir Þórður Magnússon og Árni Oddur Þórðarson hafa selt hlut sinn í FL Group.



IBM **@server** BladeCenter heldur heiminum gangandi

Sveigjanleiki og lágur rekstrarkostnaður í fyrirtúmi

60 þúsund „Íbúar“ sem treysta á öryggi

Í EVE-heiminum „Íbúar“ tæplega sextíu þúsund manns og treysta þeir á að IBM BladeCenter og IBM xSeries netþjónar haldi heiminum gangandi.

Einfalt að byggja upp tölvukerfi – Lægrí stofnkostnaður

Með því að treysta á IBM BladeCenter og IBM xSeries netþjóna hefur ráðamönnum EVE-Online verið gert auðveldara að byggja upp miðlægt tölvukerfi á sem hagkvæmasta hátt. Þannig hefur ráðamönnum verið gert kleift að bæta við „blöðum“ í BladeCenter eftir þörfum – On Demand – og því hefur tölvukerfið vaxið í samræmi við íbúafjölda EVE-heimsins.

45% markaðshlutdeild í Blade netþjónum

IBM var með 45% markaðshlutdeild í Blade netþjónum fyrir árið 2004*. Ástæðan eru yfirburðir IBM Blade netþjóna hvað varðar þróun, hönnun og tækni sem gerir fyrirtækjum auðvelt fyrir að bæta við tölvulausnum eftir þörfum, lækka rekstrarkostnað tölvukerfa um allt að 70%** og gera þau sveigjanlegri.

Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem veita þér faglega ráðgjöf við val á rétta netþjónum sem aðstoðar fyrirtæki þitt að ná hámarks árangri.

Síminn er 569 7700 og netfangið er ver@nyherji.is



*Helmið: IDC, febrúar 2006

**Helmið: Business Week, 22. mars 2004



Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

70 ÁHRIFA MESTU Í ATVINNULÍFINU

TEXTI: JÓN G. HAUSSON


MYNDIR: GEIR ÓLAFSSON

Ekkí veit ég hvernig talan sjötíu kom upp í fyrra þegar við völdum áhrifamestu konur viðskiptalífsins. Eitt ár er ekki löng hefð, en ég ætla að halda mig við þessa tölu. Það kom skemmtilega á óvart hvað það var um auðugan garð að gresja við að velja konur á þennan lista. Margar voru kallaðar. Margar þeirra voru einnig á listanum í fyrra, en það koma þónokkrar nýjar inn á hann.

Það er hægt að þrasa um það fram og aftur hvað séu völd og áhrif - og hver sé munurinn á þessu tvennu. Það fer þó ekki á milli mála í kapítalísku þjóðfélagi að fjármagni fylgja völd. Það að sitja í stjórn fyrirtækis eða stýra því frá degi til dags er gert í skjóli fjármagns. Þegar ég tók viðtal við Davíð Oddsson, fyrir bráðum tíu árum, sagðist hann hafa haft mikil bein völd sem borgarstjóri en

sem forsætisráðherra hefði hann frekar óbeint vald þar sem völdin væru í höndum hvers ráðherra fyrir sig. Margir hafa líka völd og áhrif án þess að vilja beita þeim. Er það að hafa áhrif?

Listinn um áhrifamestu konurnar er ekki númeraður. Þó var ákveðið að velja þær tíu áhrifamestu, svona til að listinn yrði beittari. Við gerum enga tilraun til að raða í sætin eftir áhrifamætti frá eitt til tíu, eða frá ellefu til sjötíu.

Tilfinningar skipta máli þegar valið er á svona lista. Vegna þess að það er ekki til nein sérstök mælistíka yfir áhrif og völd. Við valið á listann vó þungst: Forysta, athafnasemi, eldmóður, stærð fyrirtækja, að vera talsmaður fyrirtækisins - og síðast en ekki síst; viljinn til að hafa áhrif og beita sér. Það var einnig skilyrði að konurnar störfuðu hjá einkafyrirtækjum eða samtökum. 

10 ÁHRIFA MESTU

(Raðað af handahófi)

HVERS VEGNA ÞÆR?

Kristín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri fjárstýringar Kaupþings banka, er áhrifakona innan bankans og einn nánasti samstarfsmaður Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns bankans. Fjárstýringin hefur með fjármögnun bankans að gera – banka sem er orðinn 8. stærsti banki á Norðurlöndum og ætlar sér að stækka frekar.

Katrín Pétursdóttir, forstjóri og aðaleigandi Lýsis, er löngu þekkt fyrir eldmóð sinn. Hún var útnefnd kona ársins 2005 hjá Félagi kvenna í atvinnurekstri.

Rannveig Rist, forstjóri Alcan, er líklega þekktasta kona atvinnulífsins. Hún hefur áhrif sem forstjóri Alcan og sem stjórnarformaður Símans.

Ingibjörg Pálmadóttir, fjárfestir og eigandi Hótelis 101, hefur fjárfest mikið með Baugi Group í Bretlandi. Hún situr m.a. í stjórn Baugs og Fjárfestingafélagsins Stoða.

Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums, fjárfestingafélags Bónusfjölskyldunnar, situr í stjórn Burðaráss, Baugs og Fjárfestingafélagsins Stoða.

Guðbjörg Matthíasdóttir, er aðaleigandi Ísfélags Vestmannaeyja og situr þar í stjórn ásamt því að sitja í stjórn Landsbankans og vera varaformaður stjórnar TM.

Steinunn Jónsdóttir er atkvæðamikill fjárfestir, eins og fram hefur komið með fjárfestingar hennar í Íslandsbanka. Hún situr í stjórn bankans og Norvikur, eignarhaldsfélags Byko-fjölskyldunnar.

Ásdís Halla Bragadóttir, nýráðinn forstjóri Byko, fer beint inn á listann þótt hún sé þekktust fyrir að hafa gegnt starfi bæjarstjóra í Garðabæ. Hún hefur mikinn vilja til að beita sér og hafa áhrif.

Svava Johansen, kaupmaður í Sautján, hefur mikil áhrif sem öflugur kaupmaður á sviði tískufatnaðar - og hefur þannig áhrif á strauma og stefnur í tískugeiranum.

Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri FL Group, hefur skotist upp á stjörnuhimininn. Hún hefur sýnt eindreginn vilja til að láta til sín taka við vöxt og sýn fyrirtækisins.



TEXTI: **SVAVA JÓNSDÓTTIR**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

**Kosin kona
ársins 2005 hjá
Félagi kvenna í
atvinnurekstri**



Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis. „Helstu markaðir, sem eru í vexti, eru Asía, Bandaríkin og Austur-Evrópa.“

KATRÍN PÉTURSDÓTTIR

FRAMKVÆMDASTJÓRI LÝSIS

Lýsi hf., sem var stofnað árið 1938, hefur sérhæft sig í framleiðslu og sölu á þorskalýsi ásamt öðrum fiskolímum. Stærstur hluti framleiðslunnar er fluttur úr landi eða 90%.

„Hjá Lýsi hf hefur ávallt verið lögð rík áhersla á vörubrúun og gæðamál og var fyrirtækið hið fyrsta á Íslandi til að fá vottun á ISO 9002 gæðakerfi. Í dag er stuðst við ISO 9001 gæðakerfi og GMP gæðakerfi fyrir lyfjaframleiðslu.“

Katrín segir að sóknarfæri fyrirtækisins séu mikil í dag í ljósi mikillar og jákvæðrar umfjöllunar um ágæti lýsis undanfarin ár. „Helstu markaðir, sem eru í vexti, eru Asía, Bandaríkin og Austur-Evrópa.“

Katrín er iðnrekstrarfræðingur og stundaði nám við Tækniskóla Íslands. Hún hefur komið að rekstri ýmissa fyrirtækja og situr í stjórnnum nokkurra fyrirtækja og samtaka s.s. Verslunarráði Íslands, Útflutningsráði og í stjórn Félags kvenna í atvinnurekstri.

„Helstu áherslur í starfi mínu eru að marka stefnu þess á hverjum

tíma og fá þann góða hóp fólks sem starfar við fyrirtækið til að framfylgja stefnunni og ná settum markmiðum.“

Katrín var kosin kona ársins 2005 hjá Félagi kvenna í atvinnurekstri. „Það er alltaf ánægjulegt að fá viðurkenningu fyrir verk sín. Hins vegar hefur þetta þýtt ákaflega jákvæða umfjöllun um Lýsi hf. á góðum tíma. Án efa hefur viðurkenningin aukið jákvæða ímynd Lýsis hf. sem þó hefur alla tíð verið mjög góð.“

Um stöðuna í íslensku viðskiptalífi segir Katrín: „Mér finnst staðan í viðskiptalífinu í dag vera talsvert hættuleg. Við horfum á útflutningsatvinnuvegina þjást verulega, óhagstæðan viðskiptajöfnuð og óraunhæfa vaxtastefnu sem virðist einvörðungu ýta undir allt of hátt gengi íslensku krónunnar. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að útflutningsatvinnuvegir okkar eru undirstaðan undir flesta aðra atvinnuvegi. Því er okkur nauðsynlegt að hlúa að samkeppniðnaði og búa honum það umhverfi sem gerir hann þríflegan.“

„Að deila
verkefnum og
ábyrgð á meðal
undirmanna.“



Kristín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri fjárstýringar KB-banka. „Þetta er ekki spurning um hvort fari að hægja á heldur hvenær, en vonandi verður um mjúka lendingu að ræða.“

KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR

FRAMKVÆMDASTJÓRI FJÁRSTÝRINGAR KB-BANKA

Kristín Pétursdóttir er framkvæmdastjóri fjárstýringarsviðs KB-banka. Hún útskrifaðist sem þjóðhagfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1991. Tveimur árum síðar útskrifaðist hún með meistaraþráðu í alþjóðaviðskiptum frá Noregi. Hún hefur starfað hjá KB-banka í átta ár.

„KB-banki hefur stækkað og breyst gríðarlega á undanföllum árum, bæði vegna sameiningar Kaupþings og Búnaðarbanka og ekki síður vegna síaukinnar starfsemi bankans erlendis. Innlendi markaðurinn er enn mikilvægur fyrir okkur en það er þó erlendis sem við erum að færa út kvíarnar. Tækifærin til vaxtar hér eru takmörkuð.“

26 manns starfa á fjárstýringarsviði KB-banka hér á landi og auk þess starfa um 20 manns á sama sviði í erlendu starfsstöðvunum. „Fjárstýringarsvið er deild sem sér um lausafjárstýringu, gjaldeyris- og afleiðuviðskipti bankans við stærri kúnna og erlenda banka sem og fjármögnun bankans.“

Þar sem bankinn er að mestu leyti fjármagnaður erlendis ferðast Kristín mikið starfs síns vegna og þá aðallega innan Evrópu. „Töluvert af minni vinnu fer í að hitta fjárfesta og aðila sem fást við að meta KB-banka sem skuldara.“

Sem stjórnandi leggur Kristín áherslu á að deila verkefnum og ábyrgð á meðal undirmanna sinna. Hún segir að hún sé með frábæra starfsmenn sem henni finnst mikilvægt að fá að njóta sín. „Mér finnst það vera lykilhutverk stjórnandans að stýra verkefnum og gefa starfsmönnum sínum tækifæri til þess að dafna og blómstra í sínu starfi.“

Varðandi stöðuna í viðskiptalífnum hér á landi segir Kristín að sá mikli uppgangur, sem hefur verið undanfarin misseri, sé ekki viðvarandi. „Þetta er ekki spurning um hvort fari að hægja á heldur hvenær en vonandi verður um mjúka lendingu að ræða.“

„Visst
andrúmsloft
og stemning
og lagt upp úr
gæðum.“



Ingibjörg Pálmadóttir, fjárfestir og eigandi 101 hótél. „Það er búið að gera margt á stuttum tíma; segja má að íslenskt viðskiptalíf hafi sprungið út.“

INGIBJÖRG S. PÁLMAÐÓTTIR

FJÁRFESTIR OG EIGANDI 101 HÓTEL

Ingibjörg S. Pálmadóttir innanhússarkitekt situr í stjórn Baugs, Stoða og Þyrpingar en hún er stór hluthafi í þessum fyrirtækjum. Hún er auk þess stjórnarformaður Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar. Þá er hún eigandi 101 hótels og eignarhaldsfélagsins ISP og hefur í gegnum það fjárfest í ýmsu.

101 hótél var opnað fyrir tveimur árum en Ingibjörg hannaði hótelið þar sem má finna bæði veitingastað og bar. Þess má geta að sama ár veitti Þróunarfélag miðborgarinnar Ingibjörgu viðurkenningu fyrir framlag hennar til þróunar og uppbyggingar í miðborg Reykjavíkur.

„101 hótél er svonefnt „boutique-hótél“ en þau hótél eru lítil og hótélgestir finna fyrir vissu andrúmslofti eða stemmningu. Þar er líka lagt upp úr gæðum.“

Ingibjörg er dóttir Pálma heitins Jónssonar sem stofnaði

Hagkaup. Hún var ekki há í loftinu þegar hún fór að vinna hjá föður sínum.

„Það var gaman að alast upp í þessu verslunarumhverfi. Það var skapandi og mikið að gerast. Þegar ég var yngri var fyrirtækið að fara í gegnum svipað ferli og íslenskt viðskiptalíf er að fara í gegnum núna. Hagkaup óx svo hratt að pabbi þurfti að hafa sig allan við til að fylgja því eftir. Það sama er að gerast í viðskiptalífnum á Íslandi í dag. Það er búið að gera margt á stuttum tíma; segja má að íslenskt viðskiptalíf hafi sprungið út. Það sem breyttir líka landslaginu er að mörg fyrirtæki eru farin að stunda viðskipti erlendis.“ Ingibjörg segir að vegna þessa hafi breska verslunarkeðjan Mosaic Fashions verið skráð í Kauphöll Íslands. Það er erlent fyrirtæki þótt Baugur og Kaupþing eigi meirihlutann í því. „Það er líklegt að fleiri erlend fyrirtæki muni fylgja í kjölfarið.“



„15 nýjar
Boeing 757 800
vélar.“

Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri FL Group. „Hlutverk mitt er að halda utan um öll þessi dótturfélög og tryggja að þau skili viðeigandi árangri.“

RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR

FORSTJÓRI FL GROUP

FL Group samanstendur af 14 dótturfélögum,“ segir Ragnhildur Geirsdóttir forstjóri fyrirtækisins. „Hlutverk mitt er að halda utan um öll þessi dótturfélög og tryggja að þau skili viðeigandi árangri. Ég er þó ekki í daglegum rekstri þeirra þar sem framkvæmdastjóri starfar hjá hverju félagi.

Icelandair er stærst dótturfélaganna en svo má nefna vaxandi greinar eins og leiguflug og fraktflug. Stuðningsfyrirtæki í alþjóðaflugrekstrinum eru Tækniþjónustan í Keflavík og Flugþjónustan í Keflavík. Einnig er FL Group stór þátttakandi í ferðaþjónustunni á Íslandi og á meðal annars ferðaþjónustufyrirtæki eins og Flugfélag Íslands, Flugleiðahótel, bílaleigu Flugleiða Hertz, Kynnisferðir, Íslandsferðir og Ferðaskrifstofu Íslands. Fjárvakur sér um bókhaldið fyrir öll félögin.

Þar sem við sjáum helst vaxtartækifæri er í alþjóðaflugi og þá ekki hvað síst í fraktflugi og leiguflugi. Síðan eru það ný svið eins og Ice-

Lease sem sér um kaup og sölu á flugvélum. Við festum t.d. nýlega kaup á 15 nýjum Boeing 757 800 vélum. Síðan vil ég nefna fjárfestingarstarfsemi en við eigum m.a. rúmlega 10% hlut í EasyJet. Þannig að við sjáum sóknarfæri í því sem tengist alþjóðlegum flugrekstri.“

Ragnhildur útskrifaðist sem vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1995. Þá lá leiðin til Bandaríkjanna þar sem hún tók tvö meistaraþróf; í iðnaðarverkfræði og viðskiptafræði. Eftir að heim kom vann hún hjá FBA í eitt ár. Hún hóf störf hjá Flugleiðum árið 1999. Fyrst vann hún við stefnumótun en síðan vann hún við leiðakerfisstjórnun.

„Það skiptir máli að fólk hafi metnað fyrir því sem það er að gera. Þá skipta samskipti starfsmanna máli; að þeir byggji saman upp fyrirtækjasamstæðuna. Það þarf að búa til gott og hvetjandi andrúmsloft á vinnustaðnum sem ýtir undir metnað starfsmanna.“



Kristín Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri Gaums. Hún segir að í starfinu leggi hún áherslu á að gera sitt besta og vera heiðarleg og tillitssöm í samskiptum við aðra.

„Konur taka yfirleitt ekki áhættu í viðskiptum.“

KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR

FRAMKVÆMDASTJÓRI GAUMS

Kristín Jóhannesdóttir er framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Gaums sem er stærsti eigandi Baugs.

„Rekstur Gaums hefur á undanförunum tveimur árum verið að umbreytast í eignarhaldsfélag. Innlendir og erlendar fjárfestingar fara að stærstum hluta í gegnum Baug.“

Baugur er einnig með skrifstofu í London og segir Kristín það hafa verið áhugavert og gaman að upplifa og kynna bresku viðskiptalífi.

Kristín situr í stjórn nokkurra fyrirtækja sem Baugur á í. Þar á meðal er Goldsmith sem er keðja skartgripaverslana en verslanir eru um 170 í Bretlandi. Hún er líka í stjórn Burðaráss. „Ég er stjórnarformaður í fasteignafélaginu Stoðum sem er stærsta fasteignafélag landsins auk þess sem ég er stjórnarformaður í þróunarfélaginu Þyrpingu en það félag kemur m.a. að 101 Skuggahverfi. Þá er ég í stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.“

Kristín segir að í starfinu leggi hún áherslu á að gera sitt besta og

vera heiðarleg og tillitssöm í samskiptum við aðra.

Kristín er lögfræðingur og útskrifaðist frá Háskóla Íslands árið 1988. Hún starfaði sem lögmaður í nokkur ár og flutti síðan til Danmerkur þar sem hún bjó í fjögur ár. Þar stundaði hún m.a. framhaldsnám í lögfræði. Hún hóf störf hjá Gaumi þegar heim kom.

Varðandi stöðu kvenna í viðskiptalífinu segir Kristín að konur eigi góða möguleika. „Það er þó einhver tregða. Það er staðreynd að það eru aðallega karlmenn sem eiga og stjórna fjármagninu. Ef karlmaður á hlut í fyrirtæki er líklegt að hann sitji í stjórn þess þar sem hann er að taka áhættuna af fjárfestingunni. Konur eru yfirleitt ekki að taka áhættu í viðskiptum. Þær eru ekki mikið í fjárfestingum. Þetta er eitt af þeim atriðum sem hafa áhrif á hversu fáar konur koma að stjórnum félaga hér á landi. Skoðun mín er að fyrirtæki eigi að nýta krafta kvenna þegar kemur að stjórnun fyrirtækja. Það eykur fjölbreytileika og hagnað.“

„160 verkamenn
hafa hlotið
menntun í
Stóriðju-
skólanum.“



Rannveig Rist, forstjóri Alcan. „Við þurfum alltaf að vera skrefi framár ef við ætlum að standast samkeppni því það er hröð þróun í þessum iðnaði.“

RANNVEIG RIST

FORSTJÓRI ALCAN

Verksmiðjureksturinn gengur mjög vel og erum við með bestu rafgreiningu frá gangsetningu í kerskálunum það sem af er þessu ári. Við vorum að fagna því að ná einu ári án slyss og það er grettistak að ná þeim árangri.

Ólíkt því sem margir halda þá framleiðum við 200 vörutegundir af áli og erum þar af leiðandi með mikinn virðisauka. Sóknarfærin felast í frekari þróun á virðisaukandi vörum og svo í stækkun verksmiðjunnar.“

Rannveig segist leggja áherslu á að ná arðsemi út úr rekstrinum. „Ég legg áherslu á að gera stefnuna mjög skýra þannig að fólk átti sig á því hvað það er að vinna og að hver og einn fái að njóta sín. Þar skiptir mjög flatt skipurit miklu máli. Ég legg líka áherslu á menntun og t.d. hafa 160 verkamenn nú hlotið menntun í Stóriðjuskólanum. Stór hluti af árangrinum sem við höfum náð tengist þessari menntun starfsmanna. Við þurfum alltaf að vera skrefi framár ef við ætlum að standast samkeppni því það er hröð þróun í þessum iðnaði.“

Hvað varðar stöðuna í viðskiptalífinu á Íslandi segir Rannveig að sér þyki það huga lítið að sér. „Það er mikið sjálföruggi í gangi og lífill agi; menn eru lítið að skoða hver stefnan er í heildina. Menn tapa kannski mikilvægum gildum vegna þess að þeir eru að horfa á önnur gildi. Svo er oft aðaláherslan á að stækka fyrirtækin en ekki endilega að reka þau vel þannig að mér finnst íslenskt viðskiptalíf vera í frekar sjálfumglöðum gír núna.“

Aðspurð um sóknarfæri kvenna í viðskiptalífinu segir Rannveig að konur eigi að eiga samstarf við karlana og mennta sig vel til að komast í áhrifastöður. „Það eitt og sér dugar ekki og því þurfa konur að sækja ákveðnar fram og vera í meira samstarfi við karlana.“

Rannveig er með fjórða stigs vélstjóraþróf, sveinsþróf í vélvirkjun, hún er vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands auk þess sem hún er með MBA-þróf frá University of San Francisco.

**Guðbjörg er
aðaleigandi
Ísfélags
Vestmannaeyja
og TM. Hún
situr í stjórn
Landsbankans.**



Guðbjörg Matthíasdóttir í afmælishófi Ísfélags Vestmannaeyja. Hún situr í stjórn Ísfélagsins, TM og Landsbankans.

GUÐBJÖRG MATTHÍASDÓTTIR **AÐALEIGANDI ÍSFÉLAGS VESTMANNAEYJA**

Guðbjörg Matthíasdóttir, 53 ára kennari við Barnaskóla Vestmannaeyja, er tvímælalaust ein af áhrifamestu konum landsins í viðskiptalífínu þótt lítið fari fyrir henni í fjölmiðlum. Hún er aðaleigandi Ísfélags Vestmannaeyja og kjölfestufjórðingin í TM. Hún situr í stjórn Ísfélagsins og er varaformaður TM. Þá tók hún sæti í stjórn Landsbankans á aðalfundi félagsins fyrr á árinu.

Guðbjörg lætur því að sér kveða sem stjórnarmanneskja í þremur stórfyrirtækjum þótt hún geri sér far um að láta fara lítið fyrir sér - líkt og eiginmaður hennar, Sigurður heitinn Einarsson, gerði. Sigurður lést árið 2000, langt fyrir aldur fram; aðeins fimmtugur að aldri. Synir þeirra er fjórir: Einar, Sigurður, Magnús og Kristinn. Faðir Sigurðar var hinn landskunnri athafnamaður, Einar Sigurðsson, sem flestir þekktu sem „Einar ríka“. Einar átti Hraðfrystistöð Vestmannaeyja og Hraðfrystistöð Reykjavíkur. Guðbjörg á ættir að rekja til Þórshafnar á Langanesi, en faðir hennar, Matthías Jónsson framkvæmdastjóri,

var þaðan. Móðir hennar, Kristín S. Magnúsdóttir, var frá Ströndum. Guðbjörg er hins vegar orðin gróinn Vestmannaeyingur.

Ísfélag Vestmannaeyja varð til um áramótin 1991 til 1992 þegar þrjú sjávarútvegsfyrirtæki sameinuðust undir nafni Ísfélags Vestmannaeyja. Fyrirtækin voru Ísfélag Vestmannaeyja hf., Bergur-Huginn hf. og Hraðfrystistöð Vestmannaeyja. Sigurður Einarsson var ráðinn forstjóri fyrirtækisins. Guðbjörg þykir vera fremur hlé-dræg. En hún er sögð hafa mikla ábyrgðarkennd gagnvart samfélaginu í Vestmannaeyjum. Ísfélag Vestmannaeyja er annað af tveimur stærstu fyrirtækjunum í Eyjum og þar starfa um 150 manns. Fiskimjölverksmiðjan Krossanes við Eyjafjörð er í eign sömu aðila.

Ísfélag Vestmannaeyja þykir vera vel rekið. Það er stöndugt fyrirtæki sem hefur verið að bæta við sig kvóta, en skip félagsins eru sex í dag. Einnig hefur fyrirtækið verið að styrkja stöðu sína í uppsjávarfiski. Þess má geta að Guðbjörg hafnaði viðtali við Frjálsa verslun.

**Steinunn
seldi óvænt
eignarhlut sinn í
Íslandsbanka á
7,4 milljarða.**



Steinunn Jónsdóttir, innanhússarkitekt og fjárfestir, hefur látið að sér kveða á hlutabréfamaðnum og er ein af eignamestu konum landsins.

STEINUNN JÓNSDÓTTIR

FJÁRFESTIR

Steinunn Jónsdóttir, innanhússarkitekt, fjárfestir og stjórnar- maður í Íslandsbanka, hefur verið í kastljósi fjölmiðla að undanfögnu eftir að hún seldi mjög óvænt Burðarási 4,11% eignarhlut sinn í Íslandsbanka. Gengið í viðskiptunum var 13,6 og söluverð hlutarins tæpir 7,4 milljarðar króna. Langflestir reikna með að Steinunn muni áfram láta til sín taka á hlutabréfamarkaðnum.

Steinunn er af athafnafólki komin. Afi hennar var Guðmundur heitinn Jónsson, annar tveggja stofnenda Byko. Faðir hennar er Jón Helgi Guðmundsson í Byko. Viðskiptasamsteypa hans heitir Norvik og er Byko núna eitt af fjölmögum félögum innan samsteypunnar. Steinunn

situr í stjórn Norvikur. Þá er hún í stjórn Snorra Þorfinnssonar hf. Hún situr ennþá í stjórn Íslandsbanka þótt hún hafi selt hlut sinn í bankanum.

Steinunn útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík árið 1988. Fimm árum síðar útskrifaðist hún sem innanhússarkitekt frá skóla í Boston í Bandaríkjunum. Þá lauk hún framhaldsnámi í listum vorið 2004 í Boston. Þá stundar hún MBA-nám við Háskólann í Reykjavík. Hún hefur unnið við fag sitt sem innanhússarkitekt undanfarin ár auk þess að vera fjárfestir.

Steinunn býr í Garðabænum. Hún á tvö börn. Þess má geta að hún gaf Frjálsri verslun ekki kost á viðtali við sig.



BA-próf frá Háskóla Ísland og MPA-próf frá Harvard.

Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri BYKO. „Fyrirtæki verða að laða til sín hæfasta starfsfólkið og ég trúi ekki öðru en að konur verði þar með í auknum mæli.“

ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR

FORSTJÓRI BYKO

Ég hef fengið að njóta þess frá 27. maí að sjá og hlusta,“ segir Ásdís Halla Bragadóttir, nýráðinn forstjóri BYKO. „Það sem ég hef séð og heyrt segir mér að þetta er spennandi fyrirtæki á traustum grunni. Á sama tíma á mikil framsækni sér stað.“

Hún er með BA-próf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands auk þess sem hún er með MPA-próf frá Harvard háskóla. Í náminu lagði hún áherslu á breytingastjórnun.

„BYKO er mjög stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða. Um er að ræða starfsemi verslana (með sama nafni) sem eru skilgreindar sem byggingavöruverslanir þó að vöruúrvalið sé breiðara og meira, raftækjaverslunina Elko, Húsgagnahöllina og íþróttavöruverslunina Intersport. Hver þessara verslana hefur sín sérkenni. BYKO er umfangsmest af þessum fjórum. Síðan má nefna starfsemi sem fer bráðlega af stað í Lettlandi.“

Ásdís Halla segist vona að hún stjórnir í samræmi við aðstæður hverju sinni. „Maður þarf að geta notað ólíkar stjórnunaraðferðir.

Aðaláherslan hjá mér er að sofna ekki á verðinum, sjá fram á veginn, sjá stóru myndina, festast ekki í fortíðinni og sjá tækifærin nægilega snemma til þess að við getum búið okkur undir þau og gripið þau. Auk þess legg ég áherslu á að það er ekki mitt hlutverk einnar, sem forstjóra fyrirtækisins, að leiða það áfram heldur að allir hjá fyrirtækinu horfi fram á veginn og grípi tækifærin. Líðsheildin og menningin hjá fyrirtækinu þarf að vera þannig að starfsmenn séu vel upplýstir og spenntir fyrir að takast á við framtíðina.“

Ásdís Halla vonar að íslenskar konur verði metnar að verðleikum í auknum mæli. „Því miður eru konur ekki nægilega áberandi í viðskiptalífinu. Ég hef trú á því að það sé að breytast og ég nýt þess að koma inn í fyrirtæki þar sem fyrir eru mjög sterkar konur sem hafa verið að gera góða hluti. Fyrirtæki verða að laða til sín hæfasta starfsfólkið og ég trúi ekki öðru en að konur verði þar með í auknum mæli. Það skiptir máli að konur sækji fram á eigin verðleikum.“

**16 verslanir,
heildsala,
saumastofa
og tvær
„franchise“
verslanir.**



Svava Johansen, kaupmaður í NTC. „Það þýðir ekki að vera alltaf með þennan endalæsa „nákvæmnishátt“ að allt verði að vera 100% áður en lagt er af stað í eitthvert verkefni.“

SVAVA JOHANSEN


KAUPMAÐUR Í NTC

Árið 1976 var verslunin Sautjón opnuð við Laugaveg. Í dag rekur fyrirtækið, NTC, 16 verslanir sem eru aðallega staðsettar í Kringlunni, á Laugavegi og í Smáralind. Auk þess rekur fyrirtækið heildsölu og saumastofu. Þá eru reknar tvær „franchise“ verslanir, önnur er á Akureyri og hin í Keflavík.

„Við leggjum mikla áherslu á að vera með vandaðar vörur á sanna gjörnu verði og veita góða þjónustu,“ segir Svava Johansen, framkvæmastjóri og annar aðaleigandi fyrirtækisins.

Svava bendir á að árin 2004 og 2005 séu mikil þensluár og að árið 2006 verði sennilega gott ár efnahagslega séð. „Svo er bara að bíða og sjá hvernig árið 2007 verður. Það er oft talað um 7 digur og 7 mögur ár. Árið 2001 var mjög erfitt fyrir verslunarrekstur en það birti til árið 2002 þannig að ef góða tímabilið byrjaði 2002 og sjö ára reglan reynist rétt þá ætti það að ná til ársins 2009.“

Hún segir að það líti út fyrir að fella verði gengið á árinu. „Það á náttúrulega eftir að draga úr þenslunni. Svo veit maður ekki hvernig „fbúðalánafólkið“ kemur til með að pluma sig í afborgunum. Það kemur alltaf að skuldadögum og þá er bara að sjá hversu mikill peningur er eftir í afborganir.“

Aðspurð um sóknarfæri kvenna í viðskiptalífnum segir Svava að konur þurfi að hugsa stórt ef þær eiga að komast í valdastöðu. „Það þýðir ekki að vera alltaf með þennan endalæsa „nákvæmnishátt“ að allt verði að vera 100% áður en lagt er af stað í eitthvert verkefni. Við verðum að geta farið af stað með meiri hraða í sum verkefni. Ég held að við séum bæði aldar upp við þetta auk þess sem þetta er innbyggð í okkur, samanber umhyggju fyrir börnunum okkar, en þá þurfa hlutirnir alltaf að vera 100%. Þetta hentar vel þar en ekki alltaf í viðskiptum. Þar þurfa ákvarðanatökur að vera snöggar.“ 

ÁHRIFAMESTU KONURNAR

11-70



Birna Einarsdóttir, framkvæmdastjóri markaðsmála Íslandsbanka.

Í stafrófsröð.

TEXTI: **JÓN G. HAUSSON**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**

Aðalheiður Héðinsdóttir,
eigandi Kaffitárs.

Anna Guðný Aradóttir,
framkvæmdastjóri markaðssviðs Samskipa.

Arna Harðardóttir,
framkvæmdastjóri hugbúnaðarhússins Calidris.

Ágústa Johnsen,
framkvæmdastjóri Hreyfingar og áhrifakona um líkamsrækt.

Áslaug Alfreðsdóttir,
ferðafrömuður á Ísafirði.

Áslaug Pálsdóttir,
eigandi og frkvstj. AP almannatengsla.

Birna Einarsdóttir,
framkvæmdastjóri markaðsmála Íslandsbanka.

Björk Þórarinsdóttir,
aðstoðarfrkvstj. fyrirtækjasviðs Kaupþings banka.

Bryndís Hrafnkelsdóttir,
framkvæmdastjóri Debenhams.

Brynja Halldórsdóttir,
fjármálastjóri Norvikur og stjórnarm. í Kaupþingi banka.



Brynja Halldórsdóttir, fjármálastjóri Norvikur og stjórnarmaður í Kaupþingi banka.

Edda Rós Karlsdóttir,

forstm. greiningardeildar Landsbankans.

Elín Sigfúsdóttir,

framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans.

Erna Gísladóttir,

forstjóri B&L.

Erna Hauksdóttir,

framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar.

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir,

framkvæmdastjóri sölusviðs Actavis Group.

Guðfinna Bjarnadóttir,

rektor Háskólans í Reykjavík.

Guðný Hansdóttir,

framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Avion Group.

Guðný Harðardóttir,

framkvæmdastjóri ráðningarþjónustunnar Strás.

Guðný Arna Sveinsdóttir,

framkvæmdastjóri fjármálasviðs Kaupþings banka.

Guðrún S. Eyjólfssdóttir,

framkvæmdastjóri gæðamála Actavis Group.

Guðrún Lárusdóttir,

eigandi og forstjóri Stálskipa.

Guðrún Ásta Lárusdóttir,

framkvæmdastjóri Gripið og greitt.



Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.



Guðný Arna Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Kaupþings banka.



Sigríður Olgeirsdóttir, framkvæmdastjóri AX hugbúnaðarhúss.



Hafðís Jónsdóttir,

eigandi líkamsræktarstöðvarinnar Wold Class og Lauga.

Helga Friðriksdóttir,

framkvæmdastjóri markaðssviðs Olís.

Helga Guðjónsdóttir,

sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Ólafsvíkur.

Helga Jónsdóttir,

framkvæmdastjóri Liðsauka, ráðningarþjónustu.

Hildur Petersen,

stjórnarform. SPRON, ÁTVR og Kaffitárs.

Hrefna Gunnarsdóttir,

framkvæmdastjóri Tryggingarsjóðs sparisjóða.

Hrund Rudolfsdóttir,

frkvstj. Lyfja og heilsu og stjórnarm. í Sjóvá.

Hrönn Greipsdóttir,

hótelstjóri Hótelis Sögu.

Iðunn Jónsdóttir,

framkvæmdastjóri hjá Byko.

Inga Jóna Þórðardóttir,

stjórnarmaður í FL Group.



Elin Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans.



Hafdís Jónsdóttir, eigandi líkamsræktarstöðvarinnar World Class.

Jóhanna Waagfjörð,

framkvæmdastjóri fjármála hjá Högum og stjórnarm. í Skeljungu.

Katrín S. Ólafsdóttir,

fyrirverandi formaður Félags kvenna í atvinnurekstri og framkvæmdastjóri Hagvangs.

Kristín Guðmundsdóttir,

framkvæmdastjóri fjármála hjá Símanum.

Kristín Ingólfssdóttir,

rektor Háskóla Íslands.

Lilja Pálmadóttir,

fjárfestingar og kvikmyndagerð.

Liv Bergþórsdóttir,

framkvæmdastjóri markaðssviðs Og Vodafone.

Margrét Guðmundsdóttir,

framkvæmdastjóri Austurbakka.

Margrét Jónsdóttir,

kaupmaður í Vero Moda og Jack&Jones.

Margrét Kristmannsdóttir,

forstjóri Pfaff-Borgarljósa og varaform. Samtaka verslunar.

Margrét Hólm Valsdóttir,

sparisjófsstjóri Suður-Pingeyinga.



Valgerður Kristjánsdóttir, kaupfélagsstjóri Kaupfélags Vestur-Húnavetninga.



Svafa Grönfeldt, frkvstj. áætlana- og þróunarsviðs Actavis Group.



Valgerður H. Skúladóttir, framkvæmdastjóri Sensa.

Melrós Eysteinsdóttir,

sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis.

Ólöf Októsdóttir,

stjórnarm. í Danól og eigandi að Ölgerðinni.

Ólöf Porvaldsdóttir,

framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Hér og nú.

Ragnhildur Ásmundsdóttir,

framkvæmdastjóri Hans Petersen.

Rakel Olsen,

forstjóri og stjórnarform. Sigurðar Ágústssonar.

Signý Guðmundsdóttir,

framkvæmdastjóri Guðmundar Jónassonar.

Sigríður Olgeirsdóttir,

frkvstj. AX hugbúnaðarhúss.

Sigrún Guðjónsdóttir,

forstjóri Tæknivals.

Svana Helen Björnsdóttir,

framkvæmdastjóri hugbúnaðarhússins Stika.



Arna Harðardóttir, framkvæmdastjóri hugbúnaðarhússins Calidris.



Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður EJS.

Svafa Grönfeldt,

framkvæmdastjóri áætlana- og þróunarsviðs Actavis Group.

Tinna Gunnlaugsdóttir,

þjóðleikhússtjóri.

Valgerður Kristjánsdóttir,

kaupfélagsstjóri Kaupfélags Vestur-Húnavetninga.

Valgerður H. Skúladóttir,

framkvæmdastjóri hugbúnaðarhússins Sensa.

Þórunna Jónsdóttir,

lektor við Háskólann í Reykjavík og stjórnarmaður í Lyfju.

Þórdís Sigurðardóttir,

stjórnarformaður EJS.

Þórunn Guðmundsdóttir,

lögmaður og varaform. stjórnar Burðaráss.

Þórunn Pálsdóttir,

framkvæmdastjóri fjármála hjá Ístaki.

Þórunn Reynisdóttir,

fyrirverandi eigandi Avis.



Melrós Eysteinsdóttir, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hornarfjarðar og nágrennis.



BANKAKONUR

ÍSLANDBANKI

FRAMKVÆMDA STJÓRI:

Birna Einarsdóttir,

markaðs- og sölusvið.

ÚTIBÚSSTJÓRAR:

Ástrún Björk Ágústsdóttir

Skútuvegí.

Elísabet Benediktsdóttir

Egilsstöðum og Reyðarfirði.

Hildur Kristmundsdóttir

Seltjarnarnesi.

Ingunn Elín Sveinsdóttir

Þarabakka.

Kolbrún Jónsdóttir

Garðabæ.

Lilja Pálsdóttir

Laugavegi.

Sigríður Jónsdóttir

Mosfellsbæ.

Una Steinsdóttir

Keflavík.

Vilborg Þórarinsdóttir

Suðurlandsbraut.

KB BANKI

FRAMKVÆMDA STJÓRAR:

Kristín Pétursdóttir

fjárstýring.

Guðný Arna Sveinsdóttir

fjármálasvið.

ÚTIBÚSSTJÓRAR:

Ágústa Björnsdóttir

Egilsstöðum.

Ingibjörg Sigrún Guðjónsdóttir

Hveragerði.

Puríður Ingólfsdóttir

Egilsstöðum.

Pórdís Úlfarsdóttir

Mosfellsbæ.

Svanborg Pórdís Frostadóttir

Akranesi.

Jóhanna Sigurjónsdóttir

Vesturbæjarútibúi.

Anna Sigríður Pálsdóttir

Vík og Kirkjubæjarklaustri.

Ólöf Magnúsdóttir

Kringluútibúi.

Fríða Aðalheiður Sæmundsdóttir

Smáraútibúi.

Þorbjörg Magnúsdóttir

Hólmavík.

LANDSBANKINN

FRAMKVÆMDA STJÓRAR:

Sigríður Elín Sigfúsdóttir

fyrirtækjasvið.

ÚTIBÚSSTJÓRAR:

Hrafnhildur B. Sigurðardóttir

Austurbæ.

Margrét Gísladóttir

Háaleiti.

Guðrún Sigurlaug Ólafsdóttir

Smáralind.

Sigurlaug Erla Gunnarsdóttir

Vesturbæ.

Nína Guðbjörg Pálsdóttir

Selfossi.

Inga Ásta Karlsdóttir

Ísafirði.

Ásta Björg Pálmadóttir

Sauðárkróki.

Jóna Ingólfsdóttir

Hornafirði.

Arnáris Sigtryggisdóttir

Seyðisfirði.

Svanborg S. Víglundsdóttir

Vopnafirði.

SPARISJÓÐIRNIR

Hildur Petersen

stjórnarformaður Sparisjóðs Reykjavíkur.

FRAMKVÆMDA STJÓRAR:

Harpa Gunnarsdóttir

þjónustusviði Sparisjóðs Reykjavíkur.

Helga Benediktsdóttir

fjármálasviði Sparisjóðs Hafnarfjarðar.

Hrefna Gunnarsdóttir.

Tryggingasjóði sparisjóða.

SPARISJÓÐSSTJÓRAR:

Helga Guðjónsdóttir

Sparisjóði Ólafsvíkur.

Margrét Hólm Valsdóttir

Sparisjóði Suður-Þingeyinga.

Melrós Eysteinsdóttir

Sparisjóði Hornafjarðar.

ÚTIBÚSSTJÓRAR:

Auður Arna Eiríksdóttir

Sparisjóði vélstjóra.

Jensína Kristjánsdóttir

Sparisjóði Vestfirðinga, suðursvæði.

STRAUMUR

FORSTÖÐUMENN:

Björk Gunnarsdóttir

rekstrarsvið.

Pórey Guðmunda Guðmundsdóttir

fjármálasvið.

Skilyrðislaus íbúðalán Netbankans!



Netbankinn býður þér íbúðalán með 4,15% föstum vöxtum án nokkurra skilyrða um önnur bankaviðskipti.

- | | |
|-----------------------|---|
| Íbúðalán 1 | 4,15% fastir vextir og engin skilyrði um önnur viðskipti |
| Íbúðalán 2 | 2. veðréttur eða aftar, engin skilyrði um viðskipti |
| Brúarlán | Til að brúa bilið, engin skilyrði um viðskipti |
| Íbúðasjóðislán | 4,15% fastir vextir og engin skilyrði um viðskipti |

Eldi blinda þig til 40 ára, sækðu um íbúðalán Netbankans á nb.is eða hringdu í þjónustufulltrúa okkar í síma 550 1800.

ÁHRIFAMESTU STJÓRN MÁLAKONURNAR

Frjáls verslun metur hér áhrifaþikustu konurnar í stjórnmálunum og kemst að þeirri niðurstöðu að þær séu átta talsins.

TEXTI: **JÓN G. HAUSSON**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**

Frjáls verslun kemst að þeirri niðurstöðu að áhrifamestu konurnar í stjórnmálum séu átta talsins og því ekki eins margar og ætla mætti í fyrstu. Ráðherrarnir Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra fara beint á listann.

Hinar fjórar eru Sólveig Pétursdóttir, verðandi forseti Alþingis, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, Sív Friðleifsdóttir, sem við spáum að taki aftur sæti í þessari ríkisstjórn, Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, og Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri.

Eflaust telja einhverjir að það orki tvímælis að setja þær Sív og Rannveigu á þennan lista – að áhrif þeirra í íslenski pólitík hafi farið þverrandi og séu ekki mikil. En við teljum að þær eigi báðar heima á listanum.

Vissulega banka fleiri konur á listann og eru skammt undan. Nefna má alþingiskonurnar Jónínu Bjartmarz, Jóhönnu Sigurðardóttur og Margréti Frímansdóttur sem eru m.a. tíðir gestir í umræðuþáttum og láta þar til sín taka. Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins, heyrir sömuleiðis undir þennan flokk.

ÁTTA ÁHRIFAMESTU

Valgerður Sverrisdóttir,
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,
menntamálaráðherra.

Sigríður Anna Þórðardóttir,
umhverfisráðherra.

Sólveig Pétursdóttir,
verðandi forseti Alþingis.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
formaður Samfylkingarinnar.

Sív Friðleifsdóttir,
fyrirverandi umhverfisráðherra.

Rannveig Guðmundsdóttir,
forseti Norðurlandaráðs.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
borgarstjóri.



TÍU KONUR RÁÐHERRAR FRÁ UPPHAFI

Auður Auðuns,
dóms- og kirkjumálaráðherra
1970 til 1971.

Ragnhildur Helgadóttir,
menntamálaráðherra 1983 til 1985
og heilbrigðis- og félagsmálaráðherra
1985 til 1987.

Jóhanna Sigurðardóttir,
félagsmálaráðherra 1987 til 1994.

Rannveig Guðmundsdóttir,
félagsmálaráðherra 1994 til 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir,
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
1995-2001.

Sív Friðleifsdóttir,
umhverfisráðherra 1999 til 2004.

Valgerður Sverrisdóttir,
iðnaðar- og viðskiptaráðherra frá 1999.

Sólveig Pétursdóttir,
dóms- og kirkjumálaráðherra
1999 til 2003.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,
menntamálaráðherra frá 2003.

Sigríður Anna Þórðardóttir,
umhverfisráðherra frá 2004.

Þorgerður Katrín
Gunnarsdóttir,
menntamálaráðherra.

ÁHRIFAMESTU KONURNAR Í STJÓRN MÁLUM



Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Sólveig Pétursdóttir, verðandi forseti Alþingis og Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra.



Ingibjörg Sólrún
Gísladóttir, formaður
Samfylkingarinnar.



Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri.



Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra.

ÞÆR STÝRA SVEITARFÉLÖGUM

Sveitarfélögin í landinu eru 101, en konur stjórna aðeins 19 þeirra.

TEXTI: **JÓHANNA HARÐARDÓTTIR**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**

Fyrir skömmu var helmingur stjórnenda á Reykjavíkursvæðinu konur, þær Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri í Garðabæ, og Hansína Björgvinsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi. Hinar tvær síðastnefndu eru nýhættar störfum og við það fækkaði konum í starfi bæjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu úr 50% niður í 25%.



Sveitarfélögin á landinu eru nú 101 talsins og hefur þeim fækkað um liðlega helming frá því að þau voru flest árið 1950. Á næsta ári kemur enn frekari sameining hreppa til framkvæmda og verða þeir 91 eftir það.

Bæjarstjórar á landinu eru nú 32 og þar af gegna aðeins 4 konur bæjarstjórarstarfi, en þær starfa í Mosfellsbæ, Grundarfirði, Ólafsfirði og á Blönduósi. Í ágúst n.k. bætist ein kona í hópinn, en það er Erla Friðriksdóttir, núverandi markaðsstjóri Smáralindar, sem tekur við starfi bæjarstjóra í Stykkishólmi.

Sveitarstjórar á landinu eru 32 en af þeim eru 9 konur, oddvitar eru 36 og eru konur í þeim hópi 6 talsins.

Konur í forsvari sveitarfélaga á landinu:

Borgarstjóri Reykjavíkur:

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Bæjarstjórar:

Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Mosfellsbæ (íbúar um 7000)

Björg Ágústsdóttir,
Grundarfirði (íbúar um 1000)

Jóna Fanney Friðriksdóttir,
Blönduósbæ (íbúar um 1000)

Stefanía Traustadóttir,
Ólafsfirði (íbúar um 1000)

Sveitarstjórar:

Jóhanna Reynisdóttir,
Vatnsleysustrandarhreppi

Linda Björk Pálsdóttir,
Borgarfjarðarsveit

Ásdís Leifsdóttir,
Hólmavíkurreppi

Helga A. Erlingsdóttir,
Hörgárbyggð

Guðný Sverrisdóttir,
Grýtubakkahreppi

Guðný Hrunn Karlsdóttir,
Raufarhafnarhreppi

Sigfríður Þorsteinsdóttir,
Breiðdalshreppi

Margrét Sigurðardóttir,
Grímsnes- og Grafningshreppi

Ingunn Guðmundsdóttir,
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Oddvitar:

Ása Helgadóttir, Innri- Akraneshreppi

Jenný Jensdóttir, Kaldrananeshreppi

Hjördís Sigursteinsdóttir, Arnarneshreppi

Ólína Arnkelsdóttir, Aðaldælahreppi

Katrín Eymundsdóttir, Kelduneshreppi

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótisdalshreppi

Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
borgarstjóri í Reykjavík.



Ragnheiður Rikharðsdóttir
bæjarstjóri Mosfellsbæjar:

Hér var haldið íbúáþing 28. maí síðastliðinn og það var samdóma álit íbúanna að það sem skipti mestu máli í Mosfellsbæ væri nálægðin við náttúruna og kyrrðin. Við erum utan skarkala borgarinnar, en það er stutt í alla þjónustu hér. Þetta er yndislegur bær og við hyggjumst skipuleggja þannig að hér geti fólk áfram notið fjalls og fjöru.

Jóna Fanney Friðriksdóttir
bæjarstjóri á Blönduósi:

Við höfum verið að endurskipuleggja rekstur bæjarins og þá sérstaklega fjárhagsmálin. Við brugðum á það ráð að selja Rarik hitaveituna og ég lagði ofuráherslu á að því fylgdu engar uppsagnir. Salan gerbreytir fjárhagsstöðu bæjarins til batnaðar og þjónusta við íbúana skerðist ekki. Annars er margt að skoða svona á vorin, við erum rétt í þessu að virða fyrir okkur framkvæmdir við nýtt þjónustuhús fyrir gesti á



tjaldstæðinu og verið er að flytja skrifstofur bæjarins í nýtt húsnæði. Sumarið leggst vel í okkur - grunnskólanemendurnir okkar komu vel út í prófameðaltali og það er aldeilis gott veganesti.

Björg Ágústsdóttir
bæjarstjóri í Grundarfirði:

Við látum vel af okkur. Nýr Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók til starfa sl. haust og við búum orðið við góðar samgöngur sem skiptir miklu máli fyrir byggðarlögin á Snæfellsnesi. Bærinn er að „þvo sér í framan“ eftir veturinn, nú á að taka vel á og snyrta og fegra. Fjöldmörg verkefni í gangi, við erum að fara að stækka leikskólann

okkar um 170 m², fyrir dyrum stendur bygging nýrrar bryggju í stað eldri sem verður rifin, höfum verið að bora eftir heitu vatni sem vonandi leiðir til hitaveitu innan 1-2ja ára. Erum einnig að hefja vinnu við setningu fjölskyldustefnu ásamt ýmisskonar endurskoðun í skipulagsmálum, en það er hluti af úrvinnslu af íbúáþingi sem haldið



var hér í mars. Þar lögðu Grundfirðingar línur um að „bjóða tækifærunum heim“ enda horfum við bjartsýn fram á veginn.

Stefanía Traustadóttir
bæjarstjóri á Ólafsfirði:

Ég var ráðin bæjarstjóri af nýjum meirihluta og vinna mín hefur snúist mest um fjármál og mikla endurskipulagningu. Hér hefur verið við mikinn fjárhagsvanda að etja og minnkandi tekjur. Staðan hefur skapað lítið svigrúm til framkvæmda sem leiðir af sér að við erum einungis að halda sjó. En Ólafsfirðingar hafa mikinn metnað og hirða eignir sínar vel og við horfum björtum augum til Héðinsfjarðarganga sem forsendu bjartrar framtíðar fyrir bæinn og íbúana.



Erla Friðriksdóttir
markaðsstjóri Smáralindar tekur við sem bæjarstjóri í Stykkishólmi í ágúst n.k.

22 FORSTJÓRAR

ÞÆR KONUR SEM STÝRA FYRIRTÆKJUM Á 300 STÆRSTU LISTANUM

Frjáls verslun uppfærir hér listann yfir þær konur sem stýra fyrirtækjum á 300 stærstu listanum. Nýjar konur á listanum eru Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Austurbakka, og Guðný Ýr Gunnarsdóttir, forstjóri Icepharma, en það var áður hluti af Lífi (32. sæti listans). Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri Byko, er ekki á listanum þar sem Byko er dótturfélag Norvikur, sem er á listanum og Jón Helgi Guðmundsson stýrir.

TEXTI: **JÓN G. HAUSSON**
MYND: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**



Rannveig Rist, forstjóri Alcans á Íslandi.



Erna Gísladóttir, forstjóri B&L.



Hrund Rudolfssdóttir, framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu.



Sigrún Guðjónsdóttir, forstjóri Tæknivals.

KONUR SEM STÝRA FYRIRTÆKJUM Á 300 STÆRSTU

85

STÆRSTA



Guðný Ýr Gunnarsdóttir, forstjóri Iceptharma.

87

STÆRSTA



Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Austurbakka.

106

STÆRSTA



Laufey Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Toppfisks.

111

STÆRSTA



Raket Olsen, forstjóri Sigurðar Ágústssonar.

129

STÆRSTA



Svava Johansen, kaupmaður í Sautjón.

135

STÆRSTA



Hrönn Greipisdóttir, hóteltjóri Radisson SAS hótela.

KONUR SEM STÝRA FYRIRTÆKJUM Á 300 STÆRSTU

143
STÆRSTA



Guðrún Lárusdóttir, forstjóri Stálskipa.

160
STÆRSTA



Ragnhildur Ásmundsdóttir, framkvæmdastjóri Hans Petersen.

168
STÆRSTA



Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis.

175
STÆRSTA



Valgerður Kristjánsdóttir, kaupfélagsstjóri Kaupfélags Vestur-Húnavetninga.

177
STÆRSTA



Guðrún Ásta Lárusdóttir, framkvæmdastjóri Gripið og greitt.

193
STÆRSTA



Ásgerður Th. Björnsdóttir, framkvæmdastjóri SÁÁ.

KONUR SEM STÝRA FYRIRTÆKJUM Á 300 STÆRSTU

205

STÆRSTA



Signý Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Guðmundar Jónassonar.

229

STÆRSTA



Svava Liv Edgarsdóttir, framkvæmdastjóri Kornax.

249

STÆRSTA



Helga Lára Hólm, framkvæmdastjóri Ísfugls.

256

STÆRSTA



Melrós Eysteinsdóttir, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Hornafjarðar og nágrennis.

288

STÆRSTA



Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff-Borgarljósa.

291

STÆRSTA



Ólöf Porvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Hér og nú.

STJÓRNARKONUR ÍSLANDS

KÖNNUN: **GEIR A. GUÐSTEINSSON**
OG **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**
TEXTI: **JÓN G. HAUSSON**

Friðla verslun hefur unnið mjög athyglisverða könnun á því hvaða konur sitja í stjórn um 140 stærstu fyrirtækjanna sem eru á lista Friðla verslunar yfir 300 stærstu fyrirtækin. Konur eru í meirihluta í stjórn nokkurra fyrirtækja. Konur skipa 85 af þeim 643 stjórnarsætum sem skoðuð voru í könnuninni. Það er 13,2% hlutfall. Ætla má að konum fjölgi hlutfallslega í stjórn eftir því sem fyrirtækin verða minni og hvað þá þegar kemur að svonefndum fjölskyldufyrirtækjum.

Hæsta hlutfall kvenna í stjórn er hjá Sigurði Ágústssyni í Stykkishólmi. Þar eru fjórar konur í fimm manna stjórn. Rakel Olsen og dætur hennar, Ingibjörg, Ragnhildur Þóra og Ingigerður Selma eru stjórnarmenn. Þetta er dæmigert íslenskt fjölskyldufyrirtæki, þ.e. það er í eigu einnar fjölskyldu.

Það sitja einnig fjórar konur í stjórn Nóa-Sírúsar. Þar er sex manna stjórn og hlutfallið því lægra en hjá Sigurði Ágústssyni í Hólminum. Stjórnarformaðurinn, Ingileif Bryndís Hallgrímsdóttir, 86 ára, hefur verið stjórnarformaður félagsins

Friðla verslun hefur gert mjög athyglisverða könnun á því hvaða konur sitja í stjórn um 140 stærstu fyrirtækjanna á listanum yfir 300 stærstu fyrirtækin. Hæsta hlutfall kvenna í stjórn er hjá Sigurði Ágústssyni í Stykkishólmi. Þar eru fjórar konur í fimm manna stjórn.

Nafn	Fyrirtæki	Fjöldi stjórnarmanna	Fjöldi kvenna í stjórn
	Icelandic Group (SH & Sjóvík)	5	0
Nadine Deswasier	SÍF hf.	5	1
Brynja Halldórsdóttir	Kaupþing banki	9	1
Þórdís Sigurðardóttir	Hagar hf.	5	1
Inga Jóna Þórárdóttir	FL Group	7	1
Steinunn Jónsdóttir	Íslandsbanki hf.	7	1
Guðbjörg Matthíasdóttir	Landsbanki Íslands	5	1
Þórunn Guðmundsdóttir	Burðarás	5	2
Kristín Jóhannesdóttir	Burðarás		
	Actavis Group hf.	5	0
Steinunn Jónsdóttir	Norvík hf. (Byko)	5	1
Cynthia Carroll	Alcan á Íslandi	7	1
Rannveig Rist	Landssími Íslands hf.	5	2
Sigríður Finsen	Landssími Íslands hf.		
	Flugfélagið Atlantia ehf.	3	0
	Bakkavör Group hf.	7	0
Lilja Dóra Halldórsdóttir	Samskip hf.	5	1

KONUR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

86 ÁRA STJÓRNAR- FORMAÐUR Í 51 ÁR

Ingileif Bryndís Hallgrímsdóttir, 86 ára stjórnarformaður Nóa-Sírúsar. Hún hefur verið stjórnarformaður fyrir-tækisins í 51 ár. Hún er einnig í stjórn Ræsis.



Nafn	Fyrirtæki	Fjöldi stjórnarmanna	Fjöldi kvenna í stjórn
	Ker ehf., eignarhaldsfélag	5	0
Kristín Jóhannesdóttir	Baugur Group hf.	5	2
Ingibjörg S. Pálmadóttir	Baugur Group hf.		
Jóhanna Waagfjörð	Skeljungur hf.	5	1
Edda Rós Karlsdóttir	Landsvirkjun	7	2
Álfheiður Ingadóttir	Landsvirkjun		
	Olíuverslun Íslands, OLÍS	3	0
	Samherji hf.	5	0
Sigrún Elsa Smáradóttir	Orkuveita Reykjavíkur	6	2
Þorbjörg Vigfúsdóttir	Orkuveita Reykjavíkur		
	Opin kerfi Group hf.	3	0
	P. Samúelsson hf.	5	0
	Vátryggingafélag Íslands hf.	7	0
Sigrún Alda Jónsdóttir	Húsamiðjan hf.	5	1
	Hekla hf.	3	0
	Marel hf.	5	0
	Síldarvinnslan hf.	3	0
	Samkaup hf.	5	0
Guðbjörg M. Matthíasdóttir	Tryggingamiðstöðin hf.	5	1
	Líf hf.	5	0
	Íslenskir aðalverktakar hf.	3	0
	Ístak hf.	3	0
	Össur hf.	7	0

í 51 ár og er það met sem seint verður slegið. Með henni í stjórn Nóa-Sírúsar eru dóttir hennar, Áslaug Gunnarsdóttir, og frænkur, Kristín Geirsdóttir og Emilía Björg Björnsdóttir.

Í Kjarnafæði norður á Akureyri eru þrjár konur í fimm manna stjórn. Þær eru Elsa Valdimarsdóttir, Sigríður Sigtryggsdóttir og Rannveig Eiðsdóttir.

Hjá Stálskipum í Hafnarfirði eru tvær konur af þriggja manna stjórn. Þær eru mæðgurnar Guðrún Lárúsdóttir og Jenný Ágústsdóttir. Í stjórn Sorpu eru þrjár konur í átta manna stjórn. Þær eru: Hafrún Dóra Júlíusdóttir, Sigurros Þorgrímsdóttir og Herdís Sigurjónsdóttir.

Þó nokkrar konur sitja í fleiri en einni stjórn. Það á við um Guðbjörgu Matthíasdóttur, Kristínu Jóhannesdóttur, Ingibjörgu Pálmadóttur og Steinunni Jónsdóttur. Þær eru allar á listanum yfir tíu áhrifamestu konurnar í viðskiptalífínu. Þá sitja þær Rannveig Rist, Katrín Pétursdóttir og Svava Johansen í stjórnnum stórra fyrirtækja. Þá situr Hildur Petersen sem stjórnarformaður SPRON en hún er einnig stjórnarformaður ÁTVR.

KONUR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA



Rakel Olsen, forstjóri og stjórnarform.
Sigurðar Ágústssonar.

Hæsta hlutfall
kvenna í stjórn er hjá
Sigurði Ágústssyni í
Stykkishólmi. Þar eru
fjórar konur í fimm
manna stjórn. Rakel
Olsen og dætur hennar,
Ingibjörg, Ragnhildur
Þóra og Ingigerður
Selma.

Það sitja fjórar konur
í stjórn Nóa-Síríusar.
Þar er sex manna
stjórn og hlutfallið
því lægra en hjá
Sigurði Ágústssyni í
Hólminum.

Nafn	Fyrirtæki	Fjöldi stjórnar- manna	Fjöldi kvenna í stjórn
Hildur Petersen	Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis	5	1
STJÓRN SAMEINUÐ ATLANTA	Íslandsflug hf.	0	0
	MS/MBF (Mjólkursams., Mjólkurbú Flóam.)	7	0
	Íslenska járnblendifélagið hf.	6	0
	Og Vodafone / Og fjarskipti hf.	5	0
Ásta Pálmadóttir	Kaupfélag Skagfirðinga	7	1
Ingibjörg Sigmundsdóttir	Rafmagnsveitur ríkisins	7	1
	Osta- og smjörösalan hf.	5	0
	Ingvar Helgason hf.	5	0
	Vífilfell hf.	3	0
	Norðurljós - Íslenska útvarpsfélagið	3	0
	Þormóður rammi - Sæberg hf.	5	0
	Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.	3	0
Margrét Egilsdóttir	Brimborg hf.	5	2
Margrét Jóhannsdóttir	Brimborg hf.		
	B & L	5	0
	HB-Grandi hf.	5	0
	Prentsmiðjan Oddi hf.	3	0
Kristín Pálsdóttir	Vísir hf.	5	1
	Nýherji hf.	3	0
	Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	5	0
Halla Tómasdóttir	PharmaNor	3	1
Lilja Rafney Magnúsdóttir	Íslandspóstur hf.	7	1
	Hampiðjan hf.	5	0
	Sparisjóður Hafnarfjarðar	5	0
	Straumur fjárfestingabanki hf.	5	0
Guðbjörg Matthíasdóttir	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	3	1
	Lyf & heilsa hf.	5	0
Gerður S. Tómasdóttir	Þorbjörn-Fiskanes hf.	3	1
	Penninn hf.	5	0
	Hitaveita Suðurnesja	7	0
Sigurlaug Jónsdóttir	Sláturfélag Suðurlands svf.	5	1
	Vinnslustöðin hf.	5	0
	ATV (Aco-Tækniaval hf.)	3	0
	Íslensk erfðagreining	6	0
Björk Aðalsteinsdóttir	Eskja hf.	3	1
Anna K. Jónsdóttir	Ríkisútvarpið	7	2
Svanfríður Jónsdóttir	Ríkisútvarpið		
Þórdís Jóna Sigurðardóttir	EJS Group	3	2
Martha Eiríksdóttir	EJS Group		
	Sparisjóðurinn í Keflavík	5	0
Hulda Valtýsdóttir	Árvakur hf. - Morgunblaðið	5	1
	Norðurmjólk	5	0

KONUR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA



Steinunn Jónsdóttir situr í stjórn Íslandsbanka og Norvikur.



Rannveig Rist er stjórnarformaður Símans.

Nafn	Fyrirtæki	Fjöldi stjórnarmanna	Fjöldi kvenna í stjórn
	Loðnuvinnslan Fáskrúðsfirði / Loðnuvinnslan hf.	5	0
Kristín Ingólfssdóttir	Happdrætti Háskóla Íslands	3	1
	Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.	3	0
Sigríður Smith	Sparisjóður vélstjóra	5	1
	Sæplast hf.	5	0
	Skinney-Þinganes hf.	5	0
Kristín Jóhannessdóttir	Fasteignafélagið Stoðir hf.	5	2
Ingibjörg S. Pálmadóttir	Fasteignafélagið Stoðir hf.		
Ragnheiður Jónasdóttir	Íslensk-ameríska hf.	7	2
Ragnheiður Hansson	Íslensk-ameríska hf.		
Pórhildur Marta Gunnarsdóttir	Austurbakki hf.	5	1
	Miklatorg hf. - IKEA	3	0
Birna Einarsdóttir	Greiðslumiðlun hf. - VISA-Ísland	5	1
Ólög Októsdóttir	Daníel Ólafsson hf. (DANÓL)	3	1
	Keflavíkurverktakar hf.	5	0
	Norðlenska	5	0
Ingibjörg Gísladóttir	Fjarðarkaup hf.	2	1
Margrét Beta Gunnarsdóttir	Bílabúð Benna hf.	2	1
Björk Vilhelmsdóttir	Strætó bs.	7	2
Inga Hersteinsdóttir	Strætó bs.	7	2
	BM Vallá ehf.	3	0
	Eykt ehf.	1	0
	Kaupfélag Héraðsbúa	5	0



Lilja Dóra Halldórsdóttir er í stjórn Samskipa.

KONUR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA



Hildur Petersen, stjórnarformaður SPRON, ÁTVR og Kaffitárs.



Guðbjörg Matthíasdóttir, situr í stjórn ísfélags Vestmannaeyja, TM og Landsbankans.

Í stjórn Sorpu eru þrjár konur í átta manna stjórn. Þær eru: Hafrún Dóra Júlíusdóttir, Sigurrós Þorgrímsdóttir og Herdís Sigurjónsdóttir.

Nafn	Fyrirtæki	Fjöldi stjórnarmanna	Fjöldi kvenna í stjórn
Anna Stella Pálsdóttir	Kraftvélar ehf.	3	1
	Sparisjóðabanki Íslands hf.	5	0
	Reiknistofa bankanna	6	0
	Byggingafélag Gylfa og Gunnars sf.	2	0
	Plastprent hf.	7	0
	Jarðboranir	5	0
Laufey Eyjólfsdóttir	Bræðurnir Ormsson hf.	3	0
	Toppfiskur ehf.	3	1
Margrét Flóvenz	Tangi hf.	5	0
	KPMG Endurskoðun hf.	5	1
	Heimsferðir ehf.	3	0
Rakel Olsen	Nesskip hf.	3	0
	Sigurður Ágústsson hf.	5	4
Ingibjörg Ágústsdóttir	Sigurður Ágústsson hf.		
Ragnhildur Þóra Ágústsdóttir	Sigurður Ágústsson hf.		
Ingigerður Selma Ágústsdóttir	Sigurður Ágústsson hf.		
Guðrún Sigurjónsdóttir	Hraðfrystistöð Þórshafnar hf.	3	0
	KB Borgarnesi ehf.	5	1
Sama stjórn og Íslensk Ameríska	Sparisjóður Mýrasýslu	5	0
	Myllan - Brauð hf.		
Þórunn Guðmundsdóttir	Íslensk getspá sf.	5	0
	Edda - útgáfa hf.	5	1
	Kreditkort hf.	5	0
	Medcare Flaga hf.	5	0
Ingileif Bryndís Hallgrímsdóttir	Bernhard ehf., Honda - Peugeot	3	0
	Ræsir hf.	3	1
	Securitas, öryggisþjónusta	3	0
Kristín Sigfúsdóttir	Sindra - Stál hf.	5	0
	Norðurorka	5	1

KONUR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA



Konur skipa 85 af þeim 643 stjórnarsætum sem skoðuð voru í könnuninni. Það er 13,2% hlutfall.

Kristín Jóhannesdóttir situr í stjórn Baugs Group, Burðaráss og Fasteignafélagsins Stoða.

Nafn	Fyrirtæki	Fjöldi stjórnarmanna	Fjöldi kvenna í stjórn
	Kaupfélag Árnesinga	3	0
Katrín Pétursdóttir	Fóðurblandan hf.	5	1
	Ísfell - Netsalan ehf.	5	0
	Johann Rönning hf.	3	0
Svava Johansen	NTC hf. / Sautjón o.fl.	5	2
Sýbil Kristinsdóttir	NTC hf. / Sautjón o.fl.		
	Kögun hf.	5	0
Birna Bjarnadóttir	Terra Nova - Sól	3	1
Sigrún Ragna Ólafsdóttir	Deloitte hf.	5	1
	ÞG-verktakar ehf.	3	0
Hafrún Dóra Júlíusdóttir	Sorpa bs.	8	3
Sigurros Þorgrímsdóttir	Sorpa bs.		
Herdís Sigurjónsdóttir	Sorpa bs.		
Sigróður Bragadóttir	Radisson SAS - Hótel Saga ehf.	3	1
	Bílanaust hf.	5	0
	Íslenska auglýsingastofan ehf.	3	0
Ingileif Bryndís Hallgrímsdóttir	Nói-Sírúus hf.	6	4
Kristín Geirsdóttir	Nói-Sírúus hf.		
Áslaug Gunnarsdóttir	Nói-Sírúus hf.		
Emilía Björg Björnsdóttir	Nói-Sírúus hf.		
Guðrún Lárusdóttir	Stálskip	3	2
Jenný Ágústsdóttir	Stálskip	3	
Hafís Þóra Karlsdóttir	Sparisjóður Kópavogs	5	2
Kristín Líndal	Sparisjóður Kópavogs		
Elsa Valdimarsdóttir	Kjarnafæði	5	3
Sigróður Sigtryggisdóttir	Kjarnafæði		
Rannveig Eiðsdóttir	Kjarnafæði		
	ALLS:	643	85



Inga Jóna Þórðardóttir situr í stjórn FL Group.



Þórunn Guðmundsdóttir lögmaður er varaformaður stjórnar Burðaráss og situr í stjórn Eddu.

KARLAR SVARA HVER ER GALDURINN?

Viðhorfsbreyting, hvatning, nýtt gildismat, menntun og aukin áhersla á fjölskyldumál. Á þessa lund svöruðu sjö áhrifamenn í atvinnulífi og stjórnámum þegar Frjáls verslun leitaði svara þeirra við spurningunni: Hvað þarf að gerast til að konum fjölgi í stjórnunarstörfum í viðskiptalífinu?

Nýleg athugun viðskiptaráðuneytisins leiðir í ljós, eftir að leitað var svara hjá 81 fyrirtæki, að hlutur kvenna í stjórnum þeirra er nú 11,28% en var 10,08% stjórnarmanna fyrir ári. Þetta er óveruleg fjölgun, og hvatningarátak viðskiptaráðherra virðist ekki hafa borið þann árangur sem að var stefnt. Einn viðmælenda blaðsins í þessari samantekt telur slík átaksverkefni raunar ekki líkleg til árangurs. Málið snúist fyrst og fremst „...um að breyta hugarfari og það gerist á löngum tíma - en þar vinnur tíminn þó með konunum.“

ÁRNI SIGFÚSSON

Kynjakvóti er óráðlegur

„Ég er sannfærður um að konum mun sjálfkrafa fjölga í stjórnunarstörfum á næstu árum. Nútíma-stjórnun viðurkennir betur hæfileika og reynsluheim margra kvenna til stjórnunarstarfa. Aukinn hlutur þeirra í menntun, sem oft leiðir til stjórnunarstarfa, er einnig að aukast. Ég tel til dæmis afar óráðlegt að setja kynjakvóta á stjórnarsetur. Til lengri tíma litið mun það hefja fyrir því að konur sitji í stjórnum vegna hæfileika sinna, sem reynslan segir mér að séu síður en svo minni en karla.“

„Er sannfærður um að konum mun sjálfkrafa fjölga í stjórnunarstörfum.“

TEXTI: **SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**


Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ

BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON

Pekkingarkraftur kvenna

„Konur þurfa að verða virkari á öllum sviðum fyrirtækjarekstrar - í öllum gerðum fyrirtækja, stórum og smáum, þannig að þær færi fyrirtækjum, sem þær sitja í stjórn eða veita forystu, fjölbreytta þekkingu, reynslu og ný viðskiptatengsl. Ég er þeirrar skoðunar að atvinnulífið þurfi á þekkingarkrafti kvenna að halda, en ég veit einnig að góðir hlutir gerast hægt. Mér finnst margt hafa breyst til batnaðar og ég veit að þetta er og verður eins og snjóboltinn sem hleður alltaf meiru utan á sig við hvern snúning.“

„Virkari á öllum sviðum fyrirtækjarekstrar.“



Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbanka Íslands.



Ásbjörn Gíslason, forstjóri Samskipa.

ÁSBJÖRN GÍSLASON

Aðstæðurnar eru hagfelldar

„Vissulega veiti ég því athygli þegar ég kem heim til starfa nú eftir sex ára búsetu erlendis, að hlutur kvenna í stjórnum íslenskra fyrirtækja eða í áhrifastöðum innan þeirra er fjarri því hinn sami og karla. Ef til vill ræðst þetta af afturhaldsemi, þó ég vilji ekki kveða upp allsherjardóm um orsakir. Þó eru aðstæður hér á landi til að jafna hlut kynjanna konum hagfelldar, góðir leik- og grunn-skólar og aukin áhersla á fjölskyldumál gefa báðum kynjunum svigrúm til að sækja fram. Þetta þekkjum við hér hjá Samskipum þar sem áhersla hefur verið lögð á að gefa stafsólki jöfn tækifæri - og er þá horft til hæfileika, en ekki kyns.“

„Ef til vill ræðst þetta af afturhaldi.“

SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON

Valkyrjurnar stefna hátt

„Við brautskráningu frá framhaldsskólunum í vor vakti athygli mína að alla jafna voru stúlkur að ná mjög góðum námsárangri og oft skoruðu þær beinlínis fram úr. Vísast munu þessar valkyrjur halda áfram í námi og stefna hátt. Þannig leggja æ fleiri konur til dæmis verkfræðinám fyrir sig - og það er áberandi að

„Stúlkur eru að ná mjög góðum námsárangri og oft skara þær beinlínis fram úr.“

margir af helstu stjórnendum íslenskra fyrirtækja í dag hafa slíka menntun að baki og þá hugsanlega MBA-gráðu að auki. Það að viðskiptaráðherra sendi út bréf með hvatningarorðum um að fjölga konum í stjórnum fyrirtækja skilar takmörkuðum árangri að minni hyggu og eins

það framtak þegar konur buðu fram krafta sína við stjórnarsetu. Að auka hlut kvenna í stjórnunarstörfum í atvinnulífinu snýst fyrst og fremst um að breyta hugarfari og það gerist á löngum tíma - en þar vinnur tíminn þó með konunum.“



Sigurður G. Guðjónsson, lögmaður og útgefandi.

GUÐBRANDUR SIGURÐSSON

Betur má ef duga skal

„Á aðeins örfáum árum hafa orðið algjör vatnaskil í íslensku atvinnulífi. Gömlum gildum hefur verið varpað fyrir róða og starfað er samkvæmt nýjum viðmiðum í flestum efnum. Breytingar í þá veru að hlutur kvenna í áhrifastöðum í atvinnulífinu hefur aukist er hluti af þessu, en betur má ef duga skal. Fullnaðarsigur vinnst ekki nema fólki finnst hlutur þeirra til jafns við karlana sjálfsagt mál. Við sameiningu Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík og Mjólkurbús Flóamanna í eitt fyrirtæki nú á vormánuðum reyndi ég sem kostur var að taka tillit til jafnréttissjónamiða. Í stjórnendahópi félagsins eru tíu manns, þar af ein kona, en val á þessum hópi tók mið af því starfsfólki sem var til staðar í félögunum sem voru sameinuð. Það er ljóst að við eigum nokkuð í land á þessu sviði en mjór er mikils vísir og vonandi munum við sjá eðlileg hlutföll í þessum hópi þegar fram líða stundir.“

„Reyndi sem kostur var að taka tillit til jafnréttissjónamiða.“



Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölnunnar - MS.

INGIMUNDUR SIGURPÁLSSON

Hvatning og rétt skilyrði

Fyrir það fyrsta þá þarf að skapa almenn skilyrði til þess, að bæði kyn geti tekið fullan þátt í atvinnulífinu. Samfélagshefðin er býsna sterk varðandi verkaskiptingu karla og kvenna í heimilishaldi, og er óhætt að fullyrða að hlutur kvenna í barnauppeldi hafi verið mun meiri í gegnum tíðina þótt nokkur breyting hafi orðið þar á síðari ár. Því er mikilvægt að stofnanir samfélagsins, sem koma að ummönnum og uppræðslu barna og unglinga, svo sem leikskólar, grunnskólar, tónlistarskólar og íþrótt- og æskulýðsfélög, séu skipulögð með þarfr fjölskyldna


í huga, þannig að foreldrar af báðum kynjum geti almennt tekið virkan þátt í atvinnulífinu. Í því efni þarf að huga að sveigjanleika í starfi og opnartíma, eftir því sem kostur er. Einnig vil ég nefna, að mér virðist sem margar konur hafi almennt annað gildismat en margar karlinn

- og leggi meira upp úr ýmsum öðrum þáttum til lífsfyllingar en ná má fram í stjórnarstörfum. Því tel ég að hvetja þurfi konur í vaxandi mæli til þess að sækja um lausar stjórnarstöður og ganga þurfi sérstaklega fram í því að leita til þeirra um að taka slíkar stöður að sér, ef von á að verða til þess að þeim fjölgi enn frekar í stjórnarstörfum.

„Mér virðist sem margar konur hafi almennt annað gildismat en margar karlinn.“



Ingimundur Sigurpálsson, formaður Samtaka atvinnulífsins.



Einar Sveinsson, formaður bankaráðs Íslandsbanka.

EINAR SVEINSSON

Konur þurfa hvatningu

„Í þessu efni þarf fyrst og fremst að horfa til þess að aðstæður og viðhorf í samfélaginu hafa breyst. Fleiri konur búa yfir haldgóðri menntun sem gefur þeim tækifæri til að sinna krefjandi starfi og karlmenn eru ekki síður orðnir ábyrgir fyrir heimili og fjölskyldunni. Konum eru æ oftar falin stjórnarstörf innan fyrirtækja og margar sitja í stjórnun, en hvernig í þær velst er ævinlega endurspeglun á eigendahópnum. Jarðvegurinn er til staðar en konur þurfa hvatningu til að sækja fram í atvinnulífinu og eftir því þurfum við að starfa. Félag eins og Félag kvenna í atvinnurekstri eru mikilvæg í því efni, þar sem konur fá hvatningu sem og aðgang að reynslu annarra í sömu sporum. Það er enginn vafi á því að konum mun fjölga í stjórnun, slíkt tekur þó alltaf tíma þó svo að flestir vildu sjá þessa þróun gerast með öðrum hraða.“

„Margar konur sitja í stjórnun, en hvernig í þær velst er ævinlega endurspeglun á eigendahópnum.“

HVERS VEGNA EKKI FLEIRI KONUR?

Umræða um rýran hlut kvenna í stjórnnum stærstu fyrirtækja landsins hefur verið áberandi á síðustu misserum. Kveikjan er væntanlega sú að íslensk fyrirtæki eru eftirbátar fyrirtækja í þeim löndum sem við berum okkur saman við og má þar nefna Norðurlöndin, Bretland, Bandaríkin og Kanada.

TEXTI: ÞÓRANNA JÓNSDÓTTIR
MYND: GEIR ÓLAFSSON

Lágt hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja virðist hafa komið fólki (þó aðallega kvenfólki) nokkuð í opna skjöldu þar sem lengi vel lifðum við í þeirri saklausu trú að Vigdís forseti og Kvinnalístin hefðu fleytt okkur öðrum framur hvað varðar jafnan hlut kynja. Þetta sýnir okkur svo um munar að það er hægt að sofna á verðinum, en svo mikið er víst að vakning er komin í málið.

Hvers vegna eru konur ekki fleiri?

Ýmsar skýringar á fæð kvenna í stjórnnum hafa komið fram. Kanadísk rannsókn á viðhorfum kvenna í stjórnnum leiddi í ljós að þær töldu skýringar vera að þeir sem skipa í stjórnir viti ekki hvar ætti að leita eftir kvenkyns stjórnarmönnum, þeir hafi ekki áhuga á að leita eftir konum og telji konur almennt ekki vera hæfar til stjórnarsetu. Ennfremur töldu þær hræðslu fyrirtækjanna við breytingar og hræðslu við að kvennamál komist í háamæli hindra fjölgun kvenna í stjórnnum. Rannsókn sömu aðila á viðhorfum karlkyns-

forstjóra leiddi í ljós að þeir töldu ekki nægilega margar hæfar konur vera til, kváðust ekki vita hvar ætti að leita þeirra og að það væri ekki áhugi á að fjölga þeim. Einnig nefndu þeir að konur væru óduglegar við að láta vita af áhuga sínum auk þess sem ótti við vandræðin sem fylgdu því að taka konu í stjórnina og áhyggjur af kvennastimpli voru til staðar.

Rýnifundir sem haldnir voru á vegum nefndar iðnaðar- og viðskiptaráðherra um konur og stjórnun fyrirtækja í kringum síðustu áramót leiddu svipaða hluti í ljós. Konur töldu fæð kvenna mega rekja til þess að konur væru ekki í tengslaneti karla, virði fjölbreytileika væri ekki metið og að konur vanmætu sjálfar sig. Ennfremur komu fram þau sjónarmið að verðmætamat kynjanna væri ólíkt og að konur skorti metnað. Karlar töldu hins vegar umræðuna að einhverju leyti óþarfa, stjórnarseta byggðist á getu og með aukinni menntun myndu málin lagast af sjálfu sér. Konur væru ekki tilbúnar að leggja á sig þá miklu vinnu sem til þyrfti,

það væri vesen á konum, þær byðu sig ekki fram og að ábyrgð á heimili og fjölskyldu væri íþyngjandi. Ennfremur nefndu þeir mikilvægi tengslanets, að leitað væri eftir ábendingum í gegnum félagana, og mikilvægi samheldni innan stjórnar sem þætti sem hömluðu aðgangi kvenna.

Í stuttu máli má skipta þessum skýringum upp í fjóra meginþætti.

Konur geta ekki

Þó að ekki þyki tilhlýðilegt að halda því fram að konur geti ekki eða séu almennt ekki tilbúnar til að taka að sér jafn ábyrgðarfullt starf og setu í stjórn hjá stóru fyrirtæki er það sjónarmið enn við lýði þó að það fari ekki hátt. Rök eins og þau að konur hafi ekki þá menntun og reynslu sem til þarf heyrast enn. Auðvelt er að hnekkja menntunarþættinum þar sem konur í háskólanámi á Íslandi hafa verið fleiri en karlar síðan árið 1984. Erfiðara er að sýna fram á eða hnekkja reynsluþættinum. Ákveðnar vísbendingar eru þó um að við hæfnismat starfsumsækj-



Pórranna Jónsdóttir er stjórnendaráðgjafi hjá Kaliber, lektor við Háskólann í Reykjavík og stjórnarmaður í Lyfju. Hún stundar jafnframt doktorsnám við Cranfield University.

enda sé það tillheinging matsmanna að gera minna úr reynslu kvenna en karla þó að í raun sé um sambærilega reynslu að ræða.

Konur vilja ekki

Nokkuð algengara viðhorf er að konur vilji ekki eða veigri sér við að taka að sér störf sem krefjast mikillar ábyrgðar eða vinnuframlags. Ekki er ólíklegt að þetta viðhorf sé sprottið af gefnu tilefni þó að það sé fjarri lagi að það eigi við um allar konur. Það er hins vegar áhugavert að velta fyrir sér hvers vegna konur hafna á stundum tækifærum til aukinnar ábyrgðar, eða kjósa að draga sig í hlé eftir að hafa fengið slík tækifæri. Reyndar er svo komið að uppsagnir kvenna í stjórnendastöðum stórra fyrirtækja eru orðnar vaxandi áhyggjuefni bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Í einhverjum tilvikum hefur verið bent á að almenn hræðsla kvenna við að mistakast eða að standa ekki undir væntingum eigi hlut að máli, í öðrum tilvikum hafa barn eignir og/eða fjölskylduábyrgð verið talin

líkleg skýring. Áhugaverðasta kenningin er þó að mörgu leyti sú að margar konur, sem kjósa að draga sig í hlé eða að þiggja ekki tækifæri til frekari framgangs, virðast byggja ákvörðun sína á því að heimur viðskiptanna sé hreinlega ekki sú áskorun sem þær leita eftir og lögmál hans ekki í takt við þeirra gildismat.

Konur finnast ekki

Sú staðreynd að konur virðast með einhverjum hætti „ósýnilegar“ þeim sem velja í stjórnir eða hafa áhrif á stjórnasetu er athyglisverð. Á sama tíma og karlar segja að konur þurfi að vera duglegar við að láta vita af sér, segja þeir jafnframt að stjórnarmanna sé leitað í tiltölulega þröngum hópi þar sem traust ríki milli aðila og að menn viti fyrir hvað eða hverja einstaklingurinn standi. Án efa er það mikilvægt fyrir konur að tilheyra tengslaneti til þess að verða sýnilegri, spurningin er hins vegar sú hvað þær þurfi að gera eða vera til þess að öðlast það traust sem felst í því að tilheyra slíku neti.

Á meðan stjórnarmanna er fyrst og fremst leitað í hefðbundnum tengslanetum karla er ekki vonlegt að margar konur finnist. Inntökuskilyrði í stjórnir virðast jafnframt vera nokkuð þröng og einsleit, og ekki víst að nokkur kona falli að þeim leitaraskilyrðum, sama hversu mikilli hæfni, reynslu og menntun hún býr yfir.

Ennfremur virðast inntökukröfur alla jafna vera harðari fyrir konur. Bandarískar rannsóknir hafa til að mynda sýnt að konur í stjórnnum hafi að jafnaði mun meiri menntun og reynslu en meðalkarlinn í stjórnnum. Að vissu marki má því segja að leitinn að hæfri konu í stjórn sé nokkurs konar leit að einhyrningi.

Konur eru vesen

Að lokum má víkja að þættinum sem lýtur að áhugaleysi þeirra sem við stjórnvölinn sitja og ótta við óþægindi. Það liggur í hlutarins eðli að umtalsverð fjölgun kvenna í stjórnnum mun leiða til umtalsverðra breytinga á samsetningu stjórna og breytingum

fylgir áhætta. Þar sem samheldni liðsheildarinnar og traust skiptir máli mun fjölgun kvenna að líkindum koma róti á málin. Ekki svo að skilja að þeir sem skipa stjórnir vantroysti konum, en sú stærð sem ekki er þekkt skapar áhættu og jafnvel óþægindi. Ennfremur má leiða að því líkur að einhverjir muni bera skertan hlut frá borði eins og oft vill verða við breytingar og ekki annað en eðlilegt að menn vilji standa vörð um sinn hlut.

Ef til vill er þessi þáttur sá sem erfiðast er að takast á við, meðal annars vegna þess að það er erfitt að setja hann í orð. Það er þó mikilvægt að gleyma ekki að umróti og breytingum fylgja líka tækifæri sem ekki voru sýnileg áður, þó að þau tækifæri sýni sig ef til vill ekki án óþæginda.

Hvers vegna ætti að fjölga konum í stjórnunum?

Eðlilegt er að velja upp þeirri spurningu hvers vegna fjölgun kvenna í stjórnunum sé mikilvægt eða aðkallandi málefni. Ýmsir hafa bent á að jafnrétti á vinnumarkaði verði ekki náð nema hlutur kvenna í æðstu stjórnunar- og valdastöðum verði réttur af. Ennfremur hafa komið fram þau sjónarmið að í lýðræðisþjóðfélagi eigi tækifæri til valda og metorða að vera jöfn sem ætti að skila sér í jöfnu hlutskipti í æðstu stjórnunarstöðum. Þeir sem eru á öndverðum meiddi telja jafnréttissjónarmiðið ekki eiga rétt á sér þar sem hæfari einstaklingar gætu þurft að lúta í lægra haldi þegar velja skuli einstakling til ábyrgðarstarfa, og í raun sé eina réttláta aðferðin sú að hæfni skuli ráða. Að hluta til hefur umræðan um jafnrétti þó vikið fyrir þeim sjónarmiðum að það séu bæði markaðslegir, árangurs- og afkomutengdir þættir sem séu bestu rökin fyrir því að fjölga eigi konum í stjórnunum og stjórnunarstöðum.

Fjölbreytileiki leiðir til betri árangurs

Í seinni tíð hafa þau sjónarmið átt vaxandi fylgi að fagna að aukin fjölbreytni bæði í stjórnunarstörfum og liðsheildum skili betri árangri. Heimur viðskiptanna er að breytast, hraði og flækjustig að aukast og þar með þarf fjölbreyttari liðsheild til að stýra fyrirtækjum. Ólík þekking, reynsla og hæfni getur samanlagt leitt til betri ákvarðanatöku.

Konur virðast með einhverjum hætti „ósýnilegar“ þeim sem velja í stjórnir eða hafa áhrif á stjórnarsetu.

Sýnt hefur verið fram á að fyrirtæki sem setja framgang kvenna á dagskrá nái betri árangri og skili betri afkomu.

Talsmenn þessara sjónarmiða benda meðal annars á að fæð kvenna í stjórnunum geri það að verkum að stjórnir verði almennt einsleitari. Með því að fjölga konum má auka fjölbreytileika stjórna og þar með bæta árangur.

Betri skilningur á markaðinum

Bent hefur verið á að viðskiptavinir margra fyrirtækja séu að stórum hluta konur, kaupmáttur kvenna hafi vaxið og konur taki stærstan hluta af daglegum kaupákvörðunum. Þess vegna muni þátttaka kvenna á efri stjórnunarstigum leiða til ákvörðunar- tóku sem byggir á betri skilningi á þörfum og eðli markaðarins. Að auki eru starfsmenn fyrirtækja í vaxandi mæli kvenkyns og því geti fjölgun kvenna á æðstu stöðum leitt til þess að ákvarðanir séu líklegri til að taka mið af hagsmunum starfskvenna og þannig skilað fyrirtækinu betri árangri.

Fyrirtæki mega ekki við því að vannýta hæfni og krafta kvenna


Eins og fram hefur komið hafa konur í háskólanámi á Íslandi verið fleiri en karlar í 21 ár og eru í dag um 2/3 hluti háskólanema. Þessi þróun, sem er ekki ólík þróuninni í löndunum í kring um okkur, getur ekki leitt til annars en að menntunarstig kvenna verður í náinni framtíð hærra en menntunarstig karla. Konur eru nálægt helmingi alls vinnuafis í landinu. Fyrirtæki hafa einfaldlega ekki efni á því að lúta fram hjá mikilvægi þess að nýta allan þann mannaúð sem í boði er. Ef konur, einhverra hluta vegna, veljast síður til stjórnunarstarfa eða velja sér síður stjórnunarstörf er ljóst að fyrirtæki fara á

mis við þekkingu þeirra og krafta. Fjölgun kvenna í stjórnunum er því ekki einungis tækifæri fyrir konur heldur tækifæri fyrirtækja til að efla forystusveit sína, sem og til að senda skilaboð til annarra kvenna innan fyrirtækisins um að þar séu kraftar þeirra og þekking efnisríkt og metin að verðleikum.

Fleiri konur - betri afkoma

Sýnt hefur verið fram á að fyrirtæki sem setja framgang kvenna á dagskrá nái betri árangri og skili betri afkomu. Rannsóknir Cranfield University á 100 stærstu fyrirtækjum FTSE í Bretlandi og rannsóknir Catalyst í Bandaríkjunum benda sterklega til þess að það að tengsl séu milli afkomu fyrirtækja og fjölda kvenna í stjórnunum. Þrátt fyrir þessar vísbendingar hefur ekki verið sýnt fram á orsakasamhengi milli þessara þátta, og í raun er hægt að deila um hvort það sé aukinn fjöldi kvenna sem gerir fyrirtækin að betri fyrirtækjum eða hvort að framsýn og árangursdrifin fyrirtæki sjái frekar ástæðu til að opna augun fyrir hæfileikaríkum konum. Að líkindum eru það þó báðir þættir sem í sameiningu gefa þessum fyrirtækjum þann byr sem skilar sér í betri afkomu.

Er aðgerða þörf?

Þeir eru margir sem telja að breytingar muni gerast af sjálfu sér, konur séu nú allar að koma til og í raun að sækja fram á ýmsum sviðum, og vitaskuld kann hér að eiga við máltækið um að góðir hlutir gerist hægt. Hins vegar er málið flóknara en svo að hægt sé að setja það upp með þeim hætti að þegar konur séu búnar að ná hinu og þessu takmarkinu verði málið leyst. Það að staðan jafnist „þegar konur eru búnar að ná körlum“, felur í sér þá ótvíræðu skilgreiningu að það að hafa það sem karlar hafa sé réttara og betra. Það er hins vegar allsendis óvíst að konur hafi yfir höfuð áhuga á „að ná körlum“ og þaðan af síður víst að í því felist einhver sérstakur ávinningur fyrir viðskiptalífíð eða þjóðfélagið að allir hegði sér eins og karlar. Viðskiptalífíð þarf á fjölbreyttum eiginleikum að halda, við þurfum á hæfileikum og gildismati beggja kynja að halda. Þess vegna þarf að byggja brúna báðum megin frá og grípa til viðeigandi aðgerða ef hlutirnir eiga að breytast. 

ÁSTA BJARNADÓTTIR:

KONUR VILJA SITJA Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

TEXTI: **GEIR A. GUÐSTEINSSON**

MYND: **GEIR ÓLAFSSON**



Ásta Bjarnadóttir, forstöðumaður BS-náms í viðskiptafræði við HR.

Undir lok árs 2003 buðu 7 konur, sem starfa við Háskólann í Reykjavík, sig fram til stjórnarsetu í fyrirtækjum á Aðallista Kauphallar Íslands. Með þessu vildu konurnar slá á þann orðróm að konur hefðu almennt ekki áhuga á stjórnunar- og ábyrgðastörfum. Allar höfðu þessar konur mikla þekkingu á viðskiptum og reynslu af stjórnunarstörfum. Þetta voru þær Guðfinna Bjarnadóttir, Þórdís Sigurðardóttir, Anna Margrét Marínósdóttir, Halla Tómasdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Þórunna Jónsdóttir og Ásta Bjarnadóttir.

Árið 2003 var hlutur kvenna í stjórnnum fyrirtækja í Kauphöllinni 5,3%. Síðastliðið haust var hlutur kvenna í stjórnnum 81 fyrirtækis 10,08% en nú, eftir að aðalfundarhrinu hlutafélaga lauk, var hlutur kvenna kominn í 11,28%, þ.e. af 390 stjórnarmönnum í 80 fyrirtækjum voru konur 44 talsins en karlar 346. Konum hafði fjölgað um einungis fjórar frá því í haust. Það hversu fáar konur sitja í stjórnnum fyrirtækja hefur verið talið lýsandi fyrir stöðu jafnréttismála á Íslandi, en hlutfall kvenna í ædstu stjórnunarstöðum og framkvæmdastjórnnum er þó hærra en í stjórnarherbergjum þeirra.


„Árangurinn af því að við buðum okkur fram til stjórnarsetu er sáralitill“

Ásta Bjarnadóttir er forstöðumaður BS-náms í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. „Aðdragandi þessa máls var að forkólfur í íslensku atvinnulífi var spurður í fjölmiðlum í kjölfar stjórnarkjörs hvers vegna ekki væru konur í stjórninni, og sagði hann þá að það væri erfitt að finna hæfar konur. Hann gaf í skyn að konur gætu ekki eða vildu ekki sitja í stjórnnum fyrirtækja. Við vonuðum að þetta framtak okkar yrði til þess að konum fjölgaði í stjórnnum og öllum yrði ljóst að til væri fjöldi hæfra kvenna til að gegna stjórnunarstörfum. Þessi hópur er nú í stjórnnum nær 10 fyrirtækja, en almennt hefur konum í stjórnnum ekki fjölgað mikið.“

„Ég tel að orsök þessarar stöðu liggir í því viðhorfi sem margir fjárfestar hafa til þess hvernig eigi að skipa í stjórnir. Skammtímahagsmunir eru ríkjandi en áhersla á góðan rekstur og að byggja upp gott fyrirtæki til framtíðar er víkjandi. Mér sýnist að fjármagnseigendur vilji í raun ekki hafa mörg sjónarmið inni á stjórnarfundum, heldur vilji halda þessu öllu nálægt sér og geta tekið ákvarðanir hratt án þess að þurfa að ræða mikið við stjórnina, t.d. við sameiningu fyrirtækja. Því skipa menn oft vini sína í stjórn, fremur en að leita eftir breiðri þekkingu á mismunandi

sviðum. Þessi aðferð er algerlega í mótsögn við stefnu Kauphallarinnar um óháða stjórnarmenn. Svo má auðvitað líka spyrja sig af hverju svo fáar konur fara fyrir því fjármagni sem fjölskyldur landsins eiga.

Árangurinn af því að við buðum okkur fram til stjórnarsetu er sáralitill, og megin-skýringin er að mínu mati að viðhorfið til þess hvernig eigi að skipa í stjórnir hefur ekki breyst. Í opinbera geiranum eru mun fleiri konur í stjórnnum, enda er þar enginn fjármagnseigandi sem hefur hag af því að stjórnin sé einsleit, heldur er þjóðin öll eigandi þeirra fyrirtækja og stofnana. Þar virðist ríkja meira mat á hæfni og þekkingu.

Vissulega má finna að meðal fjárfesta er vaxandi vilji til þess að hafa konu í stjórn, en yfirleitt láta menn aðeins eina nægja. Því fylgir hins vegar ákveðinn vandi sem er sá að rödd sem er í svo miklum minnihluta hefur tilhneigingu til að fylgja meirihlutanum frekar en að koma fram með ólík sjónarmið, það sýna margar rannsóknir. En hver er sérstæða kvenna sem stjórnenda? Konur hafa oftast meiri samskiptahæfni, tala meira við grasrótina og eru yfirleitt varkárari í fjármálum. Ein kona í stjórn breytir hins vegar litlu. Strax og konur í stjórn eru orðnar tvær þá eru líkur til að þeirra sjónarmið fari að heyrast,“ segir Ásta Bjarnadóttir. 

Elfur Logadóttir skrifaði nýlega BS-ritgerð við Háskólann í Reykjavík um tjáningarfrelsi og auglýsingar. Ritgerðin fékk framúrskarandi einkunn.

HVAÐ MÁ AUGLÝSA?

TEXTI: **ELFUR LOGADÓTTIR**



Greinarhöfundur, Elfur Logadóttir. BS-ritgerð hennar um tjáningarfrelsi og auglýsingar hefur vakið athygli.

Auglýsing er viðskiptaleg tjáning skoðunar, sjónamiðs eða upplýsinga og sem slík nýtur hún verndar stjórnarskrár, en frelsi stjórnarskrár má almennt ekki skerða. Þannig lýtur auglýsingin þeim takmörkunum á viðskiptalegu tjáningarfrelsi sem settar hafa verið á grundvelli stjórnarskrárinnar. Auglýsing er einnig viðskiptagerningur; keypt tilkynning sem skal skilmerkilega aðgreind, bæði í tíma og rúmi, frá því ritstjórnarefni sem umlykur hana.

Hæstiréttur hefur látið þau orð falla að auglýsing sé tjáningarform, sem hafi mikla þýðingu í nútímaþjóðfélagi við upplýsingamiðlun til almennings því hún enduspeglar hvernig við lítum á hluti og hvernig við sjáum okkur sjálf, og að rétt sé að vernda auglýsingar fyrir of mikilli íhlutun stjórnvalda vegna réttar almennings til upplýsinga og vegna þess að fjölmiðlar, sem þrífast á auglýsingum, gegna lykilhlutverki í lýðræðisþjóðfélagi. Jafnframt þarf að gæta þess að þessar gagnlegu upplýsingar geymi efni sem er sanngjarnt og sannleikanum samkvæmt - að góðir viðskiptahættir setji afli fjármagnsins valdmörk.

Tjáningarfrelsið og verndarmarkmiðin

Grunnreglan um tjáningarfrelsi kemur fram í upphafi 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og birtingamynd þess er hið virka lýðræði þar sem óheft opinber umræða, ásamt frjálsum upplýsingaflæði, er ein af forsendunum. Í ákvæðinu segir að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar og að ritskoðun eða aðrar tálmanir á tjáningarfrelsi megi aldrei í lög leiða. Þrátt fyrir þetta skýlausa bann við tálum heimilar stjórnarskráin takmörkun á tjáningarfrelsinu að uppfylltum þremur skilyrðum: Takmörkunin verður að vera lögbundin, þarf

að þjóna einhverju þeirra lögmætu markmiða sem eru sérstaklega tilgreind í ákvæðinu og auk þess að vera nauðsynleg og samrýmast lýðræðishefðum. Hinar lögbundnu takmarkanir þurfa því að vera nauðsynlegar í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannröðs annarra.

Að grunni til eru auglýsingar ekki frábrugðnar annarri tjáningu, en þar sem áhrif þeirra varða fjárhag fólks má gera ráð fyrir að tjáning í auglýsingum sé takmörkuð meira en önnur tjáning. Byggist það aðallega á því sjónarmiði að fólk verður ekki hindrað í tjáningu skoðunar sinnar, þó sannleiksgildið sé rýrt, ólíkt því sem eðlilegt er að ætlast til í auglýsingum á grundvelli áðurnefndra verndarmarkmiða og að teknu tilliti til reglna um góða viðskiptahætti.

Takmarkanir á tjáningu auglýsinga er að finna í ýmsum lögum. Löggjöfinni er ýmist ætlað að banna umfjöllun, eins og gildir um tóbak, eða takmarka, þannig að umfjöllun á ákveðnum sviðum eða á ákveðinn hátt er takmörkuð, eins og gildir um áfengi og lyf. Að lokum má nefna takmarkanir sem hvað styst ganga en eru jafnframt þær sem oftast þarf að taka tillit til: Takmarkanir á framsetningu auglýsinga. Hér undir falla til dæmis ákvæði nýrra laga um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum, ákvæði útvarpslaga um auglýsingar og önnur ákvæði sem snúa að neytendavernd.

Löggjöfin er almennt nokkuð skýr um þetta efni en engu að síður hefur talsvert borið á því undanfarin misseri að auglýsendur leiti á grátt svæði. Sem dæmi um það má nefna að birtar hafa verið umdeildar auglýsingar sem hefur verið reynt að fella undir lögina með „tæknilegum“ aðferðum, svo sem auglýsingar um hjór undir nafni léttbjórs.

Grátt svæði?


Erfitt er að henda reiður á hugtakinu grátt svæði. Jafnvel er spurning hvort um eiginlegt hugtak sé að ræða, heldur óljósa hugmynd eða orðalag, sem notað er um tjáningu sem hvorki er hægt að segja að sé siðferðilega

legga rétt eða siðferðilega röng vegna þess hversu flókin eða aðstæðubundin tjáningin er. Jafnframt er sagt að tjáning sé lagalega á gráu svæði þegar lögín eru óskýr auk þess sem grátt svæði sé nátengt þolmörkum þjóðfélagsins.

Löghlýðni ræðst meðal annars af samræmi lagafyrirmæla við siðferðisvitund, þarfir og lífsstíl fólks. Leggja þarf því mat á hversu siðleg tjáning er, meta siðmæti hennar, auk lögmætis. Með myndrænni framsetningu þar sem lögmæti og siðmæti eru sett hvort á sinn ásinn, kemur í ljós að tjáning í auglýsingum skiptist í fjóra flokka (sbr. mynd hér til hliðar). Það telst því til grás svæðis þar sem ekki fer saman lögmæti og siðmæti, þar sem hegðun er ýmist lögleg en siðlaus eða ólögleg en siðleg.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að gildandi löggjöf og siðferðisvitund þróast í gagnstæðar áttir. Þá getur komið upp sú staða að allir hættu að fylgja lögum - bæði borgarar og eftirlitsaðilar. Þannig geta auglýsingar sem eru á gráu svæði verið samþykktar af þjóðfélaginu, þrátt fyrir að brjóta gildandi löggjöf.

Það er nokkuð algengt að birtar séu auglýsingar á gráu svæði, þar sem dansað er með lagni á línunni en ítrekað stigið niður röngu megin, hvort sem það er viljandi eða óviljandi. Oftar en ekki fá auglýsingar þessar sérstaka athygli og fjölmiðlaumræðu þar sem fulltrúar auglýsanda og/eða framleiðanda fá tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þar með fær varan, auglýsingin, auglýsandinn og framleiðandinn aukna athygli að kostnaðarlausu. Spyrja má hvort leikurinn sé stundum til þess gerður, því reynslan sýnir að yfirleitt sleppa aðilar létt frá slíkum dansi.



Takmarkanir á tjáningu auglýsinga er að finna í ýmsum lögum. Löggjöfinni er ýmist ætlað að banna umfjöllun, eins og gildir um tóbak, eða takmarka, þannig að umfjöllun á ákveðnum sviðum eða á ákveðinn hátt er takmörkuð, eins og gildir um áfengi og lyf.

Hugtakið grátt svæði tengist mjög umræðu um góða viðskiptahætti og siðferði, því það stjórnast af siðferðisvitund samfélagsins hvort samþykkt verður að auglýsendur séu á gráu svæði með auglýsingar sínar. Í ákvörðun samkeppnisráðs frá árinu 2002 taldi ráðið að með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins, viti stjórnendur fyrirtækja í meginþorra tilvika hvað sé siðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki, hvemig sem þeir fara með þá vitneskju.

Hvað má þá?

Reyndin er að það má auglýsa allt sem ekki er bannað.

Það má ekki auglýsa tóbak og ekki áfengi, þó að óáfenga drykki með sama nafni megi kynna, enda sé augljóst að ekki sé verið að vísa til hinnar áfengu framleiðslu. Það má ekki auglýsa lyf nema í fagritum heilbrigðisstétta, að frátöldum lausasölulyfjum, sem þó má ekki auglýsa í sjónvarpi. Ekki má vera ósanngjarn gagnvart samkeppnisaðilum, það má ekki segja ósatt eða hagræða staðreyndum, það má ekki ofbjóða og ekki pretta og ekki vera óskýr, nema stundum. Það má ekki birta börn í ósæmilegu umhverfi og ekki beina auglýsingum að ungum börnum. Það má ekki auglýsa mig án míns samþykkis og lækmar, lögfræðingar og jafnvel tannlækmar mega ekki auglýsa starfsemi sína, nema til kynningar á nýrri staðsetningu.

Duldar auglýsingar eru jafnframt með öllu óheimilar. Auglýsing telst dulin þegar umfjöllun í máli eða myndum á vöru, þjónustu, vörumerki eða starfsemi aðila er framleiðir vöru eða veitir þjónustu er felld inn í efni þannig að þeir sem höfðað er til gera sér jafnvel ekki grein fyrir því að um auglýsingu sé að ræða, til dæmis Trópiferna á borði umsjónarmanna í sjónvarpi eða umfjöllun um verðlækkun á tilgreindri hjórtegund í Vínubúðinni. Þannig auglýsingar brjóta jafnframt gegn siðareglum blaðamanna um að gæta þess að rugla ekki saman ritstjórnarlegu efni, sem hefur augljóst upplýsinga- og fræðslugildi, og auglýsingum í myndum og/eða máli.


... en það má allt annað. Það má sem sagt framleiða og birta auglýsingar sem eru löglegar, siðlegar, heildarlegar og sannar; auglýsingar sem

taka tillit til samfélagsins alls, neytenda jafnt sem markaðsaðila.

Í reynd halda takmarkanirnar ekki

Sett hafa verið lagaákvæði um flesta þá viðskiptalegu tjáningu sem takmörkunarfarnast en mönnum ber ekki saman um hversu árangursrík slík lagasetning hefur verið. Ljóst er að þrátt fyrir þær takmarkanir sem settar hafa verið þá markast hegðun auglýsenda á markaði fyrst og fremst af þeim viðbrögðum sem fást hjá eftirlitsaðilum.

Það eru fyrst og fremst þrjár aðilar sem hafa eftirlit með því að auglýsingar sem birtast í fjölmiðlum séu í samræmi við lög: Neytendastofa tekur nú við eftirliti samkeppnisyfirvalda með brotum gegn lögum um eftirlit með ólögætum viðskiptaháttum og lögum um neytendalán, Lyfjastofnun hefur eftirlit með lyfjauglýsingum en eftirlit með öðrum lagaákvæðum er í höndum lögreglu. Eftirlitsaðilar þessir hafa frumkvæðisskyldu til viðbragða við brotum en einnig bregðast þeir við kærnum sem berast, ýmist frá samkeppnisaðilum, hagsmunasamtökum, neytendasamtökum eða einstaklingum. Reyndin hefur hins vegar verið sú að frumkvæðisskyldu eftirlitsaðilanna er sjaldan framfylgt vegna manneklu og eru því rannsóknir á málum háðar einstökum kærnum. Auk þessara þriggja aðila fjallar síðanefnd SÍA um mál sem til hennar er vísað vegna meintra brota gegn siðareglum um auglýsingar.

Þrátt fyrir viðleitni löggjafans til þess að takmarka viðskiptalegt tjáningarfrelsi er langt frá því að það hafi gengið eftir, fyrst og fremst vegna þess að markmið flestra þeirra laga, sem sett hafa verið til höfuðs frelsinu, hafa verið þess eðlis að ekki hefur verið talið heimilt að ganga mjög langt í takmörkununum. Jafnframt hefur það sýnt sig að til þess að takmarkanirnar haldi þá verður að ganga langt, skilgreina verður í raun nokkuð nákvæmlega hvað skal falla undir þá auglýsingu sem á að banna eða takmarka. Vegna breytinga á tíðaranda og siðferðisvitund manna eru slíkar skilgreiningar hins vegar mjög vandasamar, því það sem banna þyrfti breytist í takt við slíka þróun. Þar sem svo nákvæmar skilgreiningar eru vart mögulegar þá aukast líkurnar á því að grá svæði myndist og á gráu svæði þrífast þeir sem reyna að fara í kringum lögin með einhverjum hætti. 

LAUNAMUNUR KARLA OG KVENNA

Nýjasta könnun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga sýnir að karlar í faginu hafa 29,6% hærra heildarlaun en konur sem eru viðskiptafræðingar. Þegar tekið hefur verið tillit til starfs, vinnuframlags og fleiri þátta er kynbundinn launamunur hjá stéttinni 7,6% en var 6,8% árið 2003.

TEXTI: **HILMAR KARLSSON**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

Stutt er síðan Runólfur Ágústsson, rektor Viðskipta-háskólans að Bifröst, sagði í útskriftarræðu að karlar sem útskrifast úr viðskiptafræði geti gert ráð fyrir því að fá 50% hærra laun en skólasystur þeirra og vitnaði hann í nýja könnun á kjörum lög- og viðskiptafræðinga sem útskrifast hafa á síðustu fimm árum. Runólfur ávarpaði konur í útskriftarhópnum sérstaklega í ræðu sinni og sagðist skammast sín fyrir þau skilaboð að íslenskt atvinnulíf mæti þær ekki að verðleikum. Er þessi niðurstaða á skjön við niðurstöður sem koma fram í nýrri könnun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

Frá árinu 1979 hefur Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

framkvæmt launakannanir meðal félagsmanna með reglulegu millibili og því fylgst vel með launaþróun félagsmanna sinna. Nýjasta könnunin sýnir að laun kvenna hafa hækkað örlítið meira frá árinu 2003 en karla. Heildarlaun kvenna hækka um 10,8% en karla um 10% milli mælinga. Þegar ekki er tekið tillit

Karlar í FVH hafa tæplega 29,6% hærra heildarlaun en konur samanborið við tæplega 30,6% launamun árið 2003 og 21,6% árið 2001.


til annarra þátta virðist launamunur kynjanna nú örlítið minni en fyrir tveimur árum.


Karlar í FVH hafa tæplega 29,6% hærra heildarlaun en konur samanborið við tæplega 30,6% launamun árið 2003 og 21,6% árið 2001. Þegar launamunurinn hefur verið leiðréttur miðað við fjölda vinnustunda á viku er hann 21,5% en var 17% í kjarakönnun 2003 og tæplega 15% árið 2001. Þegar launamunur kynjanna er svo leiðréttur með tilliti til fleiri þátta eins og menntunar, starfs, atvinnugreinar,

Úr kjarakönnun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, FVH

aldurs, vinnuframlags, mannaforráða og starfsaldurs kemur í ljós að kynbundinn launamunur hjá viðskipta- og hagfræðingum er nú 7,6% en var 6,8% árið 2003.

Þessi niðurstaða um launamismuninn er ekki í samræmi við niðurstöður könnunarinnar sem Runólfur Ágústsson vitnaði í og gagnrýnd hefur verið. Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði til að mynda að könnunin væri fyrst og fremst vísbending um hvernig tilteknu fólki vegnar á fyrstu árum sínum í atvinnulífinu.

Hvað sem háum eða lágum tölum líður um launamismun karla og kvenna er það staðreynd að um launamismun er að ræða. Er hægt að sporna við þróuninni og lagfæra mismuninn eða eru eðlilegar skýringar á launamismuninum og er ekki ólíklegt að það sé meðvitund stefna fyrirtækja að borga konum lægri laun en körlum? 



Meðaltal vinnustunda karla á vinnustað á viku er 46,4 stundir og stendur nánast í stað frá síðustu mælingu. Meðaltal vinnustunda kvenna eykst á hinn bóginn úr 41,7 stundum á viku árið 2003 í 43,5 stundir í ár.

GUNNAR PÁLL PÁLSSON, FORMAÐUR VR:

Konur nálgast karla með auknum hraða

Nú eru að verða fjörutíu ár frá því að tekið var á launamuni kynja í kjarasamningum og með lögum. Fyrir þann tíma viðgengust mismunandi launataxtar og var munurinn um 40% í kjarasamningum verslunamanna. Rökin sem notuð voru þá fyrir þessum mismun voru að greitt væri fyrir afköst í líkamlegri vinnu.

Vandinn í jöfnun launamunar kynja felst annars vegar í hvað laun geta hækkað mikið og hins vegar hvaða þættir ráða launum. Ef við skoðum launahækkanir verslunarmanna þá höfum við hækkað taxtana um 390.000% frá 1955, sem hefur skilað tæplega 93% kaupmáttaraukningu á tímabilinu þegar verðbólga hefur verið tekin frá, eða um 1,32% á ári að meðaltali. Ef við gefum okkur að þjóðarsátt næðist um að konur nyttu 50% meiri árlegrar kaupmáttaraukn-

ingar en karlar, þá tæki um 70 ár að jafna kynbundinn launamun frá því að hann var um 40%. Í dag mælist munurinn um 15% og hefur því minnkað um 25% á fjörutíu árum, sem svarar til þess að konur hafi fengið um 50% meiri kaupmáttaraukningu frá 1966. Stór hluti af þessari kaupmáttaraukningu kvenna hefur komið á síðustu árum og því virðast konur nálgast karla með auknum hraða.


Við í VR höfum sett jöfnun launamunar kynja í forgang og teljum nauðsynlegt að líta raunsætt á verkefnið og vinna á sem flestum þáttum málsins í einu. Hækka lágmarkslaunataxta, taka upp ákvæði um markaðslaun í kjarasamningum, sem hafa skilað VR-konum árangri umfram karla, og beita áróðri. Þó margt jákvætt hefur gerst á undanförmum árum eins og upptaka nýs fæðingaror-



Gunnar Páll Pálsson: „Við í VR höfum sett jöfnun launamunar kynja í forgang.“

lofskerfis, er ljóst að enn tekur nokkurn tíma að ná fullum jöfnuði en vonandi tekur það skemmi tíma en 70 ár, þ.a.s. 30 ár héðan í frá. Nokkrar umræður hafa verið í þjóðfélaginu um að launamunur aukist aftur á ný. Ekki hafa sést neinar nákvæmar mælingar á því en þó gæti það verið sökum uppsveiflunnar, en það er þekkt að yfirvinna eykst á þenslutímum og að karlar vinna mun meiri yfirvinnu en konur. Ef svo er má búast við að það jafnist út þegar meira jafnvægi kemst á efnahagslífið.“

Úr kjarakönnun Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga, FVH



Þegar launamunur kynjanna í FVH er svo leiðréttur með tilliti til menntunar, starfs, atvinnugreinar, aldurs, vinnuframlags, mannaforráða og starfsaldurs er kynbundinn launamunur hjá viðskipta- og hagfræðingum nú 7,6% en var 6,8% árið 2003.

Miðgildi heildarlaunatekna viðskipta- og hagfræðinga í febrúar 2005 var 460 þúsund kr. Heildarlaun hafa hækkað um 5,75% frá 2003, eða um tæp 3% á ári. Hækkun á miðgildi launa er mun minni nú en fyrir tveimur árum þegar laun höfðu hækkað um 13,9% og fyrir fjórum árum þegar laun höfðu hækkað um rúm 19% á tveggja ára tímabili. Meðaltal heildarmánaðarlauna viðskipta- og hagfræðinga er tæplega 519 þúsund kr. nú en var rúmlega 475 þúsund kr. árið 2003.

INGÓLFUR V. GÍSLASON, SVIÐSSTJÓRI Á JAFNRÉTTISSTOFU:

Launamunur er mannanna verk

Flestar athuganir, sem gerðar hafa verið héraendis á atvinnutekjum karla og kvenna, benda til þess að þar dragi saman. Enn er munurinn þó verulegur og þegar tekið er tillit til vinnutímabruunarinnar þá er óvíst að breytingin hafi verið mikil.

Auðvitað er unnt að minnka eða eyða launamun kynjanna. Hann er mannanna verk en ekki náttúrulögmál. Að auki segiast allir vera á móti launamuninum og því ætti verkið að vera öllum kært. Það er alveg ljóst að verulegur hluti hins almenna launamunar stafar af mislögum vinnutíma kynjanna. Sá munur á sér á hinn bóginn að mestu leyti skýringu í mismunandi fjölskylduábyrgð karla og kvenna þar sem enn er mjög ríkt í samfélaginu að líta á karlinn sem meginfyrirvinnu hverrar fjölskyldu en konuna sem þann aðila sem ábyrgð beri á börnunum og umhyggjunni. Hvort tveggja



Ingólfur V. Gíslason: „Á fimmtungi íslenskra heimila er konan tekjuhærrí en karlinn.“

er hins vegar að breytast. Á um fimmtungi íslenskra heimila er konan tekjuhærrí en karlinn.

Það er vafalítið ekki meðvituð stefna

fyrirtækja almennt að mismuna konum og körlum hvorki varðandi laun né annað. Væru allir á taxtalaunum hyrri stór hluti launamunarins að teknu tilliti til vinnutíma. En svo er ekki og flestar athuganir sýna að karlar fá mun meira en konur þegar kemur að yfirborgunum og fríðindum.

Að því gefnu að mismunurinn sé ómeðvituð og að því líka gefnu að eigendur og stjórnendur fyrirtækja vilji útrýma launamuninum er skynsamlegasta leiðin að setja sér jafnréttisáætlun, skoða innviði fyrirtækisins og setja skýr breytingamarkmið þar sem í ljós kemur að eitthvað er athugunarvert. Slíkt mun ekki aðeins hafa jákvæð áhrif á framléðni og ánægju starfsmanna, það mun líka verða fyrirtækinu til framdráttar í samfélaginu í heild því allar kannanir sýna að Íslendingar eru því mjög hlyntrir að staða og möguleikar kynjanna séu jafnaðir.“

ÞAÐ GILDIR ENGIN HELMINGA-SKIPTAREGLA Í SAMBÚÐ

TEXTI: **GEIR A. GUÐSTEINSSON**

MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON**

Guðrún Helga Brynleifsdóttir, lögmaður og rekstrarhagfræðingur á Lögfræðistofu Reykjavíkur, hefur mikið af skilnaðarmálum á sínum borðum. Hún ræðir hér um skilnaði og skiptingu eigna. Það er ekki alltaf allt sem sýnist.

Skilnaðir og skipting eigna bitna oft á þeim sem venjulega eiga engan þátt í þeim, þ.e. börnunum. Sérstaklega þegar börnin upplifa skyndilega hatur á milli foreldranna í aðdraganda skilnaðarins og við hann. Skilnaður verður oft erfiðari þegar miklar eignir eru í spilu, sérstaklega þegar annar aðilinn telur sig „eiga“ eignirnar, sem jafnvel getur verið fyrirtæki. Foreldraarfur, sem runnið hefur inn í sameiginlegt bú hjóna, getur einnig valdið illvígum deilum þegar til búskipta kemur.

Uppgjör búa við sambúðarslit er með öðrum hætti en við skilnað, sérstaklega þegar t.d. um arf og framfærslulífeyri er að ræða. Skilnaðir og sambúðarslit verða e.t.v. oftar eftir skemmri samvistir en oft var áður, t.d. eftir fimm ára sambúð og tvö börn.

Skilnaðartíðnin hér mun þó ekki vera eins há og á hinum Norður-löndunum, sem helgast e.t.v. af því að sambúðarformið er nokkuð algengt hér á landi.

Guðrún Helga Brynleifsdóttir, lögmaður og rekstrarhagfræðingur á Lögfræðistofu

Reykjavíkur, segir að tilefni skilnaðar hafi eðli máls samkvæmt lítið breyst. Eftir 30 ára hjónaband er það oft sameiginleg ákvörðun hjóna að skilja vegna þess að þau hafa „vaxið frá hvort öðru“ eins og það er oft nefnt. Svo getur tilefnið verið framhjáhald eða erfiðleikar í fjármálum, t.d. gjaldþrot. Í kjölfar mikilla fjárhagserfiðleika bresta mörg hjónabönd. Hins vegar er eldra fólk oft nægjusamara, útgjöld eru ekki eins mikil og þau eru gjarnan við upphaf hjónabands eða sambúðar. Tilfinningin er engu að síður sú að ungt fólk gefst nokkuð fljótt upp þegar eitthvað hjátar á og ákveður að skilja.

- Er tíðni kaupmála að aukast eða gengur fólk almennt í hjónaband í dag, jafnvel þótt annar aðilinn sé ekki að koma með miklar eignir með sér í hjónabandið?

„Ungt fólk er ekki mikið að gera kaupmála þegar það gengur í hjónaband. Það er hins vegar mjög algengt þegar fólk gengur í hjónaband öðru sinni og mikill eignamunur er með aðilum. Þegar miklar eignir eru eða mikill aldursmunur er með aðilum, er oft farin sú leið að tryggja sig með kaupmála, ekki síst ef viðkomandi hefur áður gengið í gegnum erfiðan skilnað og telur sig hafa þar borið skarðan hlut frá borði. Slíkir kaupmálar eru töluvert að færast í aukana og mér finnst það jákvætt að fólk skuli sýna viðleitni til þess að hafa þessi mál á hreinu.

Nokkuð er um að rekstur sé gerður að séreign með kaupmála þegar um fyrirtækja-

Guðrún Helga Brynleifsdóttir, lögmaður og rekstrarhagfræðingur.

rekstur annars hjóna er að ræða. Ótrúlega margir telja t.d. að eignarhlutur maka í rekstri komi ekki til skipta við skilnað. En fyrirtæki í eigu annars makans, hvort sem makinn rekur fyrirtæki einn eða í samrekstri með öðrum, koma til skipta með sama hætti og aðrar eignir búsins. Það eru því óneitanlega miklir hagsmunir í húfi þegar þannig háttar til og mikilvægt að menn þekki réttarstöðuna. Oft er erfitt að meta verðgildi fyrirtækja við skilnað, t.d. viðskiptavild, en ársreikningar fyrirtækja eru auðvitað grundvöllur matsins.“

- Eru dæmi þess að til þín hafi leitað fólk í þeim tilgangi að gera kaupmála en síðan hafi ekki náðst sátt um efni hans hér á skrifstofunni?

„Nei, samkomulag liggur nánast alltaf fyrir þegar ákvörðun er gerð um kaupmála og aðilar hafa yfirleitt mjög ákveðnar skoðanir á efni hans áður en komið er til lögmanns. Það er ekki verið að þjarka um efni kaupmála á því stigi. Sé fólk hins vegar í vafa um það hvert efnið eigi að vera aðstoðar lögmaðurinn vitaskuld við að ráða fram úr því.“

Það getur hins vegar orðið ágreiningur um túlkun kaupmála við skilnað þó manni virðist hann vera „kristaltær“ samkvæmt orðalagi sínu. Sem dæmi má nefna að þær eignir sem gerðar voru að séreignum með kaupmála hafa síðan verið seldar og aðrar dýrari keyptar í staðinn með fjárframlagi beggja hjóna. Við slíkar aðstæður verður að meta hversu stór hluti þeirrar eignar sem var til staðar við gerð kaupmálans er inni í núverandi eignum við skilnaðinn. Þá koma oft upp „verðmætapaðlingar“ sem reynir á við túlkun á kaupmálanum.“

- Eru dæmi þess í dag að konur beri skarðan hlut frá borði við skilnað, eru „sviknar“ um þann eignarhluta sem þeim ber lögum samkvæmt?

„Ég vil nú ekki fullyrða það, en ef enginn kaupmáli liggur fyrir er það helmingaskiptareglan sem gildir. Lögmenn reyna yfirleitt til þrautar að ná samkomulagi við eignaskiptin. Þeirri leið að vísa eignaskiptum til

„Það eru ákvæði í lögum um hvernig fara skuli með skiptingu eigna og engu skiptir hvort hjón eru að skilja vegna framhjáhalds, þreytu eða leiða í hjónabandi, fjárhagsvandamála eða af öðrum ástæðum.“

opinberra skipta fylgir oft mikill kostnaður og er algjör þrautalending við eignaskipti milli hjóna - auk þess sem það er oft mjög tímafrekt.“

- Eimir enn eftir af því sjónarmiði meðal karla að konan eigi nánast ekki að bera neitt úr bítum við skilnað vegna þess að

hún hafi alla tíð verið heima og hugsað um heimilið en ekki verið úti á vinnu- markaðnum?

„Já, ég heyrir þetta sjónarmið ennþá þótt ótrúlegt kunnir að virðast. Ég heyrir líka það sjónarmið þegar skilnaður verður vegna framhjáhalds, að sá sem telur á sér brotið eigi að fá meira en helming eigna við skiptin. Það eru ákvæði í lögum um hvernig fara skuli með skiptingu eigna og engu skiptir hvort hjón eru að skilja vegna framhjáhalds, þreytu eða leiða í hjónabandi, fjárhagsvandamála eða af öðrum ástæðum.“

Ef kona vill t.d. skilja við mann sinn og hann neitar að skilja þá getur hún engu að síður sótt um skilnað að borði og sæng. Ef ekki tekst að ganga frá eignaskiptum og forsjá barna, er hægt að leita atbeina dómstóla,



„Stöðugt algengara er við slíkar aðstæður að gerð hafi verið erfðaskrá þar sem ákveðið er að arfur skuli vera séreign erfingja. Þá þarf engan kaupmála og arfurinn rennur ekki inn í bú hjónanna.“

„Fyrirtæki í eigu annars makans, hvort sem makinn rekur fyrirtæki einn eða í samrekstri með öðrum, koma til skipta með sama hætti og aðrar eignir búsin.“

„Kaupmálar eru töluvert að færast í aukana og mér finnst það jákvætt að fólk skuli sýna viðleitni til þess að hafa þessi mál á hreinu.“

„Oft er erfitt að meta verðgildi fyrirtækja við skilnað, t.d. viðskiptavild, en ársreikningar fyrirtækja eru auðvitað grundvöllur matsins.“

„Arfur er alltaf hjúskapareign og erfinginn getur ákveðið að halda eigninni, en verður að greiða hinum aðilanum helming andvirðisins við skilnað.“

fara fram á opinber skipti og stefna forsjármálinu til dómstóla. Með því er hægt að fá skilnað að borði og sæng þrátt fyrir neitun makans. Að setja skilnaðarmál í þennan farveg er kostnaðarsamt og oft tekur langan tíma að fá niðurstöðu um eignaskiptin og forsjá barna. En því miður er þessi leið oft óhjálpsæm. Það kostar oft mikla fjármuni að vera þrjóskur og vert er að benda á að við ákvörðun skiptakostnaðar milli aðila er oft tekið mið af því.“

- Kemur oft upp ágreiningur um upphæð meðlaga, framfærslulífeyris eða makalífeyris við skilnað ef maðurinn er t.d. með mjög góðar tekjur og á fyrirtæki sem kemur í hans hlut, en konan kannski ekki á vinnumarkaðnum?

„Ef ekki næst samkomulag um þessi atriði er hægt að skjóta ágreiningi til sýslumanns. Sýslumaður byggir ákvörðun sína á ákveðnum verklagsreglum eða reiknireglum þegar ákvörðun er tekin um hvort maður eigi t.d. að greiða tvöfalt eða þrefalt meðlag. Það sama gildir um ákvörðun makalífeyris á meðan á skilnaði að borði og sæng stendur. Það byggist m.a. á tekjum aðila. Maður sem er með eina milljón krónur í tekjur á mánuði getur átt það „á hættu“ að þurfa að greiða þrefalt meðlag.“


Guðrún Helga segir að mjög oft sé gerður kaupmáli ef annar aðilinn eigi í vændum eða hafi fengið mikinn arf, t.d. frá foreldrum. Hins vegar sé stöðugt algengara við slíkar aðstæður að gerð hafi verið erfðaskrá þar sem ákveðið er að arfur skuli vera séreign erfingja. Þá þarf engan kaupmála og arfurinn rennur ekki inn í bú hjónanna. En sé þessa ekki gætt á hinn aðilinn rétt á að fá helming af andvirði arfsins. Arfur er alltaf hjúskapareign og erfinginn getur ákveðið að halda eigninni, en verður að greiða hinum aðilanum helming andvirðisins.

Í íslensku þjóðfélagi eru iðulega stjúpbörn á heimilum. Þau eiga erfðarétt eftir foreldri sitt og sé ekki búið að ganga frá því í erfðaskrá að eftirlifandi maki fái að sitja í óskiptu búi getur stjúpbarnið krafist þess að fá arfshluta sinn greiddan út. Ótrúlega

marginir gera sér ekki grein fyrir þessu. Með erfðaskrá er hins vegar aldrei hægt að gera lögerfingja arflausan. Sé lögerfingjum til að dreifa má aldrei ráðstafa meiru en 1/3 eignanna með erfðaskrá.“

- Réttur fólks í sambúð er oft lagður að jöfnu við rétt fólks í hjónabandi þó það sé röng tálkun og mikill munur þar á. Í hverju felst þessi munur aðallega?

„Þá gildir engin helmingaskiptaregla í sambúð og við sambúðarslit þarf að sýna fram á hvað viðkomandi aðili á. Gríðarlega mikilvægt er að gæta að skráningum, t.d. að við þinglýsingu á fasteign sé skráð hversu stór eignarhluti hvers fyrir sig er. Framfærsluskylda milli aðila er engin og enginn erfðaréttur er á milli aðila í sambúð. Réttarstaðan er því gjörólík. Það er ótrúlega útbreiddur misskilningur að eftir ákveðinn tíma, t.d. eftir fimm ár í sambúð, taki gildi helmingaskiptaregla við sambúðarslit. Sambúðarfólk gerir ekki mikið af því að ganga frá samningum sínum á milli um eignir og fjárskipti, en oft er erfitt að sýna fram á það hver á hvað við sambúðarslit. Fólk sem kys sambúðarformið á að mínu mati að ganga frá þessum málum, þannig að það liggja skýrt fyrir hvernig eignir eiga að skiptast. Aðeins þannig er hægt að tryggja rétt sinn komi til sambúðarslita.“

Konur hafa orðið mun meðvitaðri um stöðu sína, hafa í auknum mæli gætt réttar síns, t.d. við skráningu fasteigna við kaup ef um sambúð er að ræða. Konur hafa oft mun meiri innsýn í fjármálin, kannski vegna þess að þær hafa gegnum tíðina borið ábyrgðina af rekstri heimilisins. Nú, svo finnst auðvitað í dag ánægjuleg dæmi - sé horft til jafnréttis kynjanna - þar sem konan aflar hærri tekna en maðurinn og hefðbundin hlutverk hafa snúist við. Það sama má segja um forsjármál - enn eimur eftir af því sjónarmiði að fedur eigi sama og enga möguleika til að fá forsjá barna sinna. Mín reynsla er þó sú að staða þeirra hefur töluvert breyst til batnaðar undanfarin ár láti þeir reyna á stöðu sína fyrir dómstólum.“ 



San Francisco

Netsmellir frá 57.900 kr.*

Punktaðu ferðina niður!

Nú getur þú notað 10.000 Vildarpunkta sem 5.400 kr. greiðslu upp í fargaldið.



*Bókað á www.Icelandair.is

Ferðatímabil: 16. ágúst - 15. október 2005.
Þetta flug gefur 5.800 Vildarpunkta.

ICELANDAIR
www.Icelandair.is



LINDA BÁRA LÝÐSDÓTTIR, SÁLFRÆÐINGUR

SJÁLFSTRAUST

Breytingar geta valdið því að starfsfólk missir sjálfstraust

TEXTI: HILMAR KARLSSON

MYND: GEIR ÓLAFSSON

Pað er öllum mikilvægt sem vilja ná árangri í vinnu að hafa sjálfstraust. Vinnuumhverfi er breytingum háð og getur lítið sjálfstraust dregið úr hæfni starfsmanns til að takast á við þær og jafnvel haldið aftur af honum. Linda Bára Lýðsdóttir, sálfræðingur hjá geðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss og stundakennari við sálfræðiskor Háskóla Íslands hefur látið sig varða sjálfstraust einstaklinga á vinnustöðum með fyrirlestrum, námskeiðum og einstaklingsráðgjöf. Áður en hún tók við starfi sínu hjá LSH var hún ráðgjafi hjá IMG Deloitte.

Í viðtali segir Linda Bára að það sé aldrei ofmetið hversu mikilvægt sjálfstraust er fyrir einstakling á vinnumarkaðinum í dag: „Hraðinn í atvinnulífinu hefur aukist og breytingar eru orðnar daglegt brauð. Jafnframt hefur menntunarsstig hækkað, margar stöður sem kröfðust stúdentspróf áður fyrr eru mannaðar af háskólamenntuðu fólki í dag. Starfsmaður sem á erfitt með að aðlagast breytingum getur auðveldlega orðið óöruggur og setið eftir. Ástæðan fyrir því getur verið skortur á sjálfstrausti en jafnframt geta breytingarnar sjálfar dregið úr sjálfstrausti starfsmannsins.

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að stjórnendur eru einnig undir miklu álagi og eiga oft á tíðum erfitt með að finna tíma til að sinna starfsmönnum sínum, veita þeim nægjanlegar upplýsingar og uppbyggilega endurgjöf. Starfsmenn upplifa því oft að þeim sé ekki nógu vel sinnt, sérstaklega í umróti eins og verður oft við breytingar. Starfsmenn, sérstaklega þeir sem hafa langan starfsaldur og mikla reynslu, finnst jafnvel að þeim hafi verið haldið fyrir utan ákvarðanir um þeirra störf í breytingaferlinu og getur það ýtt enn frekar undir óöruggi þeirra.“

Linda Bára segir að í vinnuumhverfi nútímans skipti miklu máli að starfsmenn séu opnir og jákvæðir gagnvart breytingum og sjálfstraust spili þar stórt hlutverk: „Einstaklingur sem hefur lítið sjálfstraust verður auðveldlega óöruggur um eigin stöðu í breytingum og getur þess vegna. Sýnt henni andstöðu. Stjórnendur vilja eðlilega ekki mæta andstöðu. Þeir vilja hafa starfsmann sem er tilbúinn til

að takast á við breytingar. Þeir taka eftir þeim starfsmönnum og umbuna þeim jafnvel fyrir að vera þeim samstíga.“

Hugsun skiptir máli „Ég hef komið inn á marga vinnustaði þar sem hópur starfsfólks hræðist af einhverjum ástæðum breytingar, er óöruggur og er jafnvel farinn að vinna gegn breytingum. Stjórnendur skilja oft á tíðum ekki að þetta getur stafað af óöruggi og fyllast óþolinmæði og jafnvel þirringi. Þetta túlka starfsmenn svo sem höfnun og getur það leitt til þess að jafnvel reynslumiklir og hæfir starfsmenn missi sjálfstraustið. Þeir fara í vörn og sýna breytingum enn meiri andstöðu. Starfsmönnum finnst ekki þægilegt að

vera í þessum aðstæðum, þeir hugsa orðið mjög neikvætt, líður illa og það dregur úr hæfni þeirra til að sinna starfi sínu vel.

Mikilvægt er að benda á að hugsun getur haft bein áhrif bæði á líðan og hegðun starfsmanna. Jákvæð hugsun bætir líðan og eykur árangursríka hegðun. Neikvæð hugsun veldur vanlíðan og dregur úr árangursríkri hegðun. Þetta er sama lögmál og er í íþróttum, leikmaður sem fer inn á völlum með það í huga að ógjörningur sé að vinna leikinn er ekki líklegur til að spila vel. Það að spila ekki vel dregur úr árangri liðsins og leikmaður

hugsar; sagði ég ekki, ég hafði rétt fyrir mér. Þannig getur þetta orðið neikvæður vítahringur sem erfitt er að brjóta.“

Fyrirtæki getur umbreytt á einu ári Linda Bára er spurð hvort nýir starfsmenn missi ekki einnig sjálfstraust þegar ætlast er til of mikils af þeim og þeir fái erfðari verkefni upp í hendurnar en þeir reiknuðu með. „Jú, það getur verið tilfellið. Hraðinn er mikill, breytingar örar og oft lítill tími til að setja nýja starfsmenn vel inn í störf. Í dag geta fyrirtæki auðveldlega umbreytt á einu ári, til dæmis með samruna. Það er mín tilfinning að oft séu kröfur vinnumarkaðarins orðnar meiri en margir ráða við. En að sjálfsögðu er þetta einstaklingsbundið. Margir starfsmenn, gamlir sem ungir, eru að standa sig mjög vel í starfi og þar spilar sjálfstraust eflaust stóran þátt.


Í dag geta fyrirtæki auðveldlega umbreytt á einu ári, til dæmis með samruna. Það er mín tilfinning að oft séu kröfur vinnumarkaðarins orðnar meiri en margir ráða við.

Jafnframt verður gaman að fylgjast með þeirri kynslóð sem er að alast upp í dag. Hún elst upp við þennan hraða á meðan við sem eldri eru ólumst upp við stöðugra umhverfi. Við viljum hafa stjórn á hlutunum og vita nokkurn veginn hvernig morgundagurinn verður. Aftur á móti hefur verið bent á að kynslóðin sem er að alast upp er vön tíðari endurgjöf eins og tíðkast í tölvuleikjum og gæti hún því átt erfitt með að koma inn í umhverfi þar sem lítið er um endurgjöf eins og staðan er í mörgum fyrirtækjum í dag.“

Uppbygging sjálfstrausts Hvernig er hægt að byggja upp sjálfstraust sem er horfið? „Þegar um hóp starfsmanna á vinnustaða er að ræða þá þarf þó nokkur vinna að eiga sér stað. Auðvitað viljum við að vinnustaðurinn komi á mótis við starfsfólkið en yfirleitt er ekki hægt að ganga til baka með breytingar. Það er því mikilvægt að vel sé að breytingum staðið, starfsmönnum haldið vel upplýstum, útskýringar sér rökstuddar og skýrar og að starfsmenn fái sjálfir að koma með tillögur og taka þátt. Jafnframt þarf að gera starfsfólki skiljanlegt að ef það ætlar að taka þátt í breytingunum og aðlagast þeim þarf það að byrja á að skoða viðhorf sitt.“

Mikilvægt er að benda fólki á tengslin á milli hugsunar, líðanar og hegðunar. Jafnframt þarf að brjóta markmið og verk niður í minni einingar þannig að líkur á skammtímasigrum hjá hverjum og einum aukist og þannig geti starfsmaðurinn fundið fyrir ávinningi af vinnu sinni í gegnum allt ferlið. En eins og áður hefur komið fram geta breytingarnar sjálfir valdið því að sjálfstraust minnkar og viðhorf til sjálfs síns og annarra orðið neikvætt. Því miður hef ég komið inn á vinnustaði þar sem fólk er orðið þreytt og útbrunnið eftir að stöðugar breytingar hafa átt sér stað. Breytingunum verður ekki breytt og stundum taka þær sinn toll. Stundum er þó um hreinan ágreining um eðli breytinganna að ræða og ef ekki er komist að samkomulagi þá er það oft svo að eina leiðin fyrir starfsmann er að skipta um vinnustað.

Ef starfsmaður vill vinna áfram þrátt fyrir að honum líki ekki breytingar, og hafi misst sjálfstraust vegna þeirra, er mikilvægt að benda honum á að hugarfar skipti máli fyrir eigin vellíðan. Hann verður að gera sér grein fyrir því að ekki þýðir að bíða eftir að yfirmaður komi til hans með hvatningu og hrós. Hann hefur oft á tíðum ekki tíma né hæfni til þess. Þessum starfsmanni þarf að hjálpa til að finna hvar styrkleiki hans liggur eftir breytingarnar og hvernig hann geti nýtt sér hann í starfi. Auðvitað er best að fá stjórnendur með sér og oftar en ekki hafa þeir tekið þátt í svona uppbyggingarstarfi. Flestir eru þeir af vilja gerðir og tilbúnir til að koma til mótis við starfsfólk sitt.“

Linda Bára segir að lokum að aðeins sé hægt að vinna með þeim einstaklingum sem viðurkenna að sjálfstraustið sé laskað og þeir þurfi á aðstoð að halda: „Þeir sem gera sér grein fyrir ástandi sínu koma á fyrirlestra, sitja námskeið, leita ráðgjafar og eru meðvitaðir um ástand sitt. Svo eru aðrir sem ekki viðurkenna að þeir séu í vandræðum og eru í afneitun. Þeir þurfa kannski á mestri aðstoð að halda.“ 

Linda Bára Lýðsdóttir: „Því miður hef ég komið inn á vinnustaði þar sem fólk er orðið þreytt og útbrunnið eftir að stöðugar breytingar hafa átt sér stað.“



KONUR ÞURFA HVATNINGU

Rætt við **Sigríði Elínu Þórðardóttur**, ráðgjafa hjá Byggðastofnun, en hún kom að gerð athyglisverðrar Evrópuskýrslu um stöðu kvenna í atvinnurekstri. Ísland, Noregur, Svíþjóð, Grikkland og Lettland tóku þátt í rannsókninni. Hér koma helstu niðurstöður.

Þegar Norðmenn óskuðu eftir samstarfi við Íslendinga við gerð Evrópuskýrslu um stöðu kvenna í atvinnurekstri var Sigríður fengin til að starfa í íslensku nefndinni fyrir hönd Byggðastofnunar. Auk Sigríðar sátu í nefndinni Bjarnheiður Jóhannesdóttir og Helga Björg Ragnarsdóttir, sem eru atvinnu- og jafnréttisráðgjafar Byggðastofnunar, Erna Bjarnadóttir frá Bændasamtökunum, Kristín Karlsdóttir frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu og Stefánía Óskarsdóttir, sem er sjálfstætt starfandi sérfræðingur og vann meðal annars skýrsluna Konur í vísindum.

Góð ráðgjöf nauðsynleg „Norðmenn áttu frumkvæðið að því að koma þessari rannsókn af stað og sóttu um styrk til jafnréttisáætlunar Evrópusambandsins. Þeir leituðu síðan eftir þátttöku Íslands, Lettlands,

Svíþjóðar og Grikklands, sem öll tóku þátt í rannsókninni,“ segir Sigríður Elín, en tilgangurinn með þessari rannsókn var að finna út hvaða hindranir verða á vegi kvenna í atvinnurekstri og styðja konur í atvinnurekstri, með það fyrir augum að reyna að fjölga konum sem sjá atvinnutækifæri í eigin viðskiptum.

„Skýrslan var byggð á fyrirliggjandi gögnum frá hverju þessara landa og viðtölum við konur í atvinnurekstri frá þeim öllum. Þá voru gefnar út fimm skýrslur, ein í hverju landi fyrir sig, og síðan ein samanburðarskýrsla.“ Sigríður segir góða ráðgjöf gríðarlega mikilvæga og að flestir sem tóku þátt í rannsókninni hafi lagt mesta

áherslu á gott aðgengi að ráðgjöf um stofnun og rekstur fyrirtækja, frekar en beinar styrkveitingar frá hinu opinbera.

„Ímpra veitir ráðgjöf um stofnun og rekstur lítilla fyrirtækja, en einnig aðstoðar hún fólk við að þróa viðskiptahugmyndir sínar,“ segir Sigríður og bætir við: „Síðan geta konur í atvinnurekstri leitað til atvinnu- og jafnréttisráðgjafa Byggðastofnunar en einnig eru staddir ráðgjafar um allt land sem aðstoða jafnt konur sem karla í atvinnurekstri. Það sem vantar þó helst upp á er að þessir ráðgjafar verði enn sýnilegri.“

Það sama segir Sigríður um konur í stjórnunarstöðum og atvinnurekstri úti í þjófélaginu. Þær þurfi að vera mun sýnilegri. „Það væri mikil hvatning fyrir aðrar konur og ungar stúlkur sem hafi áhuga á því að stofna sín eigin fyrirtæki í framtíðinni að hafa fyrirmyndir í þeim konum sem fyrir eru í þessari stöðu. Þegar maður flettir viðskiptatengdum blöðum eru nánast ekkert nema karlar á öllum síðum. Það er kannski ekkert undarlegt svo sem, þar sem konur eru svo fáar, en það er enn meiri ástæða til að gera þessar konur sýnilegri.“

Kvenráðgjafarnir jákvæðari Sigríður Elín segir brautargengisnámskeið Ímpru undanfarin ár, verkefnið Auður í krafti kvenna og Máttur kvenna, hafa gefist mjög vel. „Þátttakan hefur verið mjög mikil í þessum verkefnum, enda sýnir reynslan að þegar auglýst eru námskeið sérstaklega fyrir konur um stofnun og rekstur fyrirtækja, þá mæta fjölmargar konur til þátttöku. Hins vegar virðast námskeið, sem haldin eru fyrir alla, ekki ná eins vel til kvenna og karla. Svo virðist sem konur þurfi að vita að námskeiðið sé ætlað þeim sérstaklega og að konur séu þar í meirihluta.“

Hjá Byggðastofnun hafa verið tveir atvinnu- og jafnréttisráðgjafar starfandi undanfarin þrjú ár, starf þeirra felst í því að aðstoða konur sem hafa viðskiptahugmyndir og þær hafa meira en nóg að gera. „Það er fullt til af konum sem eru með viðskiptahugmyndir en



Sigríður Elín Þórðardóttir er ráðgjafi á þróunarsviði Byggðastofnunar á Sauðárkróki. Hún lauk mastersnámi í félagsfræði frá Háskóla Íslands á síðasta ári og skrifaði þar lokaritgerð um konur í rekstri fyrirtækja á Íslandi.

vantar aðstoð og hvatningu til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Enda segja þær konur sem reka fyrirtæki og rætt var við í tengslum við Evrópuverkefnið að þeim þætti betra að tala við kvenkyns en karlkyns ráðgjafa, þær upplifðu neikvæðari viðhorf frá körlum, en konurnar sýna verkefnum þeirra meiri skilning. Þeim fannst sem körlunum þættu verkefni þeirra smá í sniðum og lítið áhugaverð.“ Sigríður segir þetta hafa komið fram í öllum samanburðarlöndunum, að konum fannst vanta meiri viðurkenningu á því sem þær væru að gera, og að á þær væri hlustað.

Ljón í veginum Margóft hefur verið rannsakað hverjir það eru sem reka fyrirtækin og hvað einkennir frumkvöðla umfram aðra. Þar kemur í ljós að það er ekkert sem aðgreinir frumkvöðla frá öðrum, fyrir utan eina breytu og sú breyta er kyn. Fæð kvenna í atvinnurekstri og frumkvöðlastarfsemi er sú breyta sem er mest áberandi í öllum löndunum. Hlutfall kvenna í atvinnurekstri er lægst í Grikklandi, 14%, svo kemur Ísland með 21%, þá Noregur með 24% og loks Svíþjóð með 25%, en það eru ekki til neinar tölur yfir þetta í Lettlandi.

Aðspurð um hvaða hindranir verði helst á vegi kvenna við stofnun fyrirtækja umfram karla segir Sigríður Elín að konum finnst karlar meðal annars hafa ákveðið forskot, þar sem þeir þurfi síður að samræma sína fjölskylduábyrgð og fyrirtækjareksturinn eins og flestar konur þurfa að gera. „Samt sem áður eru vísbendingar um það í könnuninni að karlar vilji í raun vera ábyrgir heima líka og séu að reyna að samþætta þetta tvennt.“

Konur upplifa að þær hafi verra aðgengi að fjármagni en karlar, enda eru fjármálastofnanir betur lagaðar að atvinnugreinum karla, eins og iðnaðar- og tæknigreinum, en þar sem konur eru meira í ver-slunar- og þjónustustörfum, finnst þeim stöðkerfið fremur karllægt að þessu leyti.

„Varðandi aðgengi að fjármagni þá nefndu sumar kvennanna að þegar þær færu á fund fjármálastofnana fengu þær spurningar á borð við: „Hver er maðurinn þinn?“ eða: „Er maðurinn þinn ekki með þér í þessu?“ Sú menning sem enn virðist vera ríkjandi gerir ráð fyrir því að það hljóti að vera karlmaður einhvers staðar í bakgrunninum og taki þátt í rekstrinum.“ Þarna segir Sigríður að konur þurfi að yfirstíga viðhorfshindrun umfram karla í atvinnurekstri.


Að nota tengslanetin Sigríður Elín segir konur upplifa að þær hafi síður viðskiptatengslanet á borð við þau sem karlar hafi, þeir eru í ýmiss konar klúbba-starfsemi og karlasamfélögum sem þeir geta nýtt til að skapa sér viðskiptatengsl. Hún segir konur nota sín tengslanet á annan hátt og þá meira sem félagsleg stuðningsnet. „Það er þó ekki meint þannig að það sé körlunum að kenna, heldur virðist brenna meira á konunum að vita hvernig öðrum konum gangi að samþætta fjölskylduábyrgðina við fyrirtækjareksturinn.“

Sigríður Elín segir það hafa komið í ljós í viðtölunum að margar konur þjáist af samviskubiti í vinnunni vegna þess að þær hafi áhyggjur af heimilinu og börnunum. „En svo þegar þær eru heima að hugsa um heimilið og börnin þá fá þær samviskubit yfir að vera ekki í vinnunni,“ segir Sigríður Elín og tekur fram að þetta hafi komið fram í öllum samanburðarlöndunum.

Í skýrslunni koma fram nokkur atriði sem konur telja að hið opinbera geti gert til að örva konur og

hvetja þær til að fara að stað með sinn eigin rekstur. „Þar kemur fram mikilvægi ráðgjafar og námskeiða auk þess sem það skipti höfuðmáli að hafa greiðan aðgang að dagvistun fyrir börn og góða þjónustu þar. Konurnar tiltóku að það væri stundum mjög erfitt að hafa þessar sumarlok-anir, því þær gætu oft skapað heilmikil vandræði,“ segir Sigríður. Þá segir hún konur hafa gagnrýnt reglur opinberra sjóða sem veita styrki, en þeir lúta ákveðnum samkeppnis-

reglum og mega því ekki veita fyrirtækjum í verslun og þjónustu styrki. „Þetta útilokar mjög mörg fyrirtæki kvenna þar sem flest fyrirtæki þeirra eru á sviði ver-slunar og þjónustu. Sama er að segja um oft á tíðum þrönga og/eða óskýra notkun á nýsköpunar-hugtakinu í úthlutunarreglum sjóða sem veita opinbera styrki.“

Að lokum segir Sigríður mismunandi aðstæður kvenna og karla til að reka eigin fyrirtæki liggja djúpt grafnar í menningunni og samfélagsgerðinni. Enn eru til staðar rótgrónar menningarbundnar hugmyndir um að einhver tiltekin störf hæfi konum og önnur körlum. Það er kominn tími til að nýta betur menntun og kunn-áttu kvenna til sóknar fyrir íslenskt atvinnulíf. Konur geti skapað svo miklu meira þegar kynferði hættir að skipta máli. 



Hlutfall kvenna í atvinnurekstri er lægst í Grikklandi, 14%, svo kemur Ísland með 21%, þá Noregur með 24% og loks Svíþjóð með 25%.

HVERJU SKILAÐI AUÐUR?

Átaksverkefnið AUÐUR í krafti kvenna skilaði 217 nýjum störfum, fjöldi nýrra viðskiptahugmynda leit dagsins ljós og þúsundir kvenna á öllum aldri öðluðust meira öryggi í atvinnuþátttöku.

Á annað þúsund kvenna tók þátt í námskeiðum sem haldin voru í tengslum við verkefnið Auður í krafti kvenna sem stóð í þrjú ár. Auk kvennanna sem tóku beinan þátt í verkefninu komu þúsundir ungra stúlkna í heimsókn í vinnuna með mæðrum sínum og fjöldi kvenna kom að afhendingum AUÐAR-verðlaunanna sem veitt voru konum sem sýndu sérstakt frumkvæði í nýsköpun eða atvinnusköpun.

Þrátt fyrir þennan frábæra árangur eiga örugglega mörg fyrirtæki til viðbótar eftir að líta dagsins ljós undir stjórn kvenna sem tóku þátt í starfinu.

Átaksverkefnið AUÐUR í krafti kvenna var sett á laggirnar til að leysa úr læðingi þann auð sem býr í sköpun kvenna og vinnu. Það var almennt álit þeirra sem komu að verkefninu að konur á Íslandi væru vannýtt auðlind í hagkerfi landsins, þar sem aðeins 18% íslenskra fyrirtækja væru í eigu kvenna meðan hlutfallið í löndunum sem við berum okkur saman við var á bilinu 25-38%.

Þriðjung hagvaxtar má rekja til nýrra fyrirtækja svo það þótti ljóst, að besta leiðin til að fjölga fyrirtækjum á Íslandi væri að hvetja konur til dáða.

Markmið AUÐAR-átaksins var því að auka þátttöku kvenna í atvinnusköpun og stuðla þannig að auknum hagvexti á Íslandi. Það má fullyrða að markmiðinu hafi verið náð, konur sem komu að verkefnum AUÐAR hafa stofnað 51 fyrirtæki og í þessum fyrirtækjum hafa skapast 217 störf.

AUÐAR-átakinu var að vísu beint til kvenna, en það var íslenskt hagkerfi í heildina sem naut afrakstursins. Sköpunarmáttur og hugmyndaflæði kvenna fékk byr undir báða vængi og það skilaði sér í frjóum viðskiptahugmyndum, betri þátttöku kvenna í mótun fyrirtækja og almennu öryggi þeirra í atvinnuþátttöku.

Nokkrir sterkir styrktaraðilar komu að verkefninu; Nýsköpunarsjóður, Íslandsbanki, Deloitte & Touche og Morgunblaðið. Framkvæmdin var í höndum Háskólans í Reykjavík og formaður verkefnisstjórnar var Guðrún Pétursdóttir, framkvæmdastjóri var

TEXTI: **JÓHANNA HARÐARDÓTTIR**
MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

Halla Tómasdóttir lektor, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir var verkefnastjóri og Inga Dóra Halldórsdóttir fræðslufulltrúi. Var öll stjórnun AUÐAR til stakrar fyrirmyndar í þeirra höndum.

Námskeiðunum var beint að ýmsum þáttum sem skipta máli í atvinnurekstri: FjármálaAUÐUR, LeiðtogaAUÐUR, FrumkvöðlaAUÐUR og FramtíðarAUÐUR. Voru þau öll vel sótt og konurnar almennt mjög ánægðar með tilhögun þeirra.


Tilgangur FjármálaAUÐAR var að auka hagnýta þekkingu kvenna á fjármálum. Markmiðið var að konurnar öðluðust meiri þekkingu og sjálfstraust á sviði fjármálaumsýslu og ættu auðveldara með að líta á sig sem fjármálaverur.

Markmið LeiðtogaAUÐAR var að gefa konum í leiðtogastöðum tækifæri til að efla hæfileika sína sem leiðtogar og gefa þeim kost á að styrkja tengslanet sín á milli. Þá var einnig gengið út frá því að þessar konur yrðu öðrum konum stuðningur og fyrirmynd seinna meir.

Markmið FrumkvöðlaAUÐAR var að veita konum hvatningu og stuðning til þess að auka hæfni sína og möguleika á að koma á fót fyrirtækjum sem gætu náð örum vexti og viðhaldið honum.

Í FramtíðarAUÐI var síðan blandað saman fróðleik og skemmtun og stúlkum á aldrinum 13-16 ára gefinn kostur á að taka þátt í ritgerðasamkeppni um nýsköpun til þess að auka áhuga þeirra og áráði.

Allt námskeiðahald AUÐAR-verkefnisins miðaðist að því að konur tækju þátt í að skapa fleiri störf og auka hagvöxt landsins. Hóparnir studdu síðan hver annan og við það margfaldaðist það afl sem býr í krafti kvenna.

AUÐAR-verkefninu lauk í byrjun þessa árs og þegar horft er yfir farinn veg er ástæða til að fyllast hjartsýni fyrir hönd kvenna í atvinnulífi á Íslandi. Fjöldi nýrra starfa hefur litið dagsins ljós, viðskiptahugmyndir hafa fæðst og þróast og fjöldi kvenna sem kynntist í þessu átaki starfar enn saman að uppbyggingu sem enn á eftir að skila sér út í atvinnulífið. 



Halla Tómasdóttir, fyrverandi framkvæmdastjóri AUÐAR í krafti kvenna og lektor við Háskólann í Reykjavík:

Auður lifir enn í hugum og hjörtum kvennanna sem tóku þátt í starfinu

Það var frábært að taka þátt í þessu starfi og það skildi mikið eftir sig hjá öllum sem komu að því.

AUÐUR í krafti kvenna náði til allrar þjóðarinnar á sinn hátt og það á vel við konur að vera hluti af stórum verkefnum og að hafa tilgang með verkum sínum.

Allir sem komu nálægt þessu átaki voru mjög virkir og gáfu svo mikið af sér að það varð til einstaklega góður og uppbyggjandi andi sem lifir enn á meðal fólksins.

Þetta átaksverkefni stendur skör hærra en önnur svipuð erlendis, enda var vel til þess vandað. Við tókum það besta frá Bandaríkjunum og Írlandi og endurbættum það áður en við fórum af stað með Auðarátakið og þessi góði undirbúningur skilaði sér í frábæru starfi. Auður í krafti kvenna hlaut viðurkenningu Evrópusambandsins sem „Best Practice“ á þessu sviði í Evrópu og það er enn að vekja athygli erlendis.

Innan Auðar urðu til sambönd kvenna sem starfa enn saman og vinna að framförum og við eigum enn eftir að sjá árangur þessa starfs áfram. Með AUÐI varð til hugmyndafræði sem deyr ekki meðal kvennanna.

Ég hitti oft konur sem tóku þátt í Auðarverkefninu og margar þeirra hafa sagt mér að þátttakan hafi einfaldlega breytt lífi þeirra.

Auður lifir enn í hugum og hjörtum þeirra, hún olli hugarfarsbreytingu sem á lengi eftir að skila sér út í þjóðfélagið til hagsbóta fyrir alla.



Guðbjörg Glóð Logadóttir undirbjó stofnun Fylgifiska vandlega.

FYLGIFISKAR GUÐBJARGAR

Fylgifiskar við Suðurlandsbraut er eitt þeirra fyrirtækja sem varð til í kjölfar Auðs í krafti kvenna.

TEXTI: **JÓHANNA
HARÐARDÓTTIR**
MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

Eigandi Fylgifiska, Guðbjörg Glóð Logadóttir, lagði góðan grunn að stofnun þess, markaðssetning fyrirtækisins er mjög skemmtileg og ber frjóu ímyndunarafli og áræðni gott vitni

Fylgifiskar er nútímaleg sérværslun með sjávarafurðir og sniðin fyrir kröfuharða neytendur. Þar er boðið upp á hágæða sjávarafurðir og fleira sem þarf til að framreiða fiskrétti á heimsmælikvarða, auk þess sem hægt er að fá sér hollan og bragðgóðan skyndibita í hádeginu.

Hágæðahráefni er undirstaðan

Guðbjörg Glóð átti ekki langt að sækja hugmyndina að fyrirtæki sínu, því foreldrar

hennar, Logi Þormóðsson og Bjargey Einarsdóttir, ráku ferskfisksútflutningsfyrirtækið Tros um árabíl og hún kynntist rekstri í sjávarútvegi strax í barnæsku. Hún setti stefnuna á að vinna við sjávarafurðir og útskrifaðist úr sjávarútvegsfræðum frá Háskólanum á Akureyri árið 1997 og lokaverkefni hennar fjallaði um innanlandsmarkað í ferskfiski, en því verkefni fylgdu rannsóknir á neyslu og sölu á fiski hér innanlands.

„Ég var í Bandaríkjunum árið 1992 og vann þá í fiskbúð sem rekin var á gjörólíkum forsendum en því sem ég þekkti áður hér að heiman. Það opnaði augu mín fyrir því hversu sala á fiski var frumstæð hér á landi. Öll umræða um fisk og öllu sem honum tengist var frekar neikvæð hér og þar sem litid var á fisk og fiskvinnslu sem annars flokks. Við krakkarnir fengum öll að heyra það einhvern tíma í skólagöngunni að „ef þú lærir ekki, þá endarðu bara í fiski“.

Ég var alin upp við metnað í meðhöndlun fiskafurða en foreldrar mínir áttu einnig hlut í Veitingahúsinu við Tjörnina þar sem lögð var áhersla á að bera fram kræsingar úr sjávarfangi. Þar var unnið mikið frumkvöðlastarf sem matgæðingar kunnu vel að meta.

Eftir tilkomu þessa staðar fóru viðhorfin smátt og smátt að breytast og fólk fór að gera sér grein fyrir hversu mikil verðmæti lægju í góðu hráefni og vandaðri matreiðslu fisks.

Ég ætlaði mér alltaf að setja á stofn fyrirtæki með mikinn metnað á þessu sviði og árið 2002 var ég tilbúin að byrja, en vildi endilega undirbúa þetta vel og fór á frumkvöðlanámskeið hjá Auði í krafti kvenna. Ég fór með því hugarfari að þetta þyrfti að kynna vel, gagnrýna það og laga að markaðinum. Þátttakan gerði mig öruggari og gaf mér mikla gleði og metnað fyrir fyrirtækið mitt og ég sótti mikinn styrk þangað.

Hágæða hráefni og sérhæfing

Ég fór af stað með þann hugsunarhátt við stofnun fyrirtækisins að öll borðum við.

Ég er sjálf þannig að ég versla víða, einn daginn fer ég kannski í Bónus, annan í Nóatún og þann þriðja á enn annan stað. Stundum hentar mér að kaupa ódýran mat í magni, en stundum vil ég kaupa eitthvað

„Við erum eins konar millistig milli fiskbúðar og veitingastaðar. Aðaláherslan er lögð á gæði hráefnisins.“

dýrara og tilbúið. Við miðum markaðssetningu við fólk sem kann gott að meta og það kunna langflestir í samfélaginu.

Fylgifyskur er í raun á milli fiskbúðar og veitingastaðar á heimsmælikvarða og aðaláherslan er lögð á að hráefnið sé alltaf fyrsta flokks. Við sækjum hráefnið til sérfræðinga á hverju sviði, gæðavottuðum fyrirtækjum með áratuga þjálfun og þekkingu í útflutningi á ferskfiski.

Fiskneyslu þarf að kenna

Við bjóðum líka upp á allt mögulegt sem nýttist við matargerðina og þar gildir sama reglan, við höfum aðeins góðar vörur, ferskt krydd, góðar olíur og þess háttar á boðstólnum.

Fylgifyskur á Suðurlandsbrautinni er nokkurs konar þjónustuver, við viljum kenna fólki að nýta þetta hágæðahráefni og getum boðið viðskiptavinum okkar upp á leiðbeiningar og kennslu. Við erum líka með þjónustuvef, „fylgifyskar.is“, á netinu fyrir viðskiptavinum okkar og þar geta þeir sem vilja skráð sig og fengið upplýsingar um það sem er á döfni, nýjungar í framboðinu og um tilboð sem eru í gangi hverju sinni. Þessi miðill er talsvert notaður, síðast vorum við með tilboð á grillrétti sem vakti mikla lukku.

Við eigum enn langt í land að nýta það frábæra hráefni sem við eigum í fiskafurðum hér á landi. Það liggur líka í uppeldi sumra að borða ekki fisk og það þarf að kenna fólki fiskneyslu. Hingað koma oft þör þar sem annað hjónanna borðar fisk en hitt ekki og við höfum séð margan fiskhatarann breytast í fiskunnanda á mjög stuttum tíma. Börn vilja oft bragðminni fiskrétti en við búum ekki til sérstaka barnarétti með sykri. Við þekkjum af reynslunni hvað börnum líkar, þau borða fisk með bestu lyst ef hann er rétt matreiddur og við viljum að þau verði framtíðarviðskiptavinir með góðan smekk.

Framboðið hjá okkur breytist eftir árstíðum og við höfum aðrar áherslur í byrjun vikunnar en þegar fer að nálgast helgina. Fyrri part vikunnar bjóðum við hverdagslegri mat eins og fiskibollur, plockfisk og ýmiss konar raspaðan fisk, þótt auðvitað sé margt annað á boðstólnum. Á fimmtudögum og fram að helgi er svo lögð meiri áhersla á hvers konar veislumat. Við erum með úrval forréttta og aðalréttta úr fiski og í kæliborðinu á Suðurlandsbrautinni er að finna yfir þrjátíu fiskrétti hverju sinni.


Sushið hefur náð góðri fötfestu hér og allir dagar eru sushidagar í Fylgifyskum en föstudagar eru sérstakir hjá okkur, þá getur fólk valið um bita og raðað í bakka eins og það vill. Aðra daga erum við með tilbúna sushibakka til sölu. Við erum líka með úrval af snyrtum fiski til sushigerðar ef fólk vill prófa sjálft.

Fiskréttir eru líka að verða vinsælir sem veisluréttir og veislupjónustan er alltaf að verða sterkari þáttur í rekstrinum. Þessi þjónusta hefur mælst mjög vel fyrir og það má til dæmis nefna að fyrstu vikuna í júlí verðum við gestakokkar í nýju ferðamannaparadísinni í Fossatúni.

Miðbæjarútibúið

Guðbjörg Glóð rekur nú tvo staði undir nafni Fylgifyska.

„Við erum 10 manns sem vinnum hér fulla vinnu. Hér hefur verið sama fólkíð frá upphafi og þetta er góður kjarni sem veit hvað hann er að gera. Það má segja að hér sé valinn maður í hverju rúmi.“

Á Skólavörðustígnum, sem við köllum miðbæjarútibúið okkar, er einnig hægt að kaupa fiskréttina og fá sér fisk og súpu í hádeginu. Þetta er minni verslun, en við bjóðum viðskiptavinum í miðbæ að panta deginum áður og láta senda á Skólavörðustíg ef vill. Við flokkum okkur sem hágæða skyndibitastað, hér er bæði hollur og bragðgóður matur sem fljótlegt er að elda. Þessa dagana erum við að leita okkur að góðum stað fyrir þriðja Fylgifyskinn einhvers staðar á Reykjavíkursvæðinu því það er mikill uppgangur og nóg að gera, svo ef einhver veit um laust pláss má endilega láta okkur vita.“ 

BLÓMSTRANDI FÉLAG

Margrét Kristmannsdóttir, nýr formaður FKA, sér fram á kröftugt félagsstarf með mikilli fjölgun félaga.

Margrét Kristmannsdóttir, framkvæmdastjóri Pfaff-Borgarljósa, hefur mikla reynslu af félagsstörfum í þágu fólks í verslun og viðskiptum. Hún er formaður FKA, Félag kvenna í atvinnurekstri, og varaformaður FÍS, Félag íslenskra stórkaupmanna. Margrét er ánægð með nýliðun og kraft í FKA en horfir enn bjartsýnni fram á veginn vegna nýlegra lagabreytinga á lögum FKA sem gefur fleiri konum kost á inngöngu í félagið en áður var.

Björt framtíð

„Áður þurftu konur að eiga og reka fyrirtæki til að geta gerst félagar, en nú er nóg að þær reki fyrirtæki til að geta tekið þátt í starfinu. Það hefur verið þrýst mikið á að gera þessa lagabreytingu og með henni opnaðist leið fyrir fjölda kvenna í áhrifastöðum að ganga í félagið.

Innan FKA er að finna gífurlega þekkingu og reynslu í rekstri fyrirtækja og konur í atvinnurekstri eiga hér aðgang að sameiginlegum vettvangi til að byggja upp fyrirtæki sín og sækja sér stuðning.



Margrét Kristmannsdóttir.

Það hefur verið gífurleg ásókn í félagið undanfarið, ekki líður svo vika að ein eða fleiri konur skrái sig ekki sem félaga. Þessar konur eru fullar af krafti og spenningi og

TEXTI: **JÓHANNA HARÐARDÓTTIR**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**

við horfum fram á bjarta framtíð í vaxandi félagi með allar þessar dugmiklu konur inn-anborðs.

Karlar hafa alltaf verið betur tengdir í fyrirtækjum sínum. Konur í áhrifastöðum hafa fundið fyrir talsverðri einangrun í starfi og þess vegna er þeim mjög mikilvægt að komast í hóp annarra kvenna í svipaðri stöðu til að byggja upp viðskiptanet sitt.

Konur sem ganga í FKA vakna allt í einu upp við það að þær þekkja tugi kvenna sem reka fyrirtæki og þær geta leitað hver til annarrar og fengið ráð, aðstoð eða ábendingar.

Þessi tenging skiptir miklu máli í rekstri fyrirtækja. Konurnar í FKA miðla viðskiptaupplýsingum og þekkingu sín á milli og styrkja þannig bæði sig sjálfar og aðrar konur í atvinnurekstri.

Upplýsingastreymi og samstarf

Við leggjum mikla áherslu á að sameina konurnar innan félagsins og efla samstarf og samstöðu meðal þeirra.

Við erum með fjölpóstskerfi sem 400 konur fá og eiga aðgang að og gegnum



Ný stjórn FKA. Frá vinstri: Margrét Kristmannsdóttir, formaður, Soffía Johnson, gjaldkeri, María Mariúsdóttir ritari, Svava Johansen meðstjórnandi, Hildur Petersen, varaformaður, Aðalheiður Karlsdóttir og Katrín Pétursdóttir meðstjórnendur.

þennan miðil reynum við að fræða og greiða fyrir samskiptum eins og mögulegt er.

Um þessar mundir erum við að hvetja konurnar til að taka þátt í Nýsköpun 2005 og nú þegar hafa verið send gögn til tuttugu kvenna varðandi þetta verkefni. Á vefsíðunni okkar, www.fka.is, birtum við allar fréttir af því sem er á döfinni og kynnum nýja félag. Þessi samskipti eru heilmikil hvatning til viðskipta á milli FKA kvenna innbyrðis og við vitum að þær fylgjast vel með síðunni.

Hvetjandi félagsstarf

Við höldum reglulega fundi einu sinni í mánuði og erum þá með dagskrá sem byggir upp samstöðuna. Starfið miðast mikið við að hvetja konurnar til dáða.

Við höldum ráðstefnur og tengjumst alþjóðlegum samtökum kvenna í atvinnulífinu og það skilar okkur mikilli þekkingu.

Þann 20. maí var t.d. haldið veglega upp á Alþjóðadag kvenna, en þá bauð alþjóðanefnd FKA í samvinnu við breska sendiráðið og QUIN-Ísland heim tveim glæsilegum fulltrúum kvenna, Fr. Bola Olabisi, forseta

alþjóðlegra samtaka hugvitskvenna GWIIN og fr. Avril Owton, varaforseta BAWE, sem eru systursamtök FKA í Bretlandi. Það er bæði skemmtilegt og hvatning fyrir okkur að fá svona gesti hingað.

Styrkir og viðurkenningar

FKA leggur mikla áherslu á að auka sýnleika og tækifæri kvenna í viðskiptalífinu.

Á hverju ári er veitt sérstök viðurkenning FKA til konu í atvinnurekstri og þessi viðurkenning hefur verið feikilega góð auglýsing fyrir viðkomandi konu og stuðlað að virðingu og verðskuldaðri athygli á framtaki kvenna í viðskiptum almennt.


Í ár var það Katrín Pétursdóttir í Lýsi sem hlaut þessa viðurkenningu og fjölmiðlar beindu kastljósi sínu svo rækilega að henni að það fór varla framhjá neinum.

Íslandsbanki hefur styrkt þessi verðlaun undanfarin ár og nú hefur bankinn stofnað styrktarsjóð með FKA þar sem markmiðið er að efla enn frekar innra starf FKA og auka þannig enn á árangur og arðsemi fyrirtækja þeirra.

Styrkur Íslandsbanka nemur 2 milljónum króna á ári þau tvö ár sem samningurinn er í gildi og verður því fé úthlutað af sjóðsstjórninni sem er skipuð tveim konum frá FKA, Katrínu S. Óladóttur og Dagnýju Halldórsdóttur, og einum fulltrúa bankans, Sigrúnu Kjartansdóttur.

Félagsstarfið er mjög fjörukt en mest af þeirri vinnu sem fram fer innan FKA er sjálfbóðaliðsvinna. Við erum sjö í stjórn félagsins, en auk mín eru þær Hildur Petersen varaformaður, Soffía Johnson gjaldkeri, María Mariúsdóttir ritari og þrjár meðstjórnendur; Svava Johansen, Katrín Pétursdóttir og Aðalheiður Karlsdóttir.

Ýmsar nefndir eru starfandi í félaginu og hver þeirra hefur sín verkefni. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið styrkir félagið með því að greiða fyrir starfsmann í hlutastarfi hjá Impru svo við höfum aðgang að nokkurs konar skrifstofu fyrir það nauðsynlegasta.

Við teljum að FKA sé í gríðarlegri sókn og eigi eftir að reynast konum í atvinnurekstri traust bakland til framtíðar,“ sagði Margrét Kristmannsdóttir. 

Konur eru ekki áberandi í bresku viðskiptalífi frekar en í þjóðlífinu almennt - og því áhugavert að velta fyrir sér af hverju norrænar konur séu almennt langt komnar í að ná tekjum og völdum á við karla.

KYN OG KYNFERÐI VIÐSKIPTALÍFSINS

TEXTI: **SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR**
MYNDIR: **PÁLL STEFÁNSSON**



Viðvarandi fréttafni um konur í viðskiptalífinu eru málaferli vegna kynferðislegrar mismunar, sem afhjúpa á heldur hrikalegan hátt hvað hér ríkir oft frumstæður og í raun bældur hugsunarháttur meðal karla - ég meina það, hvaða kynferðislega vel haldinn karlmaður þarf á því að halda að káfa og klæmast! Ýmsar rannsóknir sýna hins vegar að kannski tilheyri framtíðin kvenstjórnendum því það hentar konum vel að vinna í fyrirtækjum sem hugsa vel um starfsmennina - en á meðan þarf kannski að styðjast við jákvæða mismunun til að koma fleiri körlum í vinnu við barnapóssun og konum í bankastjórástólana.

Fyrir þingkosningarnar hér um daginn var ég fengin til að tala á fundi með nokkrum þingkonum um konur og stjórnámál: mitt efni var staða kvenna á Norðurlöndum. Víðfeðmt efni, en ég kaus að fræða viðstadda á hvað ég hefði uppgötvað um Norðurlöndin eftir að ég flutti hingað. Fram að því hafði ég afar takmarkaðan áhuga á sérmálum kvenna, hef sjálf aldrei fundið fyrir mismunun og fannst lífið almennt ekkert mál, alla vega ekkert kvennamál: á Norðurlöndum sá ég kvenfólk

eiga góðan framgang í stjórnámálum, tekjmunurinn var ekki skekjandi og jú, þær voru fremur fáséðar í viðskiptalífinu en einnig þar stefndi í rétta átt.

Pegar ég flutti til London leið ekki á löngu að ég tók eftir að konur virtust ekki til í þeim geirum sem ég fylgdist með: stjórnámálum og viðskiptalífinu. Í þeim fréttapáttum sjónvarps og útvarps sem ég hlustaði á voru kvenkyns álitsgjafar sjaldséðir. Eftir nokkrar vangaveltur komst ég að því að ástæðan væri sú að í Danmörku og Svíþjóð, sem ég þekkti best til í, hefur góð barnagæsla fyrir viðráðanlegt gjald verið í boði undanfarna fjóra áratugi eða svo. Það gildir aðeins öðru máli um Ísland, en þar hygg ég að fjölskyldusamhaldni og grimmilegur dugnaður margra kvenna hafi gert þeim kleift að vinna bæði utan heimilis - og innan.

Þingkonurnar og fleiri í hópi áheyrenda tóku undir þetta með barnagæsluna - hér getur kostað hátt í 80 þúsund íslenskar kr. á mánuði og jafnvel meira að hafa barn í póssun og allt eftirlit er brotkennt. Það dugir ekki að bara vel launaðar konur eigi kost á gæslu - því þá er ekki hægt að rækta hæfileika þeirra sem þurfa að byrja lágt í

launastiganum. Fyrir nokkrum árum heyrði ég danska stjórnmalakonun ljúsa ferli sínum: hún var frá fátækri fjölskyldu, vann við skúringar, fór út í verkalyðsmál, þar sem henni gafst tækifæri á námskeiðum og endaði sem ráðherra. Án góðrar barnagæslu hefði hún verið föst í skúringunum enn þann dag í dag.

Viðvarandi vandamál í bresku hagkerfi er lág framleiðni þrátt fyrir langan vinnutíma. Ýmsir sérfræðingar benda á að hluti þess vanda sé hve margar konur lokast inni í láglau nastörfum. Hér gæti barnagæsla og símenntun gert kraftaverk - en tja, af því stjórnmálin eru að mestu karlamál hér er fátt um aðgerðir, þó barnagæsla hafi reyndar verið slagorð í síðustu kosningum. Eftir kosningar var útnefndur ráðherra til að fara með málefni kvenna - en húrrahrópin höfðu varla þagnað þegar ljóst var að þessi ráðherra, kona auðvitað, átti að vera ólaunaður! Í staðinn fyrir að fá um 88.000 pund í ráðherraárslaun, ríflega 10 milljónir króna, fær hún 59.000 pund, um 700 þúsund sem er þingmannakaupið. Gárungarnir höfðu á orði að þetta væri viðeigandi: konur ynnu hvort sem er svo mikið fyrir ekki neitt!

Þegar ég var lítil - reyndar undarlega langt síðan - lá í loftinu að málið fyrir konur væri bara að mennta sig: þá kæmst þær auðvitað jafnlangt körlum í tekjum og áhrifum. Þessum holtráðum hafa konur sem betur fer fylgt í stórum stíl - svo nú gildir hér eins og svo víða annars staðar að konur eru orðnar jafnmargar og karlar til dæmis í læknisfræði, lögfræði og ýmsu viðskiptanámi, sums staðar jafnvel fleiri konur.

En viti menn! Þegar allar þessar vel menntuðu konur fara svo að sækja um störf þá reka æ fleiri þeirra sig á að nei, ó... menntunin er ekki allt. Jú, hún þarf að vera með - en nú eru það allt í einu alls konar óskilgreind hugtök sem gilda: að vera góður liðsmaður, hafa þor, áræði, sköpunargáfu, frumkvæði... og alveg er það makalaust algengt að kvenfólk sé gersneytt þessum kostum miðað við karlana! Hér hafa því orðið til nýjar viðmiðanir. Englendingar nota mikið líkingamál úr

Þegar ég flutti til London leið ekki á löngu að ég tók eftir að konur virtust ekki til í þeim geirum sem ég fylgdist með: stjórnmálum og viðskiptalífínu.

Íþróttunum: hér gerðist það sumsé að þegar konur voru komnar í skotskóna og dauðafæri... var markið fært!

En það eru líka til fyrirtæki sem eru meðvitund um þetta. Nýlega hitti ég starfsmannastjóra í stórfyrirtæki hér, konu. Hún er komin á sextugsaldur, úr fátækri fjölskyldu og ákvað að hún ætlaði að stjórna

sínu lífi og fá gott starf. Þess vegna valdi hún að eignast ekki börn en bætti við að í dag væri hún ekki sannfærð um að hún myndi taka sömu ákvörðun - og hún vildi gera allt sem hægt væri til að ungar konur í hennar fyrirtæki þyrftu ekki að velja: já, af hverju ættu konur að þurfa að velja þegar karlarnir geta haft bæði gott starf og fjölskyldu! Hún fylgist vel með að ráðningarforsendurnar útlöki ekki konur.

En ekki öll fyrirtæki: nýlega reifaði tímaritið *The Economist* hvernig konur rækju sig ekki aðeins á glerþakið fræga heldur á skilríkum úr gleri: þó þær væru læknar eða lögfræðingar, hefðbundin hálaunastörf, söfnuðust þær í lægstlaunuðu afkima þessara greina. Er það af því þær velja þessi svið til að þurfa ekki að vinna jafnmikið, af því þær



Kannski er ráðið að styðjast við jákvæða mismunun til að koma fleiri körlum í vinnu við barnapóssun og konum í bankastjórastólana.

vilja sinna börnunum (sem mennirnir mega iðulega ekki vera að) eða af því þeim er beint þangað inn? Engin einhlít skýring - en verðugt umhugsunarefni...

Mismununarmálaferlin úr fjármála-geiranum vekja mesta athygli því þar eru upphæðirnar hæstar og lýsingarnar safaríkastar. Nýlega fréttist að ástralski lögfræðingurinn Elizabeth Weston væri aftur komin á stúfana. Weston er þrítug og hætti hjá Merrill Lynch í fyrra með milljón pund í vasanum eftir jólapartíð, sem fór döldið úr böndunum. Háttsettur lögfræðingur, Nathaniel Norgren, starfsbróðir Westons hafði ýmis sóðaleg orð um útlit Westons, einkum brjóstmálið, velti yfir hana borði svo hún fékk rauðvínið yfir sig, sagði maðurinn hennar heppinn að eiga svona konu en gekk líka á hana með spurningar eins og 'Hvað oft í viku?'

Hún stefndi bankanum, sem borgaði sumsé frekar en að fara í réttinn - en það er reyndar athyglisvert að maðurinn ku enn halda stöðunni. Já, eiginlega makalaust að fyrirtæki sé sátt við að hafa mann í vinnu sem getur kostað það milljón (pund!) um leið og hann fær sér í glas með starfs-systur sinni.

Nýja stefna Westons varðar meðmælabréf sem hún fékk eftir starfslokín. Hún segir bréfið hefnigjamt og niðurlægjandi fyrir sig en bankinn heldur því fram að hún sé tækifærissinni - bréfið sé réttlátt. Það sem kom fram í þessum réttarhöldum og öðrum ámóta er hvað háspennan í fjármálageiranum er hlaðin karlhormónum, sem leita útrásar í ósmekklegru framkomu við kvenfólk.

Auðvitað er þetta heldur hvítleitt og skapar oft óþolandi andrúmsloft fyrir kvenfólk. Verra er að þessi andi skilar sér einnig í launaumsláginu: nýleg athugun sýnir að konur í fjármálageiranum fá allt að 42 prósent lægri laun en karlarnir - sem er rúmlega tvöfalt launabil miðað við þjóðfélagið í heild. Níu starfskonur Merrill Lynch hafa höfðað mál af þessu sökum og ML hefur líklega greitt fjórar milljónir punda í skadabætur auk 800 þúsund punda í málskostnað.

Af því launagreiðslur eru oftast trúnaðarmál er ekki auðvelt fyrir konur að grafast fyrir um hvort þeim sé mismunað í launum. Fyrir tveimur árum voru sett ný lög hér sem eiga að auðvelda fólki að afla upplýsinga um hvort launamismunun eigir sér stað, hvort sem stafar af kynferði, kynþætti eða öðru. Þá ályktaði háttsettur lögfræðingur ML að áhættan á þessu sviði væri að verða of mikil til að hægt væri að líta framhjá henni, auk þess sem álitshnekkirinn

Það sem kom fram í þessum réttarhöldum er hvað háspennan í fjármálageiranum er hlaðin karlhormónum, sem leita útrásar í ósmekklegru framkomu við kvenfólk.


væri verulegur þegar svona kæmi upp. Annar starfsmaður sagði að lögin væri tímasprengja. Þessi skoðanaskipti hafa síðan komið fram í málaferlum kvenna gegn ML. - Og já, þetta er bara eitt fyrirtæki... af mörgum.

Mér sýnist stundum að viðskiptaheimurinn sé klofinn í herðar niður: annars vegar eru fyrirtæki þar sem

stöðugt er talað um mannaud og gildi þess að rækta hann, hins vegar fyrirtæki sem svífast einskis í að borga sem minnst og krefjast sem mests. Mannauðstalið má að hluta rekja til áhrifamikillar bókar, Emotional Intelligence eftir Daniel Goleman, sem kom út 1995. Þar bendir hann á að gáfur hafi verið ofmetnar - það sem skipti máli séu hæfileikar til mannlegra samskipta, svo sem sjálfsskilningur, sjálfsagi, úthald og tilfinning fyrir öðrum.

Þessar hugmyndir hafa víða verið aðhæfðar stjórnunar-kenningum - og í því sambandi er gjarnan bent á að í fyrirtækjum sem „hugsa“ á þennan hátt eigi konur bæði máttinn og dýrdina þar sem þær séu tilfinningalega „hæfari“ en karlar. Danskur prófessor í hagfræði, Nina Smith, kunngerði nýlega áhugaverða rannsókn sem sýndi að fyrirtækjum þar sem konur eru í stjórnarteyminu vegnar betur en 'karlkyns' fyrirtækjum - það er því ekki eins og fyrirtæki þurfi að tapa á að leyfa helmingi mannkynsins eðlilegan framgang.


En hvað er til ráða meðan við biðum eftir þessum dýrðar-dögum þegar manngæði og tillitssemi verða efst á blaði og allir metnir að verðleikum? Mikilvægi góðrar barnagæslu verður seint ofmetið - en jákvæð mismunun hefur einnig gert kraftaverk í landi jafnréttisins, Svíþjóð. Grunnhugmyndin er að þegar tveir jafnhæfir umsækjendur eru um starf þá skuli ráða þann sem kemur úr hópi sem fæstir eru úr á vinnustaðnum: sumsé er karl ráðinn sem fóstura og kona bankastjóri á þessum forsendum.

Já, nú heyri ég þjóta í mörgum... Ég hef oft heyrt konur taka vanþóknunardýfur yfir jákvæðri mismunun, sérstaklega ungar konur - og kannski af því ég var sjálf einu sinni í þeim hópi þá fannst mér þetta líka alltaf frekar fráleitt. En af því maður vitkast með aldrinum þá hef ég snarskipt um skoðun: elskurnar mínar, meðan karlmenn þurfa almennt ekki áfallahjálpi fyrir að vera ráðnir eingöngu út á hormónastarfseminna sé ég enga ástæðu til að kvenfólk þurfi að vera eitthvað feimið við jákvæða mismunun... til að sleppa við að tapa hvað eftir annað fyrir neikvæðri mismunun! 

FRJÁLS VERSLUN

KONUR Í FORSVARI

AUGLÝSINGATENGT
SÉRBLAÐ



Textar:

Fríða Björnsdóttir,
Unnur Jóhannsdóttir,
Sigurður Bogi Sævarsson.

Myndir: Geir Ólafsson.

Konur kynna þau fyrirtæki sem þær starfa fyrir.

Vil sjá metnað kvenna meiri á vinnumarkaði

Pensla á vinnumarkaði er aftur í umfjöllun eins og fyrir uppsveifluna um aldamótin. Bankarnir ríða á vandi með launahækkanir og þegar er farið að gæta þenslu innan tölvu- og upplýsingatæknigeirans, sem minnir óneitanlega á síðasta þenslu-tímabil. Haustið 2001 hófust aðhaldsaðgerðir og uppsagnir hjá íslenskum fyrirtækjum, fá störf voru í boði svo margir brugðust við með að auka menntun sína og háskólabekkir fylltust. Þessir aðilar hafa verið að skila sér aftur út á vinnumarkaðinn, og þó störfum hafi fjölgað á ný eru þau ekki næg til að metta aukið framboð háskólamenntaðra,“ segir Guðný Harðardóttir, framkvæmdastjóri STRÁ MRI.


Námsleiðir hafa styst og háskólum landsins fjölgað. „Störf hafa þó verið að breytast og verið aðlöguð auknu framboði. Nú eru meira menntaðir einstaklingar ráðnir í störf, sem minna menntaðir sinntu áður. Veruleg eftirspurn er t.d. nú eftir lögfræðigum, sem og viðskiptafræðingum af endurskoðunarsviði og löggiltum endurskoðendum“.

Nýskráningar breytast. Árið 2000 voru nýskráningar kvenna hjá STRÁ um 53%, en karlar um 47%. Hlutfall kvenna hefur farið lækkandi og árið 2004 voru nýskráðar konur um 41%, en karlar

59%. Ef til vill eru konur síður að hreyfa sig milli starfa auk þess sem þær hverfa frá vegna barneigna. Háskólamenntaðir hafa verið í meirihluta í nýskráningum hjá STRÁ. Árið 2004 voru háskólamenntaðir rúmlega 57% af nýskráðum, þar af umtalsvert fleiri karlar.

STRÁ MRI er ein af leiðandi ráðningarpjónustum landsins, en fyrirtækið býr yfir 20 ára reynslu á sínu sviði. „Áunnin reynsla gerir okkur kleift að veita faglega, markvissa og góða þjónustu,“ segir Guðný. „Við státum af traustum viðskiptavinum, áhugaverðum verkefnum og hæfu starfsfólki.“

„Við önnumst ráðningar fyrir mörg leiðandi fyrirtæki landsins, í hin ýmsu sérfræði-, milli-stjórnunar- og stjórnunarstörf. Í gegnum árin hefur mér þótt konur tregari að sækja um ábyrgðarstörf. Umsækjendur um stjórnunarstöður eru yfirleitt karlkyns, fáar konur sækja t.d. um stöður framkvæmdastjóra. Konur vilja störf í faglegu umhverfi, með hefðbundinn dagvinnutíma meðan karlar eru tilbúnari til að takast á við ábyrgðarstörf, sem útheimta lengri vinnustundir. Konur eru duglegar að mennta sig, en spurning um hvort þær séu nógu duglegar að bjóða sig fram. Ég vil sjá konur virkari í að sækja um ábyrgðarstöður og aukinn metnað þeirra í íslenskum fyrirtækjum.

„Mig langar að geta þess að kynning Frjálsrar verslunar á konum í stjórnun og íslensku atvinnulífi er til mikillar fyrirmyndar, blaðið er faglegt og efnið fær góða umfjöllun,“ segir Guðný að lokum. 



Guðný Harðardóttir er framkvæmdastjóri STRÁ MRI.



Fjöldi umsækjenda, með haldbæra menntun og reynslu af hinum ýmsu störfum eru á skrá hjá STRÁ MRI. Við getum því sparað vinnuveitendum auglýsingakostnað, tíma og fyrirhöfn.

Rísk áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsingar ekkí veittar um umsækjendur nema að höfðu samráði við þú sjálfa.

Ánægðir vinnuveitendur hafa, til margra ára, notið þjónustu STRÁ MRI sem og umsækjendur, en stofan veitir sérfræðingum og stjórnendum einnig aðstoð við leit að ábyrgðar- og stjórnunarstörfum.

Við finnum þann eina rétta

Við erum sérfræðingar í starfsmanna- og ráðningarmálum og höfum yfir **20** ára reynslu og þekkingu á því sviði.

Við höfum þjónustað mörg helstu fyrirtæki landsins í áraraðir.

Við vitum að valið á rétta starfsfólkinu er einn mikilvægasti þátturinn í velgengni íslenskra fyrirtækja.

Leitaðu aðstoðar fagmanna með farsæla reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ  **MRI**[®]
WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 6 108 Reykjavík sími 588 3031 www.stra.is



ICELANDAIR HOTELS

Fimmtánhundruð hótelherbergi um allt land

Þetta er spennandi starf, gríðarlega fjölbreytt og í fyrirtækinu ríkir góður og skemmtilegur liðsandi,“ segir Magnea Þ. Hjálmarsdóttir og brosir, en hún var nýlega ráðin framkvæmdastjóri Icelandair Hotels. „Icelandair Hotels er stærsta fyrirtækið í hótelrekstri á Íslandi. Það varð til árið 1998 þegar hótelin sem tilheyrdi Flugleiðum og Ferðaskrifstofu Íslands voru sameinuð í eitt sjálfstætt fyrirtæki. Það rekur tvær hótelkeðjur, Icelandair Hotels, sem eru átta talsins og Hótel Eddu sem eru sextán. Icelandair Hotels eru heilsárs hótel þar sem veitt er fyrsta flokks þjónusta, en þau stærstu, Nordica hótel, með 252 herbergjum, og Hótel Loftleiðir, með 220 herbergjum, eru bæði fjögurra stjörnu hótel. Önnur Icelandair Hotel eru á landsbyggðinni og eru með allt frá 27 og upp í 60 herbergi.


Edduhótelin er að finna hringinn í kringum landið, flest í heima-
vistarskólum en sum í byggingum sem eingöngu eru notuð til hótel-
reksturs. Þau eru aðeins opin yfir sumartímamann og þar leggjum við
áherslu á lipra þjónustu og hagstætt verð.“

Magnea segir að mikil uppbygging hafi átt sér stað í hótelgeiranum hér á landi síðastliðinn fjögur ár. „Undanfarin tvö ár hefur fjöldi erlendra ferðamanna til landsins verið að aukast en á fyrstu


fimm mánuðum þessa árs fækkaði þeim um 5,6%. Það eru því tölurverð umskipti og í ljósi aukins framboðs á gistirými má vænta þess að samkeppni verði um hvern gest. Flóra ferðamannanna er mjög fjölbreytt en Icelandair- og Edduhótelin höfðu til ólíkra markhópa auk þess sem staðsetning hótelanna vítt og breitt um landið er

tvímælalaust kostur. Þar starfar einnig úrvalsfólk sem er alþjóðlegt að gera sitt ítrasta og takast á við samkeppnina.“

Magnea hefur ferðast, numið og unnið víða, bæði innanlands sem utan. „Ég lauk námi í hótelstjórnun frá IHTTI, Neuchatel í Sviss árið 1991 og MBA-námi frá University of Surrey á Englandi árið 2003. Hótelferillinn hóf ég í Sviss og fór þaðan til Japan en kom síðan heim og starfaði á Holiday Inn Reykjavík, var aðstoðarhótelstjóri Hótel Esju

og Loftleiða, forstöðumaður landsbyggðarhótelna Icelandair Hotels og forstöðumaður Icelandair Hotels. Þá var ég framkvæmdastjóri ráðstefnunnar „Konur og lýðræði við árbúsundamót“ sem haldin var á vegum ríkisstjórnarinnar. Ég er svo aftur komin heim eftir að hafa verið í námi og síðan starfað um skeið við Háskólann í Surrey að skipulagningu alþjóðlegra ráðstefna sem og ráðgjafi á sviði markaðsmála og gæðastjórnunar.“ 

Fyrirtækið rekur tvær hótelkeðjur, Icelandair Hotels, sem eru átta talsins, og Eddu-hótelin sem eru sextán.



- [redacted]
- [redacted]
- [redacted]
- [redacted]
- [redacted]

[redacted]
[redacted]
[redacted]

SAMSKIP

Stígur ölduna á spennandi tímum


Það er allur heimurinn undir og hann er heillandi,“ segir Bára Mjöll Ágústsdóttir, deildarstjóri tekjuskraningardeildar Samskipa, brosandí. Hún er viðskiptafræðingur að mennt og MBA frá Háskólanum í Reykjavík. „Við erum með 49 skrifstofur í 21 landi svo starfinu fylgja mikil alþjóðleg samskipti. Það er því óhætt að segja að starfið víkkí sjóndeildarhringinn, „Það er nærtækt að spyrja hana hvort hún sé sigld kona. „Ætli það ekki,“ svarar hún kímín. „Ég ferðast reyndar eins og flestir í dag með flugi en í þeirri merkingu að hafa komið víða þá má segja að sé ég nokkuð sigld og ég starfaði m.a. um skeið í Bandaríkjunum sem var mjög lærdómsríkt.“

Um áramótin síðustu fluttu Samskip nær alla starfsemi sína á höfuðborgarsvæðinu undir eitt þak í Kjalavogi og segir Bára það hafa jafnast á við byltingu. „Hér eru nú Samskip, Landflutningar-Samskip og Jónar Transport til húsa, aðalskrifstofur félagsins og vöruhús sem eru með þeim stærstu og fullkomnustu hér á landi. Aðstaðan auðveldar viðskiptavinum til muna aðkomu og öll samskipti við félagið en vinnuumhverfið er ekki síður til fyrirmyndar fyrir starfsmenn. Í húsinu er fullkomið mötuneyti, tveir matsalir, ný fundarsalir, kaffihús og 15 kaffibarir og/eda smáeldhús, fjögur sófa- eda hvíldarherbergi sem nýtast fyrir smærri fundi og eru með sjónvarpi og taflí, bókasafn og tölvurými fyrir þá starfsmenn sem ekki hafa aðgang að tölvum. Þá er ónefndur tækja- og skvasssalur, bað- og búningsaðstaða fyrir ríflega 200 manns og sérstök leikherbergi fyrir börn



starfsmanna sem þeir gætu þurft að taka með sér tímabundið í vinnuna. Hér starfa eda hafa aðstöðu nærri tveir af hverjum þremur starfsmönnum félagsins á Íslandi, sem eru um 550 talsins, en á erlendri grundu starfa aðrir 750.“

Við flutninga urðu líka fjölmargar skipulagsbreytingar innan fyrirtækisins. „Sem dæmi má nefna að nú sér ein deild, tekjuskraningardeild, um að skrá allar tekjur Samskipa en fólkíð sem sá um það áður var ýmist að vinna í útflutningsdeild, innflutningsdeild eda landflutningadeild. Þannig erum við sífellt að leita leiða til þess að þjappa starfsemi þess saman og skerpa sýnina. Við erum í örri þróun og það eina sem maður getur verið næsta viss um eru að það verða breytingar en ég kann vel við mig í umhverfi þar sem ríkir líf og fjör,“ segir Bára og brosir, en frítímans segist hún njóta með eiginmanni sínum, Helga

Magnúsi Baldvínssyni, deildarstjóra lána- deildar VÍS, og börnum þeirra þremur. 

Aðstaða fyrir starfsmenn er til fyrirmyndar í nýju húsnæði Samskipa en þar er m.a. tækja- og skvasssalur, kaffihús, bókasafn og hvíldarherbergi.



Bára Mjöll Ágústsdóttir, deildarstjóri tekjuskraningardeildar Samskipa, kann vel við sig í þeim öldugangi sem oft fylgir örri þróun og breytingum fyrirtækja í nútímasamfélagi.



fersk sending

Allir eiga að geta gengið að fereikum matværum vörum
– hver sem þeir þúfa!

Bílur og vörugrymslur Landflutnings-Samskipa taka eðerskipti
mið af þessu með hlífðuðum kælibúnaði sem tryggir að varan
kennist alltaf fersk til móttakanda.

Upplýsingar í síma
458 8000
og á landflutningar.is

með
trukki



Landflutningar
SAMSKIP

Öflugt dreifikerfi um allt land



Kristín Rafnar, forstöðumaður skráningarsviðs Kauphallar Íslands hf., segir markaðsvirði skráðra félaga hafi aukist umtalsvert á síðasta ári.

KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.


Kátt í Kauphöllinni

Hlutverk Kauphallar Íslands hf. er að vera skipulagður vettvangur fyrir viðskipti á fjármagnsmarkaði með skráningu verðbréfa, rekstri viðskiptakerfis, upplýsingamiðlun og annarri þjónustu við fjármagnsmarkaðinn,“ segir Kristín Rafnar, forstöðumaður skráningarsviðs. „Áhersla er lögð á að auðvelda viðskipti, tryggja fagleg vinnubrögð og styrkja verðmyndun verðbréfa til hagsbóta fyrir fjárfesta, útgefendur og aðra markaðsaðila hér á landi og erlendis. Skráð félög í Kauphöllinni eru nú 33 en fyrstu erlendu félögin voru skráð nýlega og má ætla að fleiri bætist við á næstunni.“ Kristín segir að þótt skráðum félögum hafi fækkað á liðnum mánuðum þá hafi umsvif í raun aukist mikið. „Veltuaukning viðskipta var 40% á árinu 2004 og úrvalsvisitalan hækkaði um 59% það árið og um 20% á fyrstu fimm mánuðum þessa árs. Markaðsvirði skráðra félaga jókst um 64% á síðasta ári og benda má á að markaðsvirði skráðra félaga er 123% af landsframleiðslu sem er hæsta hlutfall á Norðurlöndunum og líklega með því hæsta sem gerist. Til samanburðar er hlutfallið 55% í Noregi, 58% í Danmörku, 105% í Svíþjóð og 111% í Finnlandi. Þá jókst hlutabréfavelta um 111% frá fyrra ári.“

Kristín er nýtekin við starfi forstöðumanns skráningarsviðs en á að baki tveggja áratuga farsælan feril í Landsbankanum, m.a.

„Skráð félög í Kauphöllinni eru nú 33 en fyrstu erlendu félögin voru skráð nýlega og má ætla að fleiri bætist við á næstunni.“

töku og miðlun fréttu og höfum eftirlit með upplýsingaskyldu skráðra félaga.“

En í hvað skyldi hagfræðingurinn eyða frítímanum? „Þeim tíma er vel varið með fjölskyldunni,“ segir Kristín og brosir. „Ég er gift Gunnari Stefánssyni tölfræðingi og saman eigum við tvo syni. Synirnir eru góðir sundmenn og stunduðu sundíþróttir lengi. Þeir eru því allnokkrir tímarnir sem við hjónin höfum varið á sundlaugarbökkum undanfarin ár. Á veturna bregðum við fjölskyldan okkur einnig alloft á skíði. Sjálfri finnst mér gott að fara í gönguferð eða leggjast niður með góða bók þegar ég vil slaka á.“ 

sem sérfræðingur, útibússtjóri og framkvæmdastjóri. „Ég er viðskiptafræðingur að mennt og lauk MA í þjóðhagfræði og peningamálahagfræði frá Ohio State University. Á skráningarsviði Kauphallarinnar sjáum við um skráningu verðbréfa, samskipti og þjónustu við útgefendur skráðra verðbréfa, mót-

Skráning á markað er lykilatriði í **vexti og útrás** fyrirtækja

Kauphöll Íslands er hægkræmur vettvangur fyrir viðskipti með íslensk og erlend verðbréf. Kauphöllin veitir útgefendum aðgang að áhættufjármagni; fjárfestum fjólbreytta

fjárfestingarkostl og kauphallaradillum hægkræmt og öruggt viðskiptakerfi. Kauphöllin er mikilvægur þáttur í útrás og vexti íslenskra fyrirtækja og þróun íslenskra hægkerftans.



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

SÍMINN

Góð gildi í innri endurskoðun

Margir telja að starf innri endurskoðenda snúist eingöngu um tölur og reikningskúnnstir en það snýst ekki síður um mannleg samskipti,“ segir Helga Harðardóttir, forstöðumaður innri endurskoðunar Símans, og brosir en hún hefur starfað sem lög-giltur endurskoðandi í 19 ár. „Starfið er bæði skapandi og skemmtilegt enda hlutverk innri endurskoðandans margþætt en meðal þeirra er að hafa eftirlit með bókhaldi og fjármunum fyrirtækisins. Ég tók við þessu starfi í ársbyrjun 2004 og auk mín starfa hér í deildinni þau Gylfi Jónsson og Inga Ívarsdóttir. Við höfum átt farsælt og ánægjulegt samstarf við annað starfsfólk Símans en hjá fyrirtækinu starfa á milli 1100 og 1200 manns í fjölmörgum deildum. Við höfum að leiðarljósi þau gildi sem Síminn stendur fyrir og mótar fyrirtækjamenningu, en þau eru traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður. Við leitum, í samstarfi við starfsfólk sem hefur sérþekkingu á sínu sviði, hagkvæmstu leiða og lausna í rekstri fyrirtækisins og erum oft og tíðum í hlutverki ráðgefanda.“

Hún segir að viðhorf stjórnenda til innra eftirlits skipti miklu máli. „Hneykslismál á borð við Enron, WorldCom og Parmalat sýndu fram á mikilvægi og nauðsyn virks innra eftirlits innan fyrirtækja og í kjölfarið hafa mörg fyrirtæki skerpt á því. Innra eftirlit á að tryggja árangur og skilvirkni í starfsemi fyrirtækisins, áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og að farið sé að gildandi lögum og reglum. Áherslur í endurskoðun hafa breyst síðustu ár og er meiri áhersla lögð á áhættugreiningu- og stýringu. Hugsanlegar hættur eru þá greindar og reynt að stýra þeim þannig að félagið verði ekki fyrir tjóni og að það nái settum markmiðum. Auk þess höfum við eftirlit með upplýsingakerfum fyrirtækisins,“ segir Helga sem horfir björtum augum til framtíðar. „Það eru skemmtilegir og spennandi tímar framundan hjá Símanum enda tengist starfssemi fyrirtækisins örrí tækniþróun í nútímanum.“



Helga Harðardóttir, forstöðumaður innri endurskoðunar hjá Símanum, segir starfið ekki síður snúast um mannleg samskipti en tölur.



Við höfum að leiðarljósi þau gildi sem Síminn stendur fyrir og mótar fyrirtækjamenningu, en þau eru traust, heilindi, lipurð, einfaldleiki og eldmóður.

Glæsilegur Motorola sími

RAZR V3



Motorola V3

Verð aðeins:

29.980 kr.

Engingur fyrir GSM kort frá Símann.

Motorola V3 síminn er ekki bara einstaklega flottur, þunnur og nettur heldur er hann búinn öllum helstu kostum sem prýða GSM síma í dag.

- glæsileg hönnun
- stafræn myndavél (VGA, 640x480 punkta)
- hi-res skjár
- MP3 hringitónar
- fjögurra banda (quad band, 850, 900, 1800, 1900 MHz)



„Hér er hægt að velja um fimmtíu möguleika í nuddi og snyrtingu,“ segir Hafdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Lauga - Spa.

LAUGAR SPA

Fyrir hug, líkama og sál

Fimm stjörnu nudd- og snyrtistofa er eitt af mörgu sem býðst í Laugum, heilsuræktarstöð World Class í Laugardal. Frábært fagfólk veitir gestum góða þjónustu og fyrsta flokks slökun frá amstri dagsins. Unnið er með vörum frá E'Spa, sem eru þekktar um allan heim. E'Spa vörur eru unnar úr hágæða hráefnum úr náttúrunni og eru þekktar fyrir hreinleika og gæði.

Nudd og Baðstofa „Hér er hægt að velja um fimmtíu möguleika í nuddi og snyrtingu. Þar fara saman forn fræði og nútíma þekking í bland við þau gæði sem náttúran býður. Aðsóknin hér er mikil og fer stöðugt vaxandi. Gjafakort í nudd hér verða stöðugt vinsælli og margir sem vilja gera virkilega vel við sjálfan sig koma hingað, hvort heldur er fyrir líkama eða sál,“ segir Hafdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Lauga - Spa, best þekkt sem Dís í World Class.

Baðstofan í Laugum er um 500 fermetrar. Gufuböðin eru sex og hvert með sínu hitastigi og í bakgrunni má heyra þægileg hljóð eða slökunartónlist - sem skapar þau hughrif að gestir ná að slaka virkilega vel á. Fólk getur sömuleiðis valið á milli heitra og kaldra sturtubaða, eða þá tyllt sér í hægindastóla í glæsilegri arinstofu.


Heildræn meðferð Í Laugum eru fimmtán sérútbúin herbergi fyrir gesti í nudd- og snyrtimedferð. E'Spa-upplifun er ein þeirra með-

ferðarmöguleika sem bjóðast. „Slík meðferð losar djúpa spennu í húðinni ásamt því að stinna og þétta þroskaða húð. Einnig endurheimtist þéttleikinn og ferskleikinn. Þetta er alveg ný upplifun fyrir líkama og sál. Þá þykir tyrkneskt bað gott. Það er framkvæmt með

Nudd og snyrting. Frábær þjónusta í Laugum Spa - World Class í Laugardalnum. Mikil aðsókn.

ilmkjarnaolíum og mildum E'Spa sápum og endar með heilnuddi og máltíð. Slíkt bað hefur góð áhrif á blóðrás, sogæðakerfið og bandvefi líkamans. Vinnur á vöðvabólgu, gigt, stírdleika og er endurnærandi fyrir líkama og sál.“ E'Spa-saltnudd, þar sem notað er perlulaga salt blandað ilmkjarnaolíum, fjarlægir dauðar húðfrumur, hreinsar svitaholur, vekur hárxæðakerfi húðarinnar og örvar sogæðakerfið. „Í heildrænni allsherjar meðferð með heitum

steinum er byrjað á að bursta allan líkamann og síðan er borið skrubbb krem og því nuddað létt á.

Snyrting og slakað á Í Laugum er sérstakur nuddbekkur, afar mjúkur og þægilegur, sem sérstaklega er ætlaður fyrir barnshafandi konur. Á bekknum eru holur fyrir maga og brjóst - sem gerir konunum nuddið mjög þægilegt. Alls starfa tíu nuddarar og fjórir snyrtifræðingar í Laugum og er þjónusta þeirra afar vinsæl. Æ fleiri sækja í alla almenna snyrtingu, hand- og fótisnyrtingu - eða andlitsböð og hreinsun. Vaxmedferð verður sömuleiðis sífellt vinsælli. 

Dekraðu við þig í sumar

Þvornig er að vera ...

... galdandi af þreynt, unmarfin hlímið kryddlaugun,
upplifst af karta(j)ðsum, myndarfulli í vagna heimi,
glæsileg og gáðarfull í sann, mjólk elna og vata úr sjó ...

Úreal af gjafakortinu völdu allra hæfi.



www.laugar.com
sími 533 1177 - spa@laugarspa.is

LAUGAR SPA
snyttu- og sundlausa

LAUGAR

HÚSGAGNAVERSLUNIN EXÓ

Stílhrein nútímahönnun

Húsgagnaverslunin Exó í Fákafeni 9 í Reykjavík leggur áherslu á nútímahönnun og á þeim þrettán árum sem liðin eru frá opnun hefur verslunin dafnað og vegur hennar aukist. „Okkur þótti vanta húsgagnaverslun með góða nútímahönnun. Fannst líka tímabært að fara að gera eitthvað sjálf og þá kom frumkvöðullinn upp í okkur hjónum,“ segir Hanna Birna Jóhannesdóttir sem rekur verslunina ásamt eiginmanni sínum, Inga Þór Jakobssyni.

Önnur Exó verslun var opnuð í Osló fyrir fjórum árum. „Margir viðskiptavinir okkar voru Norðmenn og því fórum við til Oslóar, skoðuðum húsgagnamarkaðinn og sáum að markaður væri fyrir verslun á þeirri línu sem við erum,“ segir Hanna Birna. Í kjölfarið var Exó - möblestudio opnuð, sem er við eina helstu verslunargötuna í Osló og fékk góðar viðtökur strax á fyrsta degi.

Ferhyrnt form og stílhreinar línur „Nútímahönnun einkennir verslunina Exó. Stílhreinar línur með ferhyrnt form sem hafa einkennið less is more. Í dag eru stórir sófar vinsælir og flesta okkar sófa er hægt að fá í mismunandi stærðum allt upp í að vera fimm til sex metra langir. Leður er áberandi í dag hvítt og svart en í mismunandi grófleikum,“ segir Hanna Birna.

Mörg vörumerki Exó eru vel þekkt. „Við höfum safnað að okkur vönduðum merkjum. Sum eru þekkt, en önnur minna. Okkar kröfur byggjast á fagmennskunni. Innan Exó er til fagleg þekking á húsgagnahönnun, bólstrun og smíði húsgagna. Ingi Þór, maðurinn minn, hefur alla þessa þekkingu, enda innanhúshönnuður að mennt.“




Exó dafnar og vörumerkin vönduð. Gjafavörudeild í sókn. Matarstell, glös, púðar og teppi.

Armani Casa með haustinu Gjafavörudeild er starfrækt í Exó. Þar eru seldar vörur frá La Meditterian sem er spænskt fyrirtæki sem eingöngu vinnur úr endurunnu gleri. „Þar sem gjafavörudeild okkar hefur fengið mjög góðar viðtökur munum við nú í haust kynna nýjar vörur frá einu af eftirsóttustu fyrirtækjunum í smávöru í dag. Það er Armani Casa sem er eitt af dótturfyrirtækjum Giorgio Armani, sem hefur með sínu fólki hannað allt frá skóm og upp í húsgögn. Í þessari gjafavörulínu eru meðal annars sængurföt, náttslóppar, handklæði, borðbúnaður, glös, púðar og teppi.“

Vinna og áhugamál Hanna Birna Jóhannesdóttir er markaðsfræðimenntuð og segir þá menntun hafa nýst sér afar vel í verslunarrekstri. Í dag gerir hún markaðsáætlanir langt fram í tímann og sama gildir um auglýsingar. „Ég legg mikið upp úr því að auglýsingarnar séu markvissar og höfði til ákveðins markhóps. Vil að vörur okkar standi undir þeirri ímynd sem við kynnum. Ég legg líka áherslu á framúrskarandi þjónustu; þannig sköpum við traust og aukna viðskiptavild,“ segir Hanna Birna sem segir það góða tilfinningu að geta samræmt vinnu og áhugmál. [f](#)

ingarnar séu markvissar og höfði til ákveðins markhóps. Vil að vörur okkar standi undir þeirri ímynd sem við kynnum. Ég legg líka áherslu á framúrskarandi þjónustu; þannig sköpum við traust og aukna viðskiptavild,“ segir Hanna Birna sem segir það góða tilfinningu að geta samræmt vinnu og áhugmál. [f](#)

„Okkar kröfur byggjast á fagmennskunni,“ segir Hanna Birna Jóhannesdóttir, kaupmaður í Exó.



Komdu og sjáðu þjóf af fimm nýju vörumerkjum okkar á Íslandi

Í SÓL OG SUMARYL...



Ebanis Húsnæmsstæður
Gardia Blanco Garðhúsgögn, útlendi og matar
Medias Ljós



Reykjavík - Óslo

Félakotn 9 - 108 Reykjavík - Sími: 568 2866 - www.exo.is



STIKI EHF.


Upplýsinga- öryggi er krafa dagsins



Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Stika.

Stiki ehf. er þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í verndun upplýsinga. Með ráðgjöf og sérhæfðum hugbúnaði tryggir Stiki öryggi upplýsinga fyrir viðskiptavinum sína. Fyrirtækið var stofnað árið 1992 og öll starfsemin er bæði öryggis- og gæðavottuð af bresku staðlastofnuninni BSI skv. BS 7799 og ISO 9001.

Krafa um upplýsingaöryggi hefur fengið byr undir báða vængi jafnt í opinbera geiranum sem og hjá einkafyrirtækjum. Fjármálaeftirlitið beinir þeim tilmælum til aðila sem starfa á fjármálamarkaði að þeir geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga hjá sér. Persónuvernd gerir sömuleiðis kröfu til aðila sem vinna með persónuupplýsingar að þeir tryggja öryggi þeirra á fullnægjandi hátt. Fyrirtæki gera sér æ betur grein fyrir mikilvægi þess að hafa upplýsingaöryggi í lagi og sækjast eftir ráðgjöf og lausnum á því sviði.



Upplýsingar eru verðmæti Stiki beitir alþjóðlegum stöðlum um upplýsingaöryggi til að ná betri stjórn á öryggi upplýsinga. Staðlarnir innihalda nákvæma lýsingu á hönnun, þróun og innleiðingu stjórnskipulags og þeir og notkun þeirra tryggir samræmi í vinnubrögðum og alþjóðleg viðmið. Hugmyndafræðin byggir á því að upplýsingar séu eignir fyrirtækisins eða stofnunarinnar. Upplýsingaeygnir þurfa því að vera vel skilgreindar og þeim þarf að stýra eins og öðrum áþreifnalegri eignum eða sjóðum. Upplýsingaeygnir geta verið margs konar. Til dæmis orðspor fyrirtækis og þekking starfsmanna auk hefðbundinna upplýsingaeygna svo sem gagna, vél- og hugbúnaðar. Upplýsingar eru geymdar, meðhöndlaðar og færðar á margan annan hátt en í upplýsingakerfum fyrirtækisins og þeim upplýsingum þarf að stýra. Upplýsingar á mæltu máli eru ekki síður mikilvægar en upplýsingar á pappír eða tölvutæku formi.

Áætlanir um samfelldan rekstur skipta máli Í kjölfar atburðanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 hafa fyrirtæki í auknum mæli lagt áherslu á að gera áætlanir um samfelldan rekstur. Það eru áætlanir um aðgerðir sem grípa þarf til ef rekstur verður fyrir

óvæntu áfalli. Slík rekstraráföll geta orðið hvort sem er af völdum náttúruhamfara, fyrir slysi eða vegna illvilja. Flestir þekkja t.d. afleiðingar straumleysis, rofs á símalínunum eða árása tölvuþrjóta á tölvukerfi fyrirtækja. Stiki aðstoðar fyrirtæki við að innleiða slíkar áætlanir og veitir sömuleiðis ráðgjöf við greiningu og endurbætur á verkferlum. Oft eru þessi ferli til, en óskráð og aðeins til í kalli starfsmanna. Stór hluti af breyttu stjórnskipulagi fyrirtækis eða stofnunar til að uppfylla kröfur um upplýsingaöryggi er gerð skipulagshandbókar. Slík verkefni eru stór þáttur í starfsemi Stika.

Heilbrigðisnet og hugbúnaðarþróun Viðskiptavinir Stika eru mörg af stærstu fyrirtækjum landsins og að auki fjölmargar opinberar stofnanir og ráðuneyti. Hjá fyrirtækinu starfa 12 sérfræðingar með víðtæka menntun og mikla reynslu af innleiðingu upplýsingaöryggis og hugbúnaðarþróun. Stiki hýsir jafnframt tölvukerfi sem eru á ábyrgð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og innihalda viðkvæmar persónuupplýsingar. Fyrirtækið hefur því sjálft mikla reynslu af hýsingu og meðferð viðkvæmra gagna.

Hjá Stika hefur um nokkurt skeið verið unnið að þróun íslenska heilbrigðisnetsins sem er ætlað að vera öruggur farvegur rafrænna samskipta milli aðila í heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisnetið samanstendur af upplýsingakerfum einstakra aðila sem tengjast því og þeim fjarskiptabúnaði sem tengir þá saman, auk samskipta- og öryggisreglna. Stiki hefur einnig þróað upplýsingakerfi fyrir heilbrigðisstofnanir svokallað RAI-matskerfi sem stendur fyrri Residental Assessment Instrument. Kerfið er notað til að meta heilsufar fólks og þörf fyrir umönnun, t.d. aldráðs fólks sem dvelur á hjúkrunarheimilum og þeirra sem þiggja heimahjúkrun. Stiki hefur einnig þróað kerfi til að meta þörf aldraðra fyrir vist á öldrunarstofnun, svo nefnt vistunarmat sem unnið er á vegum sveitarfélaga. Loks má geta þess að hjá Stika er unnið að margvíslegri hugbúnaðarþróun fyrir fjármálaþyrirtæki auk samþættingarverkefna í upplýsingatækni.

**Öryggi upplýsinga
– ráðgjöf og hug-
búnaðarlausnir.
Heilbrigðisnetið
í smíðum.**

Vertu vakandi yfir öryggi upplýsinga þinna.

Þær eru verðmæti sem ber að vernda.

Stiki sérhæfir sig í verndun **upplýsinga** og býður viðskiptavinum sínum ráðgjöf og sérhæfðan hugbúnað á þessu sviði.

Stiki er í fremstu röð fyrirtækja á sviði ráðgjafar og lausna sem **varða öryggi upplýsinga**. Fyrirtækið byggir árangur sinn á fag-

mennsku, trausti og heiðarlegum samskiptum við viðskiptavini. Markviss samvinnu við viðskiptavinina og öguð og vönduð vinnubrögð byggð á alþjóðlegum stöðlum eru hornsteinar starfsminnar. Leiðarljós Stika er hagkvæmni og ending lausna og ánægja og tryggð viðskiptavina.

Stiki starfar á alþjóðlegum grundvelli og starfsemi fyrirtækisins er bæði öryggis- og gæðavottuð samkvæmt alþjóðlegu stöðlunum **BS 7799** og **ISO 9001**.

Áætlunir um samfelldan rekstur

Sumu verður ekki stjórnað – vertu viðbúinn áfall.

Stiki veitir ráðgjöf um gerð áætlana um samfelldan rekstur sem gettu



að vera til staðar hjá þeim öllum fyrirtækjum.

Áhættumat og áhættustjórnun

Í lafðu yfirsýn yfir Lpp yfirngæignir fyrirtækisins, þekktu ógni og veikleika í rekstrinum og leiðir mat til að bregðast við á viðgandi hátt.

Framkvæmdu áhættumat og stýrðu áhættu með Stiki **OutGuard**®

Skipulagshandbækur

Er þekking og verklag í rekstrinum skráð?

Skrán og verkferla og stefna er nauðsynlegur þáttur í rekstri fyrirtækja og stofnana. Gæða- og öryggisstjórn kerfi byggja á skráðum verkferlum. Stiki sérhæfir sig í gerð skipulagshandbóka þar sem byggt er á á alþjóðlegum stöðlum

 **Stiki**
Information Security

Síðunýla 34 – Sími 5 700 400
www.stiki.is



ISO 9001:2015
ISO 27001:2017



Nanna Huld Aradóttir situr í stjórn Félags um innri endurskoðun sem stofnað var árið 2003 en félagsmenn eru nú um 100 talsins.

KREDITKORT HF.

Fyrsti löggilti innri endurskoðandinn

Nanna Huld Aradóttir, innri endurskoðandi Kreditkorts hf., var fyrst Íslendinga til þess að hljóta alþjóðlega löggildingu á þessu starfssviði. „Ég er viðskiptafræðingur að mennt og löggiltur innri endurskoðandi en það er gráða sem á ensku nefnist Certified Internal Auditor og er skammstöfuð CIA®. Gráðan er alþjóðleg og sem slík mælikvarði á faglega hæfni þeirra sem starfa við innri endurskoðun. Grunnháskólanám og tveggja ára starfsreynsla við innri endurskoðun eru skilyrði fyrir próftöku en prófið sjálft er haldið á vegum Alþjóðasamtaka innri endurskoðenda, The Institute of Internal Auditors, IIA. Í íslenskum lögum hefur starfsheitið innri endurskoðandi reyndar ekki enn hlotið löggildingu eins og víða í lögum erlendrar ríkja. Hvenær það verður er þó væntanlega aðeins tímaspursmál enda þessi sproti í endurskoðendageiranum tiltölulega nýr af nálinni.“

Innri endurskoðandi er ráðinn af stjórn Kreditkorts og heyrir sem slíkur undir hana. „Stjórn félagsins ber að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri þess og sjá um að skipulag hans sé jafnan í réttu horfi en sérstaklega skal hún sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með



Kreditkort hf. hefur verið að innleiða stjórnkerfi upplýsinga í samræmi við öryggisstaðalinn ISO 17799.

bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Starf innri endurskoðanda Kreditkorts er þriðja. Í fyrsta lagi sinnir hann og framfylgir áðumefndu eftirlitshlutverki stjórnar varðandi bókhald og fjármuni, í öðru lagi hefur hann umsjón með gæðastarfi félagsins, sem byggir á skipulagi og aðferðum altækrar gæðastjórnunar en þriðji þátturinn felst í því að greina, meta og samræma útlána-, markaðs- og rekstraráhættu félagsins.“

Íslendingar eru eins og flestum er kunnugt kortavæn þjóð en Kreditkort annast útgáfu MasterCard og Maestro korta, sem eru alls um 190.000 hér á landi, og annast færslusöfnun fyrir korthafa þeirra auk Amex, Diners og JCB. Nanna Huld segir fyrirtækið leggja mikinn metnað í að tryggja öryggi allra upplýsinga. „Við höfum þar verið að innleiða stjórnkerfi upplýsinga í samræmi við öryggisstaðalinn ISO 17799 en það er keppikefli okkar að meðferð og varðveisla þeirra

persónulegu upplýsinga sem verða til innan fyrirtækisins sé í samræmi við góða viðskiptahætti og reglur eftirlitsaðila. Hefur félagið m.a. undirgengist úttektir hjá Perónuvernd og Fjármálaeftirlitinu á þessu sviði á síðasta ári.“

Sparaðu 75%!

Þú getur sparað fyrirtækinu allt að 75% kostnaðar við umsjáslu reikninga með Innkaupakortinu.

www.innkaupakort.is

Færri reikningar og færslur beint í bókhald með Innkaupakorti MasterCard.

Ný laun- & gjöldu vaxendur

Afgangur af launum eða reikningu fyrirtækis samveru aldrei 2-4% af launargjöldum og umgjöldum við bera þetta kosti á milli 2.000-5.000 krónur. Með Innkaupakortinu má sé þessum kostnaði stótt um allt að 75%!

Hagregning og yfirteki

Innkaupakortid er þægilegur forvegur fyrir innkaup sem eru hluti af daglegum reitum fyrirtækisins — frásmá fasti aðgangur kjósmata, reitabreytur, smáskilyng og óskilmyrt flóra. Færslur má síðan fara beint í bókhald. Þetta er stóllingur stöðugt!



Ekki láta auðveldi sjón fyrir þjálfing og þjálfing. Það er kynslags strax í sínu 888 1808



RAGNAR BJÖRNSSON EHF.

Rótgróið fyrirtæki í rúmum og dýnum

Pað jafnast ekkert á við að svífa inn í svefninn og vakna úthvöldur að morgni dags. Það vissi Ragnar Björnsson húsgagnabólstrari en hann stofnaði samnefnt fyrirtæki sem nú leggur áherslu á að framleiða gæðadýnur fyrir Íslendinga. „Húsgagnabólstrun Ragnars Björnssonar ehf. var stofnuð árið 1943 og grunnurinn er því gamall og traustur,“ segir Birna Ragnarsdóttir framkvæmdarstjóri, en hún tók við stjórnartaumunum af föður sínum sem lést árið 2004. „Ég

hafði besta lærimeistarann, bæði í iðninni sjálfri og í rekstri fyrirtækisins. Ég fylgdist með verkum pabba frá því að ég var lítil stelpa, fékk fljótlega áhuga á greininni og aðstoðaði hann eftir þörfum og þroska. Ég tók verslunarskólapróf og fór síðan í iðnskólann þar sem ég lærði húsgagnabólstrun og var í verk-námi hjá pabba. Við áttum afar farsælt samstarf þar til hann féll frá í fyrra en síðustu árin sá ég að mestu leyti um daglegan rekstur fyrirtækisins.“

Þarfir viðskiptavinarins eru það sem reksturinn snýst um og markmiðið er að uppfylla þær. Engir tveir eru eins og þess vegna er fjölbreytnin í fyrirrúmi í rúmunum hjá Ragnari Björnssyni ehf. „Við sérsníðum bæði rúm og dýnur eftir óskum. Lengd, breidd og hæð rúmana getur því farið eftir stærð og gerð hvers og eins. Það sama á við um dýnumar sem hægt er að fá eftir máli en þar má velja á milli fjögurra tegunda af springdýnum: Venjulegra springdýna, sérhannaðra sjúkradýna með varmaklæðningu, super deluxe eða grand deluxe springdýna með tvöföldum, mjúkum mottum, allt eftir því sem hentar hverjum og einum en það eru fjórir stíflleikar í boði. Ýmsir möguleikar eru einnig fyrir hendi við val á göflum. Hægt er að



„Ég hafði besta lærimeistarann, bæði í iðninni sjálfri og í rekstri fyrirtækisins.“

fá trégafla, bólstraða gafla með áklæði eða leðri og járngafla og eins ráða hæð, lögun og útliti þeirra en sýnishorn má skoða í nýjum og glæsilegum sýningarsal okkar að Dalshrauni 8. Þar eru einnig til sölu rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, náttborð og fleira.“

Dýnumar frá Ragnari Björnssyni hafa verið og eru í fjöldamörgum rúmunum ánægðra og vel úthvöldra Íslendinga auk þess sem fjölmörg hótél og gistiheimili hafa keypt dýnur af fyrirtækinu. „Við

leggjum áherslu á að vera í fararbroddi við þróun og framleiðslu springdýna en fyrirtækið er í heimssamtökum ISPA, sem eru gæðasamtök fyrirtækja sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun á springdýnum. Síðast en ekki síst viljum við veita viðskiptavinum okkar góða og persónulega þjónustu, helst þannig að þeir séu svífandi glaðir eftir að hafa átt samskipti

við okkur,“ segir Birna brosandí. 

Birna Ragnarsdóttir stýrir rótgrónu fjölskyldufyrirtæki í vexti.

Sótt þú inn í svefninn
í RB rúminu.



Höfundurinn
180x200 cm
Verð frá kr.

74.100,-
á fjárhæð

Allt eftir þínum óskum

Hjá okkur er fjórbeygja í fyrirséðri. Þú veist það sem þér hentar: Súpaþýfur, tvíþétt þýfaþýfur, einhannaðar fjólfýfur með vasskúðingunni eða Súpa þýfa og Grand þýfa springþýfur með tvíþéttu mjólu yfirskoti.

Íslensku springdýnumur frá Ragnari Björnssyni endast lengur

Springdýnumur frá RB-rúnum hefa nú verið framleiddar í rúm 80 ár. Hægt er að velja um fjórar tegundir: BR-venjulegar, Ull deluxe, Súpa deluxe og Grand deluxe. Fjórir áfíklar eru í boði, mjúk, meðjum, stíf og ástra stíf, allt eftir þérum hværi og sína. RB-rúm getur breytt áfíklun springdýnanna og er sína þjónustuyfirlitædd á sínu sviði sem býður endurhönnun á springdýnum eftir áralanga notkun.



Rúmgafjar

Ýmsir möguleikar eru fyrir hendur við val á gólum. Hægt er að fá trégafla, bóstaða gafla með álkæðli eða leðri og járngafla. Þú veur hæðina, lögunina og útlit.



Gaflar
Bóstaðir
Verð frá kr.

20.100,-
100cm.

RAGNAR BJÖRNSSON ehf.

Starfsemi í framleiðslu og hönnun springdýna.

Deildavegur 6

220 Hafnarfjörður

Sími: 555 09 87

Fax: 585 17 40

www.rbrum.is

SIGGA & TIMO GULLSMÍÐI

Smíða úr skíragulli og demöntum


Það er afar skemmtilegt að fá að hanna og smíða skart úr gulli, silfri og demöntum,“ segir Sigríður Anna Sigurðardóttir gullsmiður sem ásamt eiginmanni sínum, gullsmiðnum Timo Salsola, hefur í 12 ár rekið verkstæði og verslunina Sigga & Timo í fallegu húsi við Strandgötu 19 í Hafnarfirði. „Gullið nýtur nú vinsælda á nýjan leik en silfrið hefur verið ríkjandi um langt skeið. Íslenskar konur eru einnig að komast að því að fátt jafnast á við demanta. Við Timo höfum síðustu misserin lagt meiri áherslu á að hanna stærri skartgrip úr gulli og með demöntum enda

Það er auðvitað lykilatriði að standa undir því trausti, sem okkur er sýnt, við hönnun og smíði skartgripanna, en ekki síður að halda trúnaði um viðskiptin sjálf.



Gullsmiðurinn Sigríður Anna í Sigga & Timo segir skartgrip úr gulli og demöntum ávallt vera sigilda.

hefur verið eftirspurn eftir þeim. Við sérsmiðum einnig skartgrip og hönnum í samráði við viðskiptavini armbönd, hálsmen eða hringi svo eitthvað sé nefnt. Við erum sífellt með púlsinn á því sem er að gerast hverju sinni, förum á sýningar og fylgjumst með því nýjasta í gegnum fagtímarit, tískutímarit, sjónvarpsþætti og jafnvel kvikmyndir en höfum mótað okkar eigin stíl og sérstöðu. Við viljum höfða til allra aldurshópa, vera með vörur í sem flestum verðflokkum og veita góða þjónustu. Viðskipti snúast fyrst og fremst um mannleg samskipti og ég hef afskaplega gaman af þeim. Ég sé að mestu leyti um verslunina og Timo um framleiðsluna en bæði komum við að hönnuninni.“

Sigríður Anna stefndi frá 12 ára aldri á nám í gullsmíði en fagið lærði hún bæði hér á Íslandi og í Finnlandi þar sem Timo kom til sögunnar. „Ég ætlaði meira að segja að opna verslun í því húsnæði sem við erum í dag,“ segir hún og hlær. Hvort tveggja hefur gengið eftir og raunar ekkert ótrúlegt við það því gullsmiðurinn er viljasterk kona, einbeitt og ákveðin. „Ég fæ í starfinu góða útrás fyrir þá skapandi krafta sem ég bý yfir en hef jafnframt eftirsóknarvert sjálfstæði. Starf gullsmíðsins er einnig mjög gefandi. Við erum að taka þátt í mörgum af mikilvægustu stundunum í lífi fólks. Það er auðvitað lykilatriði að standa undir því trausti sem okkur er sýnt, við hönnun og smíði skartgripanna, en ekki síður að halda trúnaði um viðskiptin sjálf.“ 





Sigga & Timo

Q U L L S M I D I

STRANDEATA 19 - SIMI 545 4854

WWW.SIGGATIMO.IT



Sigrún Ósk Sigurðardóttir fjármálastjóri er, eins og annað starfsfólk, stolt af árangri síðasta árs.

ÁTVR

Hlaut tvenn stjórnunarverðlaun

Við erum mjög stolt af árangri síðasta árs. Rekstrarafkoma ÁTVR var sú besta frá upphafi og fyrirtækið hlaut bæði eftirsóttu viðurkenningu og verðlaun þar sem fjölmargir þættir í rekstrinum voru lagðir til grundvallar,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, fjármálastjóri ÁTVR. „Fyrirtækið hlaut bæði viðurkenningu fjármálaráðuneytisins sem ríkisstofnun til fyrirmyndar árið 2004 og Íslensku gæðaverðlaunin 2004. Gæðaverðlaunin byggjast á stefnumótun, framkvæmd, forystu og árangri í rekstri ekki síður en gæðamati en fyrirtækin eru metin samkvæmt svonefndu EFQM líkani sem notað er við veitingu sambærilegra verðlauna erlendis.


ÁTVR er þjónustufyrirtæki sem farið hefur í gegnum miklar breytingar á undanförmum árum og hefur gerbreytt ímynd sinni með markvissum aðgerðum. Skýr stefnumótun, gæðastarf og mat á þjónustuþáttum hefur gegnt stóru hlutverki í framkvæmd breytinganna. Það er ekki aðeins ásýnd vínbúðanna sem hefur breyst

heldur einnig margt í innra starfi fyrirtækisins. Má þar nefna öfluga fræðslu starfsfólks með tilkomu Vínskólans en megingilgangurinn

ÁTVR hlaut bæði viðurkenningu fjármálaráðuneytisins sem ríkisstofnun til fyrirmyndar árið 2004 og Íslensku gæðaverðlaunin 2004.

með stofnun hans er að efla vöruþekkingu starfsfólks og bæta þannig þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina.“

Markmið ÁTVR er að stuðla að ábyrgri áfengisneyslu og hefur fyrirtækið í því skyni tekið þátt í fræðslu og forvörnum. „Við höfum t.d. verið í samstarfi við Umferðarstofu í auglýsingaherferðinni „Aktu aldrei undir áhrifum“ og Lýðheilsustöð vegna útgáfu bæklingins „Hvað veist þú um áfengi?“ Nú stendur ÁTVR hins vegar að auglýsingaherferð í sjónvarpi og í vínbúðum þar sem

vakin er athygli á ábyrgð þess sem veitir áfengi. Gestgjafar mega og eiga að gera þá kröfu til gesta sinna að þeir aki ekki heim undir áhrifum áfengis. Markmiðið er að vekja athygli á og skapa umræðu um málefnið og benda um leið á nauðsyn þess að áfengis sé neytt á ábyrgan hátt og að það sé öllum til ánægju.“ 





**ÁFENGI FYLGIR
ÁBYRGÐ**

VÍN BÚÐ
lífur, lærum & njótum

PFAFF-BORGARLJÓŠ

Snilldartækni í saumaskap

Pað hefur orðið geysilega mikil þróun í sauma- og útsaums-
vélum á síðustu árum, enda tölvutækni hafið þar innreið
sína eins og víðast hvar annars staðar,“ segir Þórhildur Gunnarsdóttir, sölustjóri hjá Pfaff-Borgarljósum. „Vélarnar eru nú margar tölvustýrðar, með fjölmörgum innbyggðum saumum og bútaums-
sporur og í sumum er hægt að nota fleiri en einn þráð samtímis. Þær allra fullkonnustu eru með hugbúnað sem gefur óteljandi möguleika á bæði sporur, útsaumi og myndum, snertiskjá í lit og jafnvel íslenskar valmyndir. Þessar vélar notar fólk jafnt til nytja sem og tómstunda.“

Hún segir sókn og útrás hins íslenska fataiðnaðar, bæði í fata- eða textílhönnun, afar ánægjulega. „Það er mikil fjölgun í iðninni, bæði í hönnun og saumum. Það er að mörgu leyti af það sem áður var að dætur-
um lærðu iðnina af mæðrum sínum eða mæðrum þeirra en konur hafa í gegnum tíðina verið ráðandi í faginu. Karlönnunum fjölga þó hægt en sigandi og er það gleðiefni. Framhalds- og iðnskólarnir hafa hins vegar að miklu leyti tekið við kennsluhlutverki eldri kynslóða og staðið sig þar mjög vel. Á meðal ungs fólks er áhuginn mikill fyrir námi í textíl og hönnun enda sameinar starf í þeim geira margt það

sem eftirsóknarvert þykir eins og að geta verið sjálfs síns herra, haft sveigjanlegan vinnutíma og síðast en ekki síst verið í skapandi vinnu. Nýju sauma- og útsaumsvélnar gera saumaskapinn auðveldari og flestir ættu að geta eignast slíkan vélbúnað því verið er hagstætt og sjaldnast hindrun fyrir þá sem vilja hefja sinn eigin atvinnurekstur.“

Nýja Brother PR-600 útsaumsvélin frá Brother hentar að sögn Þórhildar einrykjum og þeim sem vilja stunda atvinnurekstur á heimili sínu einstaklega vel.

Nýja Brother PR-600 útsaumsvélin frá Brother hentar einrykjum eða þeim sem vilja hefja atvinnurekstur á heimili sínu einstaklega vel.

„Hún er kröftug og býr yfir sömu tækni og iðnaðarútsaumsvélar en er mjög auðveld í notkun. Brother PR-600 er með sex nálum og sjálfvirkum litaskipti en vélin er tölvustýrð og allar aðgerðir eru framkvæmdar með fingrum á snertiskjá. Henni fylgja fjölmörg mynstur og bókstafir en einnig er hægt að kaupa aukalega sérstakan hugbúnað til þess að búa til ný mynstur. Vélin er svo fyrirferðarlítill að hún kemst fyrir hvar sem er og hægt er að fara með hana hvert sem er,“ segir Þórhildur sem sjálf er þaulreynd saumakona og segir

að enginn þurfi að hræðast tölvutækni í saumaskapnum. „Hann verður aðeins skemmtilegri fyrir vikið og tækni gefur óþrjótandi möguleika, líka fyrir þá sem sauma aðeins sér til gamans.“



Þórhildur Gunnarsdóttir,
sölustjóri hjá
Pfaff-Borgarljósum

Vertu frjáls í vinnunni

SENNEKER hefur í áratölur verið leiðandi í framleiðslu heymartóla og bjóða nú hágæða höfuðtöl fyrir síma og tölvur.

Einstök þægindi, létt og þægileg höfuðtöl sem sitja sérstaklega vel.

Hraðtengi milli síma og höfuðtöls, einfaldar alla umgengi og eykur þægindi.

USB tengi fyrir síma og pc höfuðtöl - góður kostur fyrir notendur "softphone".

Höfuðtölín eru með **ActiveGuard** sem verndar notendur fyrir háum tónum í samtölum.

Hávaða útlökun sem eykur skýrleika talaðs máls og minnkar áhrif umhverfishljóðs.

SENNEKER
COMMUNICATIONS

Margar gerðir - allir verðhaldar
Ef óskað er eftir vöruskýrningu eða nánari
upplýsingum vinsamlegast sendið
tölvupóst á bjg@pfaff.is



PFAFF BORGARLJÓÐS

Grasásvægi 13 • 104 Reykjavík • Sími 414 0400 • www.pfaff.is



Birna Lind Björnsdóttir, sölu- og markaðsstjóri Kynnisferða, og Guðríður Stefánsdóttir í Gallery Kynnisferðir á Hótel Nordica.

GALLERY KYNNISFERÐIR

Spennandi nýjungar hjá Kynnisferðum

Við hjá Kynnisferðum leggjum áherslu á að koma stöðugt fram með eitthvað nýtt og spennandi í tengslum við starfsemina,“ segir Birna Lind Björnsdóttir, sölu og markaðsstjóri. „Nú síðast opnaði fyrirtækið Gallery Kynnisferðir á Hótel Nordica.“ Þar verður ferðasala auk verslunar sem hefur einungis á boðstólum íslenska hönnun í hæsta gæðaflokki.“

Kynnisferðir hafa rekið ferðasölu á Hótel Nordica en nýlega losnaði þar húsrými Rammagerðarinnar og var þá ákveðið að opna Gallery Kynnisferðir. „Björgvin Snæbjörnsson arkitekt, sem hannaði Nordica, kom með hugmyndir að útliti verslunarinnar í samræmi við glæsilegt útlit hótelsins sjálfs og ásamt Rúnu Kristinsdóttur, ráðgjafa og hönnuði, þróuðum við saman hugmyndirnar svo úr varð þessi fallega verslun. Dagsferðasala Kynnisferða, Flugrútan, og önnur ferðasala verður í versluninni og að auki góð íslensk hönnun, enda viljum við færa Kynnisferðir enn ofar í flokki í samræmi við gæði dagsferðanna sem fyrirtækið heldur uppi,“ segir Birna Lind.

Íslensk hönnun og ljósmyndir Í Gallery Kynnisferðum fást íslenskir skartgripir frá Hendrikku Waage, Or á Laugavegi og Aurum á Skólavörðustíg, ólíkir að stíl en allt íslensk hönnun. Þar verður fatnaður frá

Ástu Clothes og skyrtur og bindi frá Indriða klæðskera. Svarthvítar ljósmyndir eftir Pál Stefánsson ljósmyndara prýða herbergi hótelsins og hafa vakið mikla athygli. Þær verða seldar innrammaðar í galleríinu. Aðrir listamenn sem leggja sitt af mörkum eru Kogga og konurnar í Kirsuberjatrénu en allt fellur þetta að stíl gallerísins.

Ráðstefnugestir stansa oft stutt við að sögn Birnu Lindar og hafa jafnvel ekki tíma til að leita uppi fallega hluti en gefst nú kostur á því í Gallery Kynnisferðum. Auk íslenskrar hönnunar og listmuna geta gestir keypt nærfatnað, sokka og sokkabuxur og svo erum við með sams konar ferðabúnað og Saga Class farþegar Ícelandair fá, með nauðsynlegum snyrtivörum sem fólk getur látið nægja ef ferðataskan tefst. Fyrst og síðast verður þó lögð áhersla á sölu dagsferða og annarra ferða sem fyrirtækið hefur upp á að bjóða. Loks má geta þess að ætlunin er að ágóði af sölu ákveðinna muna renni til góðgerðarmála. Verslunarstjóri Gallery Kynnisferða er Guðríður Stefánsdóttir.

„Við trúum því að rekstur Gallery Kynnisferða gangi vel, enda vorur og verslun í fullu samræmi við stíl Hótel Nordica. Kynnisferðir hafa líka opnað ferðasölu í Iðu við Lækjargötu og hannaði Björgvin Snæbjörnsson umhverfið þar ásamt Rúnu Kristinsdóttur, ráðgjafa og hönnuði. [T](#)

Upphafið

að góðri ferð



Gerum tilboð
fyrir hópa.

[Redacted text block containing multiple lines of obscured content]

flybus



**Reykjavik
Excursions**
KYNNISFERÐIR



Austurleið
KYNNISFERÐIR



Þórsmörk
KYNNISFERÐIR

DEBENHAMS

Stílista- ráðgjöf fyrir starfsfólk fyrirtækja

Réttur fatnaður skapar rétta mynd fyrirtækis.



Anna Toher er þjónustustjóri hjá Debenhams þar sem boðið er upp á stílistaráðgjöf.

Klæðaburður skiptir miklu máli fyrir heildarsvip fyrirtækis og skapar ákveðna mynd. „Debenhams býður upp á sérstök fyrirtækjaskólur þar sem starfsmenn fá ráðgjöf um fataval í samræmi við fatastaðal fyrirtækisins um leið og valinn er fatnaður sem hæfir hverjum og einum,“ segir Anna Toher, þjónustustjóri Debenhams í Smáralind.

Þeir sem óska eftir stílistaráðgjöf Debenhams bóka tíma og fá ráðgjöf um fataval, snið, samsetningu og það sem hæfir þeim best. Ráðgjöfin er bæði fyrir dómur og herra, enda selur Debenhams fatnað fyrir karla og konur. „Við aðstoðum fólk við að finna hvað passar því. Reynt er að draga fram persónuleika einstaklingsins um leið og við aðstoðum hann við að fela það sem þarf að fela og draga fram það sem koma má betur í ljós. Stílistaráðgjöfin er ókeypis og ekki er skilyrði að kaupa það sem mátað er eða skoðað.“

Anna segir að fyrirtæki séu yfirleitt hætt að láta fólk klæðast ein-kennisfatnaði en geri eftir sem áður kröfur um snyrtilegan klæðnað, t.d. ekki í gallabuxum. „Ekki er allt fólk jafnöruggt um það hvernig það eigi að klæða sig. Til að koma til móts við þarf fólk bjóðum við upp á fyrirtækjaskólur fyrir t.d. 10 manna hópa þar sem stílisti gefur ráð og reynt er að skýra línur í fataval. Það fer að sjálfsögðu mikið eftir því hvert fyrirtækið er en stundum getur fólk þurft að taka mið af viðskiptavininum og reyna að koma til móts við þá.“

Gott er að vita hvernig best er að velja saman fötin svo þau nýtist sem best. Í hinum fullkomna fataskáp eru 11 stykki sem blanda má saman á 47 mismunandi vegu.



Konum er skipt í fimm flokka eftir fatavali:

DRAMATÍSKA TÝPAN vill láta bera á sér, notar skraut og klæðir sig svolítið ögrandi. Hún þekkir vel tískumerkin.

NÁTTÚRULEGA TÝPAN gengur í fötum úr náttúruæfnum, hör og bómull og leðri, er í þægilegum skóm og skreytir sig ekki mikið. Fötin eru einföld og látlaust.

KLASSÍSKA TÝPAN velur klassískan fatnað með tímalausum sniðum og litum sem endast. Hún er alltaf strokin og snyrtileg og notar skartgrip í hófi.

LISTRÆNA TÝPAN blandar saman mörgum litum, mynstrum og stílbligðum og klæðist hátískufatnaði í bland við gömul föt og hleður einni flik yfir aðra á skemmtilegan hátt.

TÍSKUTÝPAN þekkir tísku og merki vel. Hún notar einfalda liti sem tóna saman og fyllir upp í með einum aukalit. Fatnaðurinn er einfaldur, úr góðum efnum. [T](#)

Náttúrulega týpan t.v. og sú dramatíska t.h. Á milli þeirra er klassíska herratýpan.

ÞÚ HORFIR



Merkjabúð á tveimur hæðum

Í Debenhams finnurðu stórkostlegt úrval af fatnaði og gjafavöru á verði sem kemur þér í gott skap.

Herrajakkaföt 29.990 kr., herraskyrta 4.990 kr., herrabolar 2.490 kr., vinneldi úr leðri 9.990 kr., stálklúða 3.490 kr., Wedgewood Celestial Platinum bolli 2.490 kr., Wedgewood Celestial Platinum undirskól 2.390 kr., Wedgewood Celestial Platinum sylturkar 6.900 kr., veggklúða 5.990 kr., dömupessa 3.590 kr., dömubuxur 6.990 kr., tasla 3.490 kr., dömuskór 6.990 kr., barnahattur 1.490 kr., barnabolar frá 1.490 kr., barnapils 2.190 kr., barnastígvél 2.490 kr., strá 1.690 kr., leðurrammi 1.290 kr., víðarammi 1.690 kr., bleik skól 1.290 kr., bleikur vasí 899 kr., geymslukassi 5.990 kr.

DEBENHAMS

SMÁRALIND

HANS PETERSEN

Vel fylgst með þróuninni

Miklar breytingar hafa orðið í ljósmyndun með tilkomu stafrænnar ljósmyndatækni. Notkun filmunnar hefur snarminnkað, dregið úr framköllun mynda og menn geyma nú myndir í tölvum eða á geisladiskum. Ragnhildur Ásmundsdóttir, framkvæmdastjóri Hans Petersen, segir að þar á bæ reyni menn að hvetja fólk til að framkalla stafrænu myndirnar, enda ómetanlegt að eiga mynd í albúmi fremur en í tölvu ef eitthvað kemur upp á.

„Við auðveldum fólk útprintun mynda með netframköllun en þá sendir fólk okkur myndir á Netinu til framköllunar. Í byrjun var verið á framköllun stafrænna mynda fremur hátt en það er breytt. Nú velur fólk bestu myndirnar úr og eyðir ekki peningum í að láta framkalla þær lélegu,“ segir Ragnhildur. Vilji fólk hafa möguleika á að prenta sjálft út einstaka myndir er ekkert einfaldara en að kaupa prentara í Hans Petersen, t.d. frá Kodak eða Epson, sem ábyrgjast áratugaendingu myndanna sé rétt farið að við prentun þeirra.

Öflug heildsala Hans Petersen er ekki einungis verslun áhuga- og atvinnuljósmyndara heldur einnig heildsala með ljósmyndavörur til endursöluaðila um allt land ásamt öflugri rekstrarvörudeild sem þjónar stafræna prent- og röntgenmarkaðnum. Þróunin á sviði röntgentækni er sérstaklega spennandi

að sögn Ragnhildar og nú er verið að setja upp stafræn röntgentæki frá Kodak á fjórum heilsugæslustöðvum úti á landi. Þar með verður hægt að mynda sjúklinga í heimabyggð og senda myndirnar til

Reykjavíkur eða Akureyrar til greiningar. „Hjá Röntgen Dómus erum við að ljúka uppsetningu fullkomins kerfis frá Kodak sem heldur utan um allar upplýsingar og röntgenmyndir sjúklinga.“

Hans Petersen hóf verslunarrekstur í Bankastræti árið 1907 og fagnar 100 ára afmæli eftir tvö ár. Verið er að breyta versluninni í Bankastræti og verður þar m.a. Netkaffi, auk þess sem seldar verða bæði hefðbundnar og stafrænar ljósmyndavörur ásamt framköllun. Erlendir ferðamenn sækja verslunina mikið

á sumrin og geta framvegis keypt þar t.d. Íslandsmyndir eftir Mats Wibe Lund. Hans Petersen verslanir eru einnig í Smáralind, Kringlunni, Austurveri og Laugavegi 178. Á Laugaveginum kemur mikið af fagmönnum sem sækja þangað sérþjónustu. Ragnhildur segir að þó svo atvinnuljósmyndarar noti nú nær eingöngu stafrænar myndavélar við störf sín, sé filman enn þá í fyrsta sæti þegar kemur að töku listrænna mynda.

Um 35 manns starfa hjá Hans Petersen. Miklar kröfur eru gerðar til þeirra, enda þurfa þeir að veita viðskiptavinum tæknilegar leið-

beiningar um allt það sem verslanirnar bjóða upp á. Óhætt er að fullyrða að menn hafa fylgst með þróuninni og ekki sofnað á verðinum hjá fyrirtækinu. [T](#)



**Þjóna fag- og áhuga-
ljósmyndurum sem
og prent- og röntgen-
geiranum.**



Ragnhildur Ásmundsdóttir
í Netkaffinu í Bankastræti.

VISSIR ÞÚ AÐ...

...það er ódýrt og einfalt
að framkalla stafrænar myndir hjá okkur

1-50 myndir
á aðals 39 kr myndin

50 myndir og fleiri
á aðals 34 kr myndin



Kodak EasyShare LS763

- 4 milljón pík
- 2,8x spjálur og 3,8x stöðvan aðdráttur
- Schneider lixa
- 1,8" spjál
- Vísan með 11628
- Litlum ían netlaða og hæðar, tæð
- Líti og nett
- Verð: **24.900 kr**

Kodak EasyShare LS768

- 5 milljón pík
- 3 x spjálur og 6 x stöðvan aðdráttur
- Schneider lixa
- Fréttar 2,5" spjál
- Litlum ían netlaða
- Tenging 100 tölur
- 22 tölur í tölur
- Verð: **34.900 kr**



HANS PETERSEN

Kodak
EXPRESS
SVAÐAÐRÁMÖKULLIN

Laugavegi 176 • Kringinn • Ströndinni • Bankastræti • Austurvægi • Myndavegi í Miðbæ • Pilsnar og framhúsin, Fríð, Hábarðvík
Framhúsin Garðabæjar • Hlíðavall, Keflavík • Stigólagar, Stigólagar • Þorvaldsvægi, Stigólagar 10 • Glerárgöng, Akureyri
Bókavæðingunum Ándréasur Ríkssonar, Akureyri • Bókavæðingunum Jóhannas Tómassonar, bófin

SAND

Sand höfðar til ALLRA

Í tískuversluninni Sand í Kringlunni geta konur fundið fatnað við sitt hæfi, sama hvort þær leita að spariklæðnaði, vinnufatnaði eða bara einhverju til það láta sér líða vel í heima eða í fríinu. Tískulínur Sand eru þrjár og fjórum sinnum á ári kemur fatnaður sem hæfir árstíðinni, þaulhugsaður hvað varðar stíl, liti, snið og samsetningu efna. Línurnar þrjár eru mjög ólíkar en vinna saman svo hægt er að blanda þeim hverri við aðra.

Hulda Rós Hákonardóttir er eigandi Sand, og hún rekur búðina í félagi við foreldra sína, Rósu Sigurðardóttur og Hákon Magnússon, en fjölskyldan tók við rekstrinum árið 2002. Sand byrjaði sem blönduð búð með fatnað fyrir dómur og herra, enda framleiðir Sand fatnað fyrir bæði kynin. Hulda segir að það hafi sýnt sig að það hentaði betur að vera eingöngu með kvenfatnað í Sand-versluninni.

Góð efni og vellíðan Fatnaðurinn frá Sand skiptist í þrjár línur, White Label, Black Label og Sand Jeans. Í White Label eru eins konar hversdagsföt, peysur, gallabuxur og bolir, en Black Label er fínna lína. Hönnunin er tímalaus, bæði kvenleg og töff og inn á milli eru hlutir sem poppa upp útlitið óski konan þess. Sand Jeans-línan er sportleg og höfðar til yngri kynslóðarinnar. Það skemmtilega við Sand er hve auðvelt er að blanda stökum hlutum milli lína og fá fram mjög persónulega og skemmtilega samsetningu. Dragtir hafa alltaf skipað stóran sess hjá Sand. Gæði og efni skapa vellíðan og ekki þarf

að óttast að efnin krumpist þar sem Sand er með sérstaka efnasamsetningu sem sér til þess að það gerist ekki. Konunni líður vel, hún lítur vel út og fylgir tískunni í fatnaði frá Sand.

Sand-fatnaðurinn kemur frá samnefndu dönsku fyrirtæki sem er í eigu hjóna og hennar konan, Lene Sand, kvenlínuna. Hulda segir hönnunina og Sand-merkið hafa breyst úr því að vera fyrir eldri konur yfir í að ná til miklu yngri kvenna, allt niður í 25 ára aldur. Búðin er áfram með „hefðbundnu“ hönnunina sem hentar flestum konum og einnig með nýja og spennandi hluti inn á milli. Búðin nær því mikilli aldursbreidd. Íslenskar konur vilja fylgja tískunni og vera í vönduðum fatnaði og það getur Sand boðið uppá.

Tískutímabilin hjá Sand eru að sjálfsögðu fjögur. Hausttískan er á leiðinni og er í ögn dempaðri litum en sumartískan. „Það kemur sér vel því að við erum ekki eins litaglöð og grannar okkar á Norðurlöndum þótt menn séu farnir að verða djarfari en áður var.“ Sand framleiðir tiskufatnað í stærðunum 34 til 46 og líka aukahluti eins og belti og tösukur. Í haust er að koma á markað Sand-skólína. „Við verðum að sjálfsögðu með bæði aukahlutina og skóna,“ segir Hulda en skólínan er sérlega flott og framandi „og þar með þurfa konurnar okkar ekki að leita þeirra annars staðar. Með því að velja fatnað og aukahluti á sama stað verður heildarmyndin í klæðaburði konunnar glæsilegri og um leið styrkir það búðina að vera með allt á sama stað.“

Hugsunin bak við Sand-línurnar þrjár er að hvaða kona sem er geti fundið sér eitthvað við sitt hæfi...sama hvað hún gerir.



Hulda Rós Hákonardóttir hjá Sand.

SAND

WOMAN

Kringlunni • 553 4141



Á ráðstefnustað: Ingibjörg Hjálmsfríðardóttir, Birna B. Bermdsen, Þorbjörg Þráinsdóttir, Lára B. Pétursdóttir og Bryndís E. Jóhannsdóttir.

CONGRESS REYKJAVÍK

Skipulögðu 14 uppákomur á þremur vikum

Í þessum mánuði eru fimm ár frá því ráðstefnuþjónustan Congress Reykjavík var stofnuð. Í dag eru eigendurnir þær Lára B. Pétursdóttir og Birna B. Bermdsen, en um þessar mundir eru fimm konur starfandi hjá fyrirtækinu. Congress Reykjavík hefur ekki skort verkefni, enda ófáar ráðstefnur og fundir haldnir á Íslandi. Á þremur vikum, frá maílokum fram um miðjan júní, sáu þær um 14 stóra og smáa fundi og ráðstefnur með rúmlega 1700 þátttakendum.

Lára er framkvæmdastjóri Congress Reykjavík. „Við Birna unnum báðar áður hjá ráðstefnudeild Ferðaskrifstofu Íslands og höfðum langa reynslu á þessu sviði en okkur langaði að reka fyrirtæki á eigin forsendum, fyrirtæki sem ekki væri deild í öðru stærra fyrirtæki. Við höfðum einbeitt okkur að því að skipuleggja ráðstefnur, þing og fundi fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök frá a til ö, auk þess sem Congress Reykjavík sér um gistingu og skoðunarferðir fyrir þátttakendur, enda er fyrirtækið með ferðaskipuleggjendaleyfi.“

Þær Lára og Birna höfðu ýmsar hugmyndir um hvernig veita mætti betri og persónulegri þjónustu í skipulagningu funda og ráðstefna og að auki fyrir lægra verð. Ýmislegt hefur tillheingingu til að verða þungt í vöfum og taka lengri tíma en þörf krefur hjá stærri fyrirtækjum og samsteypum og þær töldu sig geta gert betur um leið

og þjónustan yrði persónulegri. „Í þessu felst styrkur okkar,“ segir Lára. „Skipulag og framkvæmd árangursríkrar ráðstefnu krefst samhæfingar og umsjónar með stórum verkþáttum en ekki má gleyma smáatriðum sem kalla á réttar lausnir. Við finnum þessar lausnir svo viðburðirnir verði bæði velheppnaðir og ógleymanlegir.“

Þjónusta fagfólks borgar sig. Íslensk fyrirtæki eru smátt og smátt farin að gera sér ljóst að það borgar sig að fá fagfólk til að skipuleggja

hvers kyns uppákomur, allt frá aðalfundum til stórra ráðstefna. Congress Reykjavík hefur á að skipa reyndum starfsmönnum sem vita hvernig best er að bera sig að við skipulagninguna svo ekkert fari úrskaiðis og kostnaður verði í lágmarki þótt hvergi sé slegið af kröfum.

„Við leggjum metnað okkar í að þeir sem standa fyrir fundum eða ráðstefnum geti sjálfir einbeitt sér að faglegu dagskránni og verið í hlutverki gestgjafans þegar ráðstefnan hefst.“

Draumurinn er að fyrirtækið haldi áfram að vaxa og dafna eins og það hefur gert fram að þessu. Starfsandinn er góður og það er ótrúlega skemmtilegt að kynnast þeim fjölda fólks sem við eigum samskipti við. Þetta er starf sem krefst þjónustulundar og mikillar mannþekkingar þar sem góð mannleg samskipti skipta mestu,“ segir Lára. [I](#)

Búa yfir mikilli reynslu í skipulagi ráðstefna og funda.



CONGRESS

REYKJAVÍK

Bryndis E.
Jóhannsdóttir

Porbjörg
Práinsdóttir

Ingibjörg
Hjálmsfríðardóttir

Blma B.
Berndsen

Lára B.
Pétursdóttir

Allt samkvæmt áætlun.
Allt með sínu sniði.

www.congress.is
ráðstefnuþjónusta
sími 585 3900



Sama kápa eftir að henni hefur verið snúið við.

Guðrún í skinnkápu úr aflituðu skinni af minkalöppum. Snúa má kápunni við svo úr verði eins konar regnkápa. Einnig er hægt að taka innra byrðið og þá er skinnfeldurinn fódraður með silki.

JAKOBPELSAR

Himneskar flíkur úr fisléttum feldi

Draumur hvernar konu er að eignast pels. Gaman er að líta inn í verslunina Jakobspelsar neðst á Skólavörðustígnum og sjá að hægt er að láta drauminn rætast. Guðrún Jakobsdóttir, eigandi verslunarinnar, segir skemmtilegt að sjá breytingarnar á pelsatískunni, eins og þær komu henni fyrir sjónir í vor á stórsýningum sem hún sækir á hverju ári í Milánó og Kastoria í Grikklandi. „Pelsarnir eru aftur orðnir elegant og glæsilegir, eins og þeir voru þar til þeir breyttust fyrir nokkrum árum er farið var að stíla inn á hinn nýrka Rússamarkað.“

„Pelsahönnuðir og feldskerar í Evrópu eru að gera feikilega fallega hluti. Ein helsta nýjungin eru pelsar úr skinnnum sem yfirhárin hafa verið plokkuð af. Þegar þau eru horfin verður eftir himneskur feldur, silkinjúkur og fisléttur og flíkurnar verða hreint út sagt yndislegar. Íslenskar konur hafa því miður verið svolítið hræddar við að velja sér þessa nýju pelsa og halda sig enn við þá klassísku úr hefðbundnum feldi.“

Skinn í öllum regnbogans litum Fyrst var farið að vinna skinn með þessum hætti fyrir fjórum árum og er árangurinn orðinn mjög góður. Nota má hvaða skinn sem er en þó eru helst notuð ljósbrún minkaskinn, en til skamms tíma var ljósbrúni liturinn ódýrastur. Hann varð

Velur pelsa fyrir íslenskar konur á öllum helstu tískusýningum heims.

hins vegar fyrir valinu vegna þess hve auðvelt er að aflita skinnin og líta á ný í öllum regnbogans litum í takt við tískuna. En fleira er gert en að plokka yfirhárin og aflita skinnin því farið er að brenna í þau mynstur með sérstakri leysigeisla-aðferð og er vissulega svolítið óvenjulegt að sjá ekta skinnpels skreyttan á þennan hátt.

Guðrún sækir ekki aðeins skinnavörusýningar í Milánó heldur einnig í Grikklandi en þangað koma fulltrúar allra helstu tískuhúsa í Evrópu. Í Jakobspelsum fást ýmsir aukahlutir, skinnhattar, treflar og slár, t.d. óvenjuleg herðaslá úr heilu úlfsskinni sem haldið er saman með því að stinga skottinu í gengum eyrað. Hentug slá á svölum sumardegum þegar konur fara í veislur í léttum sumarjólum og þurfa að bregða einhverju hlýju yfir axlirnar. Guðrún hefur auk þess flutt inn skinnkápur og leðurjakka frá Frakklandi og Ítalíu sem fallið hafa mjög vel að smekk íslenskra kvenna.

Margbreytilegir pelsar Klassískir pelsar eru hvað vinsælastir hér á landi en ástæða er til að skoða pelsana og jakkana úr plokkuðum og aflituðum skinnnum sem ómögulegt er annað en falla fyrir. Ekki má heldur gleyma því að pelsar eru ekki jafndýrir og margir halda og gæðin eru framúrskarandi. [f](#)


JAKOBS PELSAR

Skólavörðustíg 2
S: 544 8880



VISA ÍSLAND


Örgjörvavæðingunni lýkur fyrir áramót

Pað er alltaf eitthvað að gerast í kortaheiminum, stöðugar tækninýjungar og breytingar á ferðinni, engin kyrrstaða,“ segir Anna Inga Grímsdóttir, fjármálastjóri VISA. „Við erum byrjuð á örgjörvavæðingu kreditkortanna og reiknum með að henni ljúki fyrir áramót.“ Kortafyrirtæki hafa þurft að glíma við aukin kortasvik erlendis þar sem svikarar komast yfir kort manna, kópera segulröndina og falsa ný kort auk þess sem þeir koma fyrir búnaði við hraðbanka til að ná pin-númerum fólks.

„Svikararnir hafa lengi haft við tækninni en við bindum miklar vonir við öryggið sem fylgir örgjörvunum. Byrjað var á að skipta út öllum plátínu- og gullkortum og tekur við hver týpan af annarri og verkinu lýkur í árslok. Þetta hefur í för með sér að korthafar verða að muna pin-númerið sitt því að framvegis verða þeir að slá það inn til að staðfesta viðskiptin í stað þess að notast við undirskriftir. Örgjörvavæðingin er ekkert smáverkefni því að 155 þúsund VISA kreditkort eru á Íslandi.“



„Örgjörvavæðingin er ekkert smáverkefni því að 155 þúsund VISA kreditkort eru á Íslandi.“

Anna Inga hefur starfað hjá VISA síðan 1990 og segist eiginlega vera alin upp í fjármálaheiminum. Afí hennar var sparisjóðsstjóri og síðar faðir og sjálf fór hún mjög ung að vinna í Búnaðarbankanum og hefur allan sinn starfsaldur hræst í bankaheimi einnig eftir að hún kom til VISA en fyrirtækið er í eigu bankanna eins og kunnugt er.

„VISA er skemmtilegt fyrirtæki að starfa hjá. Það er orðið 22 ára og hér vinna um 100 manns. Flestir með mjög langan starfsaldur og menn hætta ógjarn nema þeir fari í nám eða flytji af landi brott,“ segir Anna Inga Grímsdóttir að lokum. 

Erlend færsluhirðing Að sögn Önnu Ingu eru mörg verkefni í gangi hjá VISA og menn verða að vera á tánum til að fylgjast með framþróuninni. „Nýjar búgreinar eru stöðugt að bætast við. Ein af þeim nýrri er svokölluð erlend færsluhirðing. Innlend færsluhirðing er sá hluti starfseminnar sem hefur verið stunduð frá upphafi og snýr að söluaðilunum sem VISA hefur gert samninga við um að taka við kortum hér og þjóna, en VISA er einnig farið að hirða færslur fyrir erlenda aðila. Þetta eru fyrst og fremst netviðskipti þannig að færslurnar koma hingað og VISA Ísland sér um uppgjör á þeim og fær þóknun af viðskiptunum. Öll landamæri eru horfin í þessum viðskiptum og nýir möguleikar hafa opnast. Þessi búgrein er skemmtileg viðbót við starfsemina sem fyrir er.

Fyrirtækjalausnir Segja má að kortamarkaðurinn hér sé nánast mettaður og allflestir, sem aldur hafa til, komnir með kort. Þó er enn eftir að innleiða kort í ríkara mæli í viðskiptum á milli fyrirtækja. Visa býður nú fyrirtækjum Innkaupakort VISA sem er aðlagð að þörfum hvers viðskiptavinar. Það er ætlað til innkaupa á aðföngum og lagervörum. Allar færslur birtast á Innkaupavef VISA sem hefur verið aðlagður að öllum helstu bókhaldskerfum. Með innleiðingu kortanna geta birgjar einfaldað innheimtuferli sitt og treyst á skilvirkar greiðslur 2. dag hvers mánaðar.



Anna Inga Grímsdóttir hefur starfað hjá VISA í 15 ár.

Nýjung hjá VISA – rafrænt í stað pappírs

Viltu minnka pappírflóðið?

Það er ódýrast að skoða VISA-yfirlitið í heimabankanum, afþakka yfirlit í pósti og láta skuldfæra reikninginn.

Útskriftargjöld:	Kr.
Netyfirlit og skuldfært af reikningi	50
Yfirlit í pósti og skuldfært af reikningi	95
Netyfirlit og rafrænn greiðsluseðill	180
Yfirlit í pósti og greitt með greiðsluseðill	270

Þú getur afþakkað pappírlyfilið á www.visa.is

VISA – ávallt í fararbroddi með tæknilegar nýjungar.

VISA Ísland • Greiðslubanki hf. Sími 535 2800 www.visa.is



BAKKAVÖR GROUP

Gaman að vera þar sem hlutirnir gerast

Mikið starf beið Hildar Árnadóttur, fjármálastjóra Bakkavarar, þegar hún hóf störf hjá fyrirtækinu í nóvember.

Framundan var yfirtaka Bakkavör Group á breska fyrirtækinu Geest en þar með varð Bakkavör leiðandi í framleiðslu tilbúinna ferskra matvæla í Bretlandi. Hildur var í fimm manna fjármálateymi sem undirbjó yfirtökuna.

„Þetta hefur verið mikið starf, sérstaklega vegna þess að það kom á miklum álagstíma þegar ljúka þurfti ársuppgjöri og sinna því sem tengist undirbúningi aðalfundar. Þar við bættist að við fluttum fjármálaskrifstofu félagsins frá Kaupmannahöfn til Íslands og réðum fólk til starfa. Bakkavör er nú til húsa að Tjarnargötu 35. Á Íslandi starfa aðeins sex manns hjá móðurfélaginu, Bakkavör Group, sem er skráð í Kauphöllinni, en starfsmannafjöldinn í heild er yfir 13 þúsund eftir yfirtökuna. Fjármálateymi Bakkavarar sá um að gera líkön sem bankar og endurskoðendur sættu sig við og gera áætlanir um fjárförf vegna yfirtökunnar og starfsemi nýrrar samstæðu.“

Var þýðingarmikill tengiliður Miklar áreiðanleikakannanir voru gerðar bæði á Geest og Bakkavör. Áreiðanleikakannanirnar náðu til fjármálalegra, lagalegra, tryggingalegra og markaðslegra þátta sem og til lífeyrisskuldbindinga Geest og voru þær unnar af breskum félögum, enda var ekkert að skoða á Íslandi, að sögn Hildar. „Sem fjármálastjóri var ég tengiliður við þessa aðila en við reyndum að virkja sem flesta með okkur á viðkomandi stöðum.“

Það var sérstaklega skemmtilegt að taka þátt í þessu starfi. Ég kem úr umhverfi þar sem ég hef komið að verkefnum eftirá sem endurskoðandi en ég vann áður hjá KPMG sem einn af eigendum. Það er mjög gaman að söðla um og vera þar sem hlutirnir eru að gerast.“

Hildur segir að menn sjái ekki fyrir sér risaverkefni í Bretlandi en markaðsstaða Bakkavör Group sé ótrúlega góð. Vissulega gætu komið upp minniháttar verkefni í Bretlandi en vaxtarbroddurinn sé á meginlandi Evrópu og í Asíu. Um 90% starfsemi Geest er í Bretlandi en afgangurinn á meginlandi Evrópu og í Suður-Afríku. Í Evrópu er Geest með rekstrareiningar í Frakklandi, Belgíu og á Spáni og hugur er í mönnum að láta framleiðsluna vaxa. Þarna eru markaðir ekki eins þróaðir og í Bretlandi nema ef vera skyldi hjá Belgum sem eru framarlega í framleiðslu tilbúinna rétta.

**Hildur Árnadóttir,
fjármálastjóri
Bakkavarar.**

„Við höfum verið mjög hugfangin af verkefninu og því hversu stórt fyrirtækið er á íslenskan mælikvarða, með flesta starfsmenn og mesta veltu, þótt það geti breyst því íslensk fyrirtæki eru jú í stöðugri útrás.“ Sem fjármálastjóri yrði Hildur Árnadóttir áfram á fararbroddi við hlið Ágústs Guðmundssonar, sem er starfandi stjórnarformaður, og Lýðs Guðmundssonar forstjóra sem saman mynda ákveðinn stýrihóp innan Bakkavör Group. [I](#)





Guðrún Magnúsdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri heildverslunarinnar Bergís.

BERGÍS


Bjartsýn og brosandí á afmælisári

Við hjá heildsölnni Bergís störfum í anda einkunnarorða okkar, njótum - lifum - brosum,“ segir eigandinn og framkvæmdastjórinn Guðrún Magnúsdóttir og er að sjálfsögðu brosandí enda fagnar hún líka í ár 20 ára afmæli fyrirtækisins. „Fyrirtækið hvílir á þremur stöðum, innflutningi á herrafatnaði frá Melka, úti-vistarfatnaði frá Tenson og á gjafavörum, skreytingum og nytjahlutum fyrir heimilið. Þar er flóran margvísleg og aðeins hægt að nefna brot af henni eins og kerti, servíettur, stjaka, skálar, borðbúnað, borðskreytingar, luktir og hengirúm. Það eru þessir litlu hlutir sem skreyta heimili okkar og nánasta umhverfi sem eiga stóran þátt í því að skapa persónuleg sérkenni þess. Í gjafa- og nytjavörum er þekktust hin danska broste-copenhagen vörulína þar sem lögd er áhersla á fallega en tímalausa, norræna hönnun. Hún er einföld en samt óhefðbundin og litavalið ferskt og raunar ekki að undra að aðdáendahópurinn fari sífellt stækkandi hér á landi sem annars staðar.

Bergís stofnaði fyrir þremur árum broste-copenhagen klúbbinn og setti upp heimasíðu fyrir hann á vefslóð fyrirtækisins, www.bergis.is, en þar geta unnendur línunnar fylgst með nýjum vörum og aflað

sér frekari fróðleiks. „Nú eru á annað þúsund manns í klúbbnum en klúbbfélagar fá 10% staðgreiðsluafslátt af vörum í línunni í þeim blómabúðum sem við erum í samstarfi við. Tilgangur Bergíss með stofnun klúbbsins var og er að vekja athygli á þessum vörum okkar sem blóma- og gjafavöruverlanir hafa í smásölu, styðja við og styrkja þeirra kynningarstarf en raunar lítum við á þetta sem lið í okkar þjónustu,“ segir Guðrún. „Viðskiptaumhverfi heildsala hefur breyst gríðarlega á síðustu árum og við þurfum ekki síður en aðrir að vera vakandi fyrir

Einkunnarorð Bergíss eru: Njótum - lifum - brosum.

nýjum tækifærum og möguleikum. Heildsölur eru enn mikilvægur milliliður en á sumum sviðum er hlutverk þeirra að breytast og starfs-sviðið jafnvel að víkka. Við hjá Bergís erum t.d. í samstarfi við íslensk framleiðslufyrirtæki við að finna og hanna vörur eða skreytingar sem síðan eru notaðar til þess að fullvinna vörur á neytendamarkað. Við erum einnig að dreifa afskaplega fallegum gjafaöskjum, sem nefnast Rökkur og rómantík, en það er alíslensk framleiðsla og eru tilvaldar til gjafa við margvísleg tilefni eða einfaldlega fyrir þá sem vilja slaka á. Í öskjunum er m.a. kerti frá broste-copenhagen, konfekt frá Mónu, kaffi frá Kaffitári og fallegt ljóðakver.“ 

EPAL

Vönduð hönnun, gæði og góð þjónusta í fyrirrúmi

Í þrjátíu ár hefur megináhersla verið lögð á vandaða hönnun og gæði hjá Epal í Skeifunni 6 en þangað hafa Íslendingar sótt í leit að húsgögnum, ljósum, gluggatjaldaefnum og gjafavöru en allar þessar vörur eru verk þekktara hönnuða, aðallega skandinavískra en reyndar líka frá ýmsum öðrum Evrópulöndum. Í Epal er lögð rík áhersla á að þjónusta og tengsl við viðskiptavinum sé eins og best verður á kosið. Til þess að ná þessum markmiðum hafa innanhússhönnuðir og annað fagfólk starfað hjá Epal allt frá upphafi.

Konur eru í veigamiklum hlutverkum í Epal og þar hafa starfað að undanfögnu þrjár innanhússhönnuðir sem aðstoða og leiðbeina viðskiptavinum sem best þeir mega auk þess sem sölustjóri í húsgagnadeild er kona sem hefur starfað hátt í aldarfjórðung við húsgagnasölu og hefur að baki listnám.

Innanhússhönnuðirnir hafa víðtæka þekkingu og flytja með sér áhrif, hver úr sinni áttinni. Ksenia Ólafsson, sem hefur unnið hjá Epal í tvö ár, er upprunnin í Moskvu og lauk þar námi í innanhússhönnun. Hún hefur ennfremur mikla reynslu í lýsingarhönnun. Stefanie Rauscheder er innanhússarkitekt frá München, þar sem hún vann við að skipuleggja og velja hluti í íbúðir og hús. Stefanie er nýkomin til starfa hjá Epal. Sigrún Baldursdóttir er innanhússhönnuður, lærð í Danmörku, og er hún sölustjóri í gjafavöru og

textíldæild Epal. Inga Friðjónsdóttir er sölustjóri í húsgagnadeild og hefur starfað hjá Epal í fimm ár en alls hefur hún starfað í húsgagna-bransanum í aldarfjórðung. Áður stundaði hún nám í Myndlista- og handíðaskólanum.

Fjölbreytt verksvið hönnuðanna Ksenia Ólafsson segir starf innanhússhönnuðarins í Epal skiptast í þrennt. Í fyrsta lagi sé þjónustan við viðskiptavinum. Þeim er veitt aðstoð við að velja gluggatjaldaefni og áklæði óski þeir þess og sumir vilja gjarnan fá leiðbeiningar um val

á húsgögnum. Að auki tekur hönnuðurinn að sér að skipuleggja og teikna fyrir fólk fyrirkomulag íbúðar eða fyrirtækis og að koma með tillögur að litum og lýsingu. Í öðru lagi hefur hönnuðurinn umsjón með sýningarsalnum í Epal og vali lita sem þar eru notaðir. Í ársbyrjun fær Epal litaplan frá fatahönnuði sem hefur mikla þekkingu á þessu sviði og eftir því er svo unnið. Ksenia segir að reyndar séu litirnir í sýningarsalnum ekki alltaf jafnrólegir og ef verið væri að velja liti fyrir heimili eða fyrirtæki, enda sé

tilgangurinn með þeim oft að vekja sérstaka athygli viðskiptavina og fá þá til að taka eftir einhverju ákveðnu í versluninni. Þriðja verkefni hönnuðarins er að setja upp sýningar sem Epal tekur þátt í, eins og t.d. í Gerðarsafni eða í Bella Center í Kaupmannahöfn. [\[1\]](#)

Þeir sem koma í Epal geta treyst á faglega þjónustu, vandaða hönnun og frábær gæði.



Kvennablaðinn í Epal sitjandi í eggjum Arne Jacobsens. F.v. Inga Friðjónsdóttir, Stefanie Rauscheder, Ksenia Ólafsson og Sigrún Baldursdóttir.



TILDRA 209 (2002)

Hönnuður Pállur B. Lótharsson
 Í brott eru tengsla og þrívíða
 aðlaða stíllar og stíllar. Vaxja með
 um leiður eða tvívaldað.
 Verð með letri:
 Þrívíða seta að 224.000 kr.,
 tengsla seta að 174.000 kr.,
 og stóli 119.000 kr.


BESSI (2000)

Hönnuður Erla Söfnvíg Ólafsdóttir
 Stíllgrind og grunnell hvort skiladúkur
 eða með bólaþreðri setu og viltarbelti.
 Þvílíka er starfshólar.
 Verð með bólaþreðri setu
 og viltarbelti að 52.000 kr.,
 eilíka stóllar frá 40.970 kr.

**ÍSLENSK
 HÖNNUN**



Opn. hf. / Hlíðarvogi 6 / Hlíð 1081 7702 / opn@opn.is / www.opn.is



TREE (2000)

Hönnuður Michael Young
 og Katrina Pálmaradóttir
 Þekktur er lítil,
 einnig til litlaug þvafur eða svartur.
 Verð 55.500 kr.

JAKI (1997)

Hönnuður Erla Söfnvíg Ólafsdóttir
 Stíllgrind, eilíka með letri.
 Verð 29.890 kr.



Sérverslun með heimilistæki

Mikill vöxtur hefur verið í starfsemi Eirvíkur frá því fyrirtækið tók til starfa fyrir rúmum áratug. Eigendur eru hjónin Eyjólfur Baldursson og Þórdís Sigurgeirsdóttir en Eirvík flytur inn heimilistæki frá fjölmörgum þekktum framleiðendum. Í upphafi voru það Smeg-heimilistækin sem vöktu hvað mesta athygli hjá Eirvík sem síðar hóf að selja Miele-tæki sem eru þekkt fyrir mikil gæði að sögn Þórdísar Sigurgeirsdóttur, sem lengst af hefur starfað við fyrirtækið við hlið manns síns.

„Eirvík byrjaði smátt en fyrirtækið hefur stöðugt verið að auka hlutdeild sína í sölu heimilistækja, enda alltaf verið með vörur frá þekktustu framleiðendum. Við seljum nú mest af tækjum frá Miele,“ segir Þórdís. Önnur þekkt merki hjá Eirvík eru Fischer&Paykel, Elica, Liebherr og Eumenia svo nokkuð sé nefnt. Nýverið var svo farið að selja tæki frá General Electric og Kenwood í samstarfi við Heklu, sem flytur tækin inn. Seldir eru kæliskápar frá General Electric og smærri heimilistæki frá Kenwood.

Miele er þekkt fyrir gæði og hugvit og ræður yfir fjölmörgum einkaleyfum, t.d. tromlunni í Miele-þvottavélinni að sögn Þórdísar, sem bætir við að Miele-vélin hafi verið sú fyrsta sem kom hingað með íslensku stjórnborði.

Ryðfría stálið vinsælast. „Heimilistæki úr ryðfríu stáli njóta hvað mestra vinsælda um þessar mundir þótt alltaf velji einhverjir hvít tæki og einnig tæki úr áli. Fólk kemur oft og spyr hvort við séum með „kámfrí“ stáltæki en svo er ekki. Framleiðendur tækjanna sem

við flytjum inn framleiða ekki slík tæki, enda er ekkert vandamál að halda stálinu í tækjum þeirra gljáandi sé borið á það og það þússað vel.“

Meðal nýjunga í heimilistækjum er gufuofn sem gufusýður t.d. grænmeti og fisk. Hann er svo fullkominn að nóg er að láta hann vita hvað á að elda þá stillir ofninn sig í samræmi við það. Þórdís fullyrðir að matur soðinn í gufuofni sé margfalt bragðbetri en matur soðinn í vatni.

Rétt er að nefna að hjá Eirvík eru til sölu gjafabréf sem hafa verið vinsæl hvort heldur í brúðargjafir eða við önnur tækifæri, enda henta smátækin sem fást í versluninni mjög vel í gjafir auk þess sem gjafabréf getur að sjálfsögðu gengið upp í kaup á stærri hlutum.

Eirvík selur ekki aðeins tæki til heimilisnota. Samþýli, stofnanir, hótél og gistiheimili velja gjarnan Miele-tæki og íslenski skípaflotinn nýtur góðs af þeim líka. Vilji menn hins vegar litla þvottavél má fá sér 3 kg, vandaða Eumenia-þvottavél sem einnig hentar í sumarhúsið.

Eirvík er að Suðurlandsbraut 20 og hefur deilt húsnæði að undanförmu með Trésmiðjunni Borg sem nú flytur í nýtt húsnæði. Gott hefur verið að geta boðið eldhúsinnréttingar og heimilistæki á sama stað og segir Þórdís mikla eftirsjá að Borgar-fólkinu en nú verði sýningarrými verslunarinnar stækkað svo tækjaúrvalið fái meira rými en að sjálfsögðu munu tæki frá okkur verða hjá Borg framvegis sem hingað til. [T](#)

Hlutdeild Eirvíkur í heimilistækja-sölu fer stöðugt vaxandi.

Þórdís Sigurgeirsdóttir sér um starfsmanna- og auglýsingamál hjá Eirvík en kemur víðar við í rekstrinum.



VENDU PIG VIÐ GÆÐI – VENDU PIG VIÐ EIRVÍK



Miele

Láttu drauminn rætast

Í Eirvík er mikið órval gleslegra heimilistækja sem uppfylla drauma þeirra sem gera kröfur. Allir sem unna góðum og góðum met finna vöruleið teki í einkahlé hjá Eirvík.

Verið velkomin í Eirvík og leyrið ykkur það nýjasta í heimilistækjum í önnu gleslegasta heimilistækjaverisum landanna.



EIRVÍK – hágæðaheimilistæki

Eirvík, Suðurlindalebraut 28, 105 Reykjavík, Sími 583 6288, www.eirvik.is

Útgáfa, sýningar- og námskeiðahald í fyrirrúmi

Ekki eru allir jafnlánsamir og Auður I. Ottesen ritstjóri að geta sameinað vinnu og áhugamál. Fyrirtækið Sumarhúsið og garðurinn ehf., sem Auður stýrir, gefur út samnefnt tímarit, bókaflökkinn Við ræktum og stendur auk þess að sýningahaldi. Sumarið 2005 var fjórða sýningin sem fyrirtækið hefur haldið. Sumarhúsið og garðurinn kemur út fimm sinnum á ári og í ráði er að auka útgáfuna í takt við óskir lesenda.

Auður er garðyrkjufræðingur og smiður og rekur fyrirtækið með eiginmanni sínum, Páli Péturssyni. Hann er meðritstjóri, útlitshönnuður og ljósmyndari blaðsins sem hefur verið í eigu þeirra hjóna síðustu 12 ár og vaxið og þróast úr 16 síðna dreifiriti í metnaðarfullt tímarit í áskrift og lausasölu. Sumarhúsið og garðurinn fjallar um lífið í bústaðnum, garðrækt, umhverfismál, útivist og afþreyingu. Margir telja að tímaritið Sumarhúsið og garðurinn sé gefið út af Landsambandi sumarhúsaeigenda, en Auður tekur fram að svo sé ekki. Sumarhúsið og garðurinn er sjálfstætt tímarit sem fjallar um lífið í bústaðnum, garðrækt, umhverfismál, útivist og afþreyingu.

Sýningar og námskeið Á tíu ára afmæli Sumarhússins og garðsins var ákveðið að efna til sýningar. Nú eru sýningarnar orðnar fjórar og hafa þær stækkað frá ári til árs. Fjölbreytnin hefur aukist og fjalla þær



Sumarhúsið og garðurinn er vandað tímarit um áhugavert efni.

nú um allt sem tengist sumrinu. Sýningin Sumarið 2005 var haldin í Fífunni í vor og tengdist afþreyingu og ferðalögum jafnt sem sumarhúsum og garðrækt, enda kemur mönnum vel að kynnast því hvað er í boði í nágrenni sumarhússins.

Í vor kom út fyrsta bókin í nýjum bókaflökk, Við ræktum, hún heitir Garðurinn allt árið og fjallar um garðverkin. Í hverri bók verða tekin fyrir sértæk efni. Síðar á árinu koma út bækur um lauftré og viðarnytjar. „Þekkingin er fyrir hendi hjá okkur og við eigum stórt myndasafn tengt þessu efni auk þess sem ýmsir fagmenn leggja okkur lið,“ segir Auður og bætir við að kennsla og fræðsla sé nýr liður í starfsemi fyrirtækisins og ætlunin sé að auka námskeiðahald. Markmiðið sé m.a. að kenna fólki að nýta það sem er að finna í nánasta umhverfi þess. Gott dæmi er námskeið Önnu Maríu Pálsdóttur sem kenndi fólki að vefa úr viðarteinungum.

Á heimasíðu Sumarhússins og garðsins, www.rit.is, er að finna upplýsingar um starfsemi fyrirtækisins og góð ráð. Þar verður einnig hægt að skoða þjónustuskrána sem birtist í Sumarhúsinu og garðinum og auðveldar fólki að finna ýmsar vörur og þjónustu. Loks ber að nefna Netklúbb áskrifenda tímaritsins. Þar skrá menn sig vilji þeir fá sent fréttabréf á Netinu með góðum ráðum og upplýsingar um ýmis tilboð. [T](#)

Auður Ottesen, framkvæmdastjóri, og annar tveggja ritstjóra tímaritsins Sumarhúsið og garðurinn.



Allt sem þarf fyrir sumarið

Fáðu eintak!



Fæst í öllum helstu bókaúðum og verslunum

ÁSKRIFTARSÍMI 586 8005

HAGVANGUR

Kynjaskipting starfsmanna ómeðvituð

Jöfn kynjaskipting ríkir meðal starfsmanna Hagvangs og hefur svo verið að mestu í gegnum tíðina. Skiptingin er nánast ómeðvituð, enda starfsfólk ráðið hverju sinni eftir hæfni og getu frekar en til að viðhalda ákveðinni kynjaskiptingu. Við þjónum kröfuhörðum viðskiptavinum sem vilja aðeins fá bestu þjónustu, hvort sem hún er veitt af konu eða karli,“ segir Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri.

„Það sem einkennir mitt starfsfólk er mikil þjónustulund og góð samskiptahæfni, enda þarf fólk í þessu starfi að hafa ánægju af mannlegum samskiptum. Samskiptin byggjast á þjónustu við viðskiptavinum okkar sem eru að falast eftir fólki til starfa auk þess sem við sinnum ráðgjöf í auknum mæli. Okkur er falið vandasamt verk, við fáum trúnaðarmál um rekstur fyrirtækja í hendur og kynnumst því fyrirtækjunum vel. Við höfum lagt áherslu á að virða trúnað gagnvart fyrirtækjum og einstaklingum og Persónuvernd hefur tekið út öll okkar vinnubrögð. Bakgrunnur starfsmanns skiptir einnig miklu við ráðningarstörf. Hér starfar einn sálfræðingur, einn master í vinnu- og skipulagssálfræði, viðskiptafræðingar, stjórnmálafræðingur og fólk með tungumálanám að baki. Nýjasti starfsmaður Hagvangs er Kristín Guðmundsdóttir en hún er viðskiptafræðingur með mannauðsstjórnun sem val.“

Katrín segir að mun fleiri konur en karlar gegni starfi starfsmanna- stjóra og sama eigi við hjá ráðningarfyrirtækjum, fyrir utan Hagvang.

Fjöldi kvenna virðist sækja í mannauðsstjórnunarnám sem getur nýst vel í margvíslegum stjórnunarstörfum. Þær sækja samt ekki enn eins eftir því að gegna starfi framkvæmdastjóra né forstjóra, þótt það hafi sem betur fer aukist til muna.

Óháðir aðilar nauðsynlegir Hagvangur sinnir mest ráðningum sérhæfðs starfsfólks í stjórnunar- og sérfræðistörf. Katrín segir að þýðingarníkið sé að fyrirtæki fái óháða fagaðila til að meta umsækjanda m.a. vegna þess að erfitt geti reynst að taka á vandamálum sé ráðið í gegnum kunningsskap. Sálfræðimenntaðir sérfræðingar fyrirtækisins leggja yfirleitt sálfræðileg próf fyrir umsækjendur en þau eru fljótleg og ódýr leið til að bæta umtalsvert forspá um árangur í starfi. Öll fyrirtæki hafa það markmið að hafa besta fólkið innan sinna raða og til að svo megi vera verður að vanda til verka við starfsmannaval. [T](#)

Fjöldi kvenna virðist sækja í mannauðsstjórnunarnám sem getur nýst vel í margvíslegum stjórnunarstörfum.



Konur hjá Hagvangi, f.v. Sesselja Sigurðardóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Katrín S. Óladóttir, Rannveig Haraldsdóttir og Guðný Sævinisdóttir.



Við ráðum...

BRAUTRYÐJENDUR Í RÁÐNINGARÞJÓNUSTU

Hagvangur er fyrsta ráðningaþjónustan sem tók til starfa á Íslandi og hefur því verið leiðandi í starfsmannaráðningum frá 1976.

[Redacted text block]





Steinunn K. Þórðardóttir, forstöðumaður Alþjóðalánveitinga hjá Íslandsbanka, hefur starfað að verkefnum víða um heim.

ÍSLANDBANKI

Fjölbreytt starf á alþjóðavettvangi


Það eru tvö ár síðan deild Alþjóðalánveitinga hjá Íslandsbanka var stofnuð en forstöðumaður hennar er Steinunn K. Þórðardóttir. „Meginstarfsemi deildarinnar felst í lánaþjónun til alþjóðlegra fyrirtækja auk sambankalánaþjónustu. Um 80% viðskipta okkar eru á Bretlandi, Norðurlöndunum og í Norður-Ameríku og er meiri hluti viðskiptavina okkar í fisk- og matvælaíðnaði. Hér má nefna fyrirtæki eins og Clearwater í Kanada og Aker Seafoods í Noregi en einnig fjármögnum við íslensk fyrirtæki sem eru með meginhluta starfsemi sinnar erlendis eins og Actavis, Bakkavör og Össur. Þá fjárfestum við í erlendum skuldabréfum og lánastrúktúrum til þess að dreifa áhættunni.“

Steinunn segir að starfsemi deildarinnar hafi eflst mikið á síðastliðnu ári. „Heildarútlán eru nú um 60 milljarðar og starfsmenn deildarinnar eru 12, bæði íslenskir og erlendir, og allir staðsettir á Íslandi eins og er. Ég legg áherslu á að þeir hafi öðlast reynslu erlendis og öll samskipti fara fram á ensku. Sóknarfærin á alþjóðavettvangi eru mörg og megináskorunin er fólgin í því að velja hagstæðustu markaðina og bestu viðskiptatæki-

færin á hverjum tíma. Íslenski markaðurinn býður upp á takmarkaðan vöxt og einnig er nauðsynlegt að dreifa áhættu bankanna.“

Steinunn hefur unnið víða um heim í fjármálageiranum. „Eftir Verzlunarskólann fór ég til Bandaríkjanna í viðskipta- og stjórnmálafræði og útskrifaðist úr háskóla í Suður-Karólínu 1995. Árið

1999 kláraði ég MBA-nám í Thunderbird í Arizona og starfaði síðan hjá stórfyrirtækinu Enron í þrjú ár, í Houston, Texas og í Frankfurt. Ég vann einnig að verkefnum í Berlín, Marokkó og Sviss og var það ómetanleg reynsla þrátt fyrir að ekki hafi farið vel fyrir fyrirtækinu. Ég hef nú starfað hjá Íslandsbanka í tæp fjögur ár. Það hefur verið gaman að taka þátt í þeirri þróun og uppbyggingu sem hefur átt sér stað í fjármálageiranum en mikill hraði og skemmtilegar áskoranir hafa einkennt aukin

umsvif íslenskra fyrirtækja erlendis. Starfið er mjög fjölbreytt og krefjandi þar sem við vinnum með fyrirtækjum frá mismunandi löndum og atvinnugreinum. Ég legg mikla áherslu á að vinna í alþjóðlegu umhverfi með sterkum hópi fólks. Ég er því á réttum stað á réttum tíma.“ 

Megináskorunin felst í því að velja hagstæðustu markaðina og bestu viðskiptatæki-færin á hverjum tíma.



100% FAGMENNSKA

INSTAIDDU / SAJISU



ÍSLANDBANKI | 100%



Ingibjörg Kristín Dalberg er stofnandi og eigandi SIA Ísland.

SÍA ÍSLAND

SIA-vörurnar fást í 30 sérvörslunum

Í tólf ár hafa Íslendingar notið þess að kaupa fjölbreytlegar vörur til heimilisins frá SIA. Ingibjörg Kristín Dalberg stofnaði heildverslunina Zeus, sem selur SIA, árið 1993, en hún hafði kynnst SIA-vörunum þegar hún bjó í Svíþjóð. Sænski textílhönnuðurinn og listakonan Sonja Ingrid Andersen er upphafsmaður SIA sem hún stofnaði fyrir rúmum 40 árum. Nú eru SIA-vörurnar seldar í 35 löndum og sums staðar í stórborgum erlendis, t.d. í París, má finna SIA-verslanir.

„Sonja hóf starfsemina á blómatímanum og þá með því að framleiða pappírblóm sem urðu mjög vinsæl,“ segir Ingibjörg. „Hún hannaði líka og framleiddi fatnað fyrir konur og börn sem og dúka, svuntur og fleira fyrir heimilið. Sonja hitti svo sannarlega naglann á höfuðið og fyrirtækið óx og dafnaði. Árið 1980 komu Frakkar og Bretar inn í reksturinn sem gengur frábærlega vel. Nú eru SIA-vörurnar fánlegar í 35 löndum og gaman að hugsa til þess að upphaf þessarar velgengni er ein hugmyndaárk og skapandi kona.“ Sjálf byrjaði Ingibjörg smátt og vann að mestu ein fyrstu tvö, þrjú árin. „Velgengnin kemur þó ekki með einni manneskju. Ég er með gott starfsfólk og nú erum við þrjár sem vinnum í heildversluninni.“

SIA-heildsalarnir velja Stór hópur hönnuða vinnur við að hanna vor- og sumarlínu og haust- og vetrarlínu. Þær eru mjög umfangsmiklar og ná yfir allt fyrir heimilið, frá servíettum upp í húsögn og enn skipa blómin stóran sess þótt í dag séu þau úr silki en ekki pappír. SIA-



SIA-blómin vinsæl jafnt í fyrirtækjum sem á heimilum.

heildsalarnir og verslunareigendur í löndunum 35 velja vörurnar á sýningum sem haldnar eru tvisvar á ári og það sem verður fyrir valinu úr hugmyndabanka hönnuðanna fer í framleiðslu og þá aðallega í Asíu. „Þetta er skemmtileg og heildstæð hönnun þar sem mikið er lagt upp úr að litir og mynstur falli vel saman.“

Ingibjörg segir að Sonja eigi nú aðeins lítinn hluta í SIA en fylgist þó vel með öllu, m.a. blómaframleiðslunni. „Það hefur alltaf verið metnaður fyrirtækisins að blómin séu sem eðlilegust og fallegust, enda voru þau upphafið að velgengninni. Sjálf var ég svo skrýtin að ég hafði ekki mikinn áhuga á silkiblómum. Ég flutti fyrst inn jólavörur sem voru alveg sérstaklega fallegar og salan gekk mjög vel þótt ég seldi aðeins í þrjár búðir fyrstu jólin. Nú eru SIA-vörurnar seldar í 30 sérvörslunum vítt og breitt um landið.“ Ingibjörg varð þó að láta í minni pokann fyrir silkiblómunum og sér ekki eftir því. „Þau hafa gengið feikilega vel og verslanir jafnt sem fyrirtæki kaupa þau til skreytinga og benda má á að margir hafa þau úti í pottum og kerum og eru með blómstrandi blóm allt sumarið.“

SIA er með aðsetur að Austurströnd 4 á Seltjarnarnesi. „Ég hef frá upphafi lagt mikla áherslu á að hafa fallegan sýningarsal og um leið og vörur koma til landsins er útstillingum breytt svo alltaf er eitthvað nýtt og skemmtilegt að sjá, og sér skreytingahönnuður alfarið um salinn hjá okkur. SIA hefur alltaf verið leiðandi í hönnun með heimilisvörur, bæði hvað varðar líti, form og tísku hverju sinni.“




Sia

GULA LÍNAN GEFUR UPPLÝSINGAR UM ÚTSÖLUSTADI



Guðríður Ólafsdóttir, yfirmaður útlánasviðs Lýsingar hf., segir konur oft halda utan um rekstur og fjármál smærri fyrirtækja sem skráð eru á eiginmenn þeirra í ýmsum iðngreinum. „Ég hef á tilfinningunni að konur séu þar meira ráðandi en opinberar tölur segja til um.“

LÝSING

Fjármagnar alla flóru atvinnutækja

Lýsing hf. er leiðandi fyrirtæki í fjármögnun atvinnutækja á Íslandi en fyrirtækið fjármagnar atvinnutæki fyrirtækja og einstaklinga í atvinnurekstri, auk þess að fjármagna einkabíla fyrir einstaklinga,“ segir Guðríður Ólafsdóttir, yfirmaður útlánasviðs Lýsingar. „Atvinnutæki geta verið margvísleg og sem dæmi úr þeirri flóru sem við höfum fjármagnað má nefna ólík atvinnutæki eins og eftirlíkingu af Stradivarius-fiðlu sem næst kemst hinum einstaka hljómburði frumgerðarinnar og svo risabora ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo sem notaðir eru við Kárahnjúkavirkjun. Við fengum einmitt eiganda fiðlunnar, fiðluleikarann Hjörleif Valsson, til þess að leika á hljóðfærið í aðkomugöngum 2 og 3 við Kárahnjúkavirkjun en gengið var frá fjármögnun þessara atvinnutækja um svipað leyti í fyrravor, m.a. til þess að vekja athygli á fjölbreytninni í atvinnutækjum, og vakti það mikla lukku.“

Flóra atvinnutækja er fjölbreytt. Þau geta verið allt frá fiskflökunarvélum, fiðlum og líkamsræktartækjum til vinnuvéla og risabora. Lýsing hf. er leiðandi fyrirtæki í fjármögnun atvinnutækja á Íslandi.



Hún segir að ráðgjafar Lýsingar leggi metnað sinn í að veita viðskiptavinum faglega ráðgjöf, skjóta og góða þjónustu. „Lýsing býður upp á fjórar mismunandi leiðir í fjármögnun atvinnutækja en þær eru: Fjármögnunarleiga, kaupleiga, rekstrarleiga og jafngreiðslulán.

Við lítum á okkur sem þjónustufyrirtæki og starfsfólk kappkostar að hafa hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Kannanir hafa sýnt að viðskiptavinir eru ánægðir með þjónustu Lýsingar og gefa henni hæstu einkunn. Við sníðum lausnir fyrir stóra sem smáa og stefnum ávallt að langtímaviðskiptum sem byggja á trausti, þar sem til verður þekking á þörfum og aðstæðum viðskiptavina okkar og við getum þá þjónað sem best. Við búum að langri reynslu og höfum sveigjanleika og hraða þjónustu að markmiði.“

Við vitum hvað til þarf...



Hjá Lýsingu vitum við að velgengni viðskiptavina okkar skiptir öllu máli. Þegar þeim gengur vel, gengur okkur líka vel.

Við leggjum okkur fram um að þekkja og skilja hvað starfsemi fyrirtækjanna útheimtir og vera þannig í takt við þarfir þeirra á hverjum tíma.

Guðriður Ólafsdóttir
Fjármögnun atvinnutækja


LÝSING

Fjármögnun í takt við þínar þarfir

Lýsing hf.
Suðurlandsbraut 22,
108 Reykjavík
Sími: 540 1500
www.lysing.is

TEXTI: HILMAR KARLSSON



John Hartigan (Bruce Willis) bjargaði Nancy (Jessica Alba) úr höndum barnamorðingja þegar hún var 11 ára gömul.

SYNDABÆLIÐ

Það efast fáir um að tískubylgjan í Hollywood er að gera leiknar kvikmyndir eftir teiknimyndasögum. Á síðustu árum hafa margar teiknimyndahetjur verið vaktar til lífsins á ný og leika nú lausum hala um öngstræti stórborga í dýrum og íburðarmiklum kvikmyndum. Þessi bylgja kemur ekki á óvart þegar haft er í huga að hvergi nýttist hin fullkomna tæknibrelluverksmiðja í Hollywood eins vel og í kvikmyndum þar sem ævintýrin gerast enn og raunveruleikinn er víðs fjarri.

Nýjasta kvikmyndin sem gerð er eftir grafískri skáldsögu er Sin City, sem leikstýrt er af Robert Rodriguez og Frank Miller, en hann er höfundur Sin City skáldsagnanna. Myndin hefur fengið góðar viðtökur gagnrýnenda sem og áhorfenda vestan hafs, en hún var frumsýnd í Bandaríkjunum í apríl og verður tekin til sýningar hér á landi 8. júlí. Þykir hún ekki aðeins spennandi og áhrifamikil heldur er öll framsetning frumleg og um leið vel heppnuð, þar sem stór hluti myndarinnar er

í svart hvítu með þó ýmsum litbrigðum til áhersluauka.

Robert Rodriguez, sem sagði sig úr leikstjórasamtökunum í Hollywood þegar honum var neitað um leyfi til að gera Frank Miller að meðleikstjóra sínum, hefur með Sin City skapað sína best heppnuðu kvikmynd frá því hann gerði El Mariachi (1992), en hana gerði hann áður en hann settist að í Hollywood. Það hefur mátt sjá glitta í snillinginn í síðari myndum hans en ávallt hefur vantað herslumuninn. Hefur Rodriguez því fallið í skuggann af vini sínum, Quentin Tarantino. Með Sin City minnkar hann bilið á milli þeirra þó ekki nái hann sömu hæðum og Tarantino hefur náð (Tarantino leikstýrir einu stuttu atriði í Sin City).

Frank Miller hafði lengi starfað hjá Marvel teiknimyndafyrirtækinu við ýmsar teiknimyndaseríur áður en hann skapaði Sin City seríuna. Hafði hann að leiðarljósi að persónur sínar væru engar ofurhetjur og að um sakamálasögu væri að ræða. Tókst honum vel upp og eru Sin

City bækkurnar í miklu uppáhaldi hjá fjölmörgum aðdáendum grafískra skáldsagna. Þess má svo geta að ekkert sérstakt handrit var skrifað fyrir Sin City, heldur var notast við texta í þremur bókum Millers.

Hættuleg borg Sin City er engin venjuleg borg. Harkan er í fyrirrúmi, persónur eru upp til hópa spilltar og bera fortíðina á herðum sér. Utanaðkomandi myndi kalla borgina dökka og óvinveitta. Þeir sem þar búa kalla hana heimili sitt. Í borginni er hægt að finna allar þær persónur sem við þekkjum úr neðanjarðarstarfsemi stórborganna. Þarna eru þó einnig manneskjur sem eru að reyna að gera rétt í borg sem er sama um orðspor sitt. Það eru sögur þeirra sem sagðar eru í myndinni.

Sin City skiptist í þrjá hluta, sem stundum tvinnast saman. Í einni sögunni segir frá Marv (Mickey Rourke), miklum töffara, sem hefur alið aldur sinn í skuggahverfum borgarinnar. Kvöld eitt hittir hann hina fögru Goldie (Jamie King) og verður ástfanginn. Sú sæla stendur ekki lengi þar sem Goldie er myrt á heimili hans. Marv er sorgbitinn og í hefndarhug og eins gott að verða ekki á vegi hans.



Dwight (Clive Owen) heldur verndarhendi yfir Gail (Rosario Dawson).



Robert Rodriguez og Frank Miller við tökum á Sin City.

Í öðrum hluta höfum við svo einu heidarlegu lögguna í Sin City, John Hartigan (Bruce Willis), sem sér feril sinn á enda-stöð og fylgjumst við með honum síðasta daginn í vinnunni við að bjarga 11 ára gamalli stúlku úr klónum á morðsjúkum syni öldungardeildarþingmanns. Ekki fer betur en svo að hann er dæmdur í fangelsi fyrir barnsránið. Þegar hann sleppur út tekur á móti honum stúlkan sem orðin er að hinni glæsilegu Nancy (Jessica Alba).

Í þriðja hlutanum höfum við einkaspæjarann Dwight (Clive Owen), sem er að reyna að gleyma fortíðinni, sem hvað eftir annað sækir á hann. Þegar spillt lögga er drepinn tekur hann að sér að vernda ungar vændiskonur sem höfðu slyst til að drepa lögguna. Ásamt fögrum nætur-drottningum er hann á ferð um borgina með líkið af löggunni og með lögguna og mafíuna á hælunum.

Fer ótroðnar slóðir Segja má að Robert Rodriguez sé tvöfaldur í roðinu þegar kemur að kvikmyndum. Hann er þekktur fyrir blóðugar spennumyndir á borð við El Mariachi, Desperado, From Dusk Till Dawn og Once Upon a Time in Mexico. Myndir

sem engir foreldrar færu með börn sín á. Svo er hann öðrum þræði að gera myndir fyrir börn og þar heldur merki hans á lofti trílógían um njósnakrakkana Spy-kids, en þær myndir eru enn sem komið er vinsælustu kvikmyndirnar sem Rodriguez hefur gert. Og þegar þessar línur eru skrifaðar er verið að frumsýna vestan hafs The Adventures of Shark Boy & Lava Girl in 3-D, sem hann leikstýrir. Er sú kvikmynd í anda Spy-kids kvikmyndanna og segir frá ímyndaðri hetju ungs drengs. Hetjan lifnar við og leiðir unga drenginn í mikil ævintýri. Hugmyndina fékk Rodriguez hjá syni sínum Racer og eru þeir feðgar skráðir fyrir handritinu. Og þá má að lokum geta þess að Rodriguez er þegar farinn að undirbúa Sin City 2, sem hann áætla að frumsýna 2007 og er jafnvel hugmyndin að gera Sin City 3.

Rodriguez segir að allt frá því hann las fyrstu Sin City bókina árið 1992 hafi hann haft hug á að gera kvikmynd eftir þeim: „Það var þó ekki fyrr en ég hafði komist að þeirri niðurstöðu að ég vildi ekki gera kvikmynd sem væri gerð eftir teiknimyndasögunni Sin City heldur vildi ég gera kvikmynd sem yrði að teiknimyndasögunni Sin City.“ **FW**

Peter Jackson er valdamestur í Hollywood

Árlega birtir bandaríska kvikmyndatímaritið lista yfir valdamestu einstaklingana í Hollywood, svokallaðan „Power List“. Unnið er eftir þeirri formúlu að sá sé valdamestur sem sýnir mestan gróða af kvikmyndum sínum og framtíðarspár geri ráð fyrir áframhaldandi velgengi. Þegar á heildina er litið eru einstaklingarnir á listanum ekki þekktir í augum þeirra sem fylgjast með í fjarlægð, heldur eru þetta þeir sem stjórna bak við tjöldin, veita kvikmyndafrirtækjunum forystu. Nokkrir þekktir einstaklingar eru þó sjáanlegir og tveir þeirra skipa efstu sætin, Peter Jackson og Steven Spielberg. Í næstu sætum eru forstjórar og stjórnarformenn. Það sem vekur mesta athygli er að í efsta sæti er Nýsjalendingurinn Peter Jackson, sem sjaldan stígur fæti sínum á götur í Hollywood. Hann var í sjötta sæti í fyrra og styrkur hans er að



Peter Jackson ræður ferðinni í Hollywood.

mestu að þakka gengi Lord of the Rings trílógunnar, en samantlagðar brúttótekjur af myndunum eru 3 milljarðar dollara. Þá er spá um afkomu hans á þessu ári ekki slæm, en kvikmynd hans, King Kong, er sögð munu keppa við síðustu Star Wars myndina um mestu vinsældir á árinu. Og það er til marks um styrk hans að hann fær 20 milljón dollara fyrir að leikstýra King Kong, sem er hæsta upphæð sem nokkur leikstjóri hefur fengið, auk þess sem hann fær 20% af ágóðanum af myndinni.

POSEIDON ÆVINTÝRIÐ ENDURGERT

Ein vinsælasta kvikmynd ársins 1972 var The Poseidon Adventure, sem fjallaði um farþega og áhöfn á skemmtiferðaskipi sem þurfa að berjast fyrir lífi sínu þegar skipið lendir í stórsjó. Með aðalhlutverkin fóru Gene Hackman og Ernest Borgnine. Sex árum síðar var gerð framhaldsmynd, Beyond the Poseidon Adventure, sem þótti léleg, þrátt fyrir að stórstjörnum Michael Caine og Sally Field væru í framvarðasveit þekktra leikara. Myndirnar voru gerðar eftir samnefndri skáldsögu Paul Gallico. Nú hefur rykið verið dustað af skáldsögunni, ekki af einum aðila heldur tveimur. Síðar á þessu ári verður sýnd tveggja hluta sjónvarpsmynd sem gerð er eftir sögunni. Þar eru í aðalhlutverkum Adam Baldwin, Steve Guttenberg og Bryan Brown. Og þá hefur verið staðfest að stórmýndaleikstjórinn Wolfgang Petersen (Air Force One, Troy) er byrjaður að undirbúa tökum á The Poseidon Adventure og er áætlað að frumsýna myndina á næsta ári. Verður um mjög dýra kvikmynd að ræða. Í aðalhlutverkum eru Kurt Russell, Emmy Rossum og Richard Dreyfuss.

TEXTI: **SVAVA JÓNSDÓTTIR**
MYNDIR: **GEIR ÓLAFSSON o.fl.**

Myndlist:

TÁKNMYND MEÐ- VITUNDARINNAR

Höfuð sem svífur. Ró. Friður. Eldrauður friður.

Vignir Jóhannsson myndlistarmaður á heiðurinn af þessu málverki. Höfuð eru oft í aðalhlutverki í málverkum hans. Svífandi höfuð.

„Höfuðin hafa verið táknmynd meðvitundarinnar, þekkingarinnar, þess íhugula og mannlegra hugsana.“

Form og litir í verkum Vignis fóru að mýkjast upp úr 1987. Þá bjó hann á svæði indíána í Nýju Mexíkó og segist hafa orðið fyrir áhrifum frá þeim varðandi huglæg áhrif litar, forma og tíma. Þess má geta að hann sýndi málmskálar og bogaform fyrst hér á landi árið 1990.

„Mér finnst ég alls ekki vera búinn að úttala mig um þessi mikilvægu atriði eins og tímann, umhverfið og mannshugann. Tíminn er okkur æ verðmætari og við það fer maður út í heimspekilegar vangaveltur um gerð, lögum og framvindu hans. Skálarnar og sporöskjulagaðir pollarnir sem ég hef verið að vinna með og kalla „tímapolla“ eru tengdir flæði tímans eins og flæði vatnsins sem skilur eftir sig polla.“

Vignir kys að nota fáa liti í hverja mynd og hefur þá „ákveðna, bjarta og hreina“.



Vignir Jóhannsson, myndlistarmaður.



„Höfuðin hafa verið táknmynd meðvitundarinnar, þekkingarinnar, þess íhugula og mannlegra hugsana.“

Hönnun:

ÁHRIF ÖLDUNNAR

Hinn heimsþekkti arkitekt Peter Maly sat einhverju sinni við vatn og sá öldurnar bærast. Hugmyndaflugíð tók við sér. Í kjölfarið hannaði hann þennan stól, Wave (alda), sem er eins og alda í laginu. Hann er jafnframt einstaklega stílhreinn og nútímalegur. Það ku vera þægilegt að sitja í stólinum en ítalska fyrirtækið Tonon framleiðir hann.

Stóllinn fæst í versluninni Exó. Wave-stólar með leðri hafa verið vinsælir en stóllinn er einnig hægt að fá með margs konar áklæði. Hægt er að fá stólinn með tvenns konar fótum. Þá er Wave framleiddur sem stakur stóll, borðstofustóll og barstóll.



Stóllinn Wave sem Peter Maly hannaði.

Sumarfríð:


Í TJALDI Í SKAFTAFELLI

„Við hjónin stefnum á að skoða landið í sumar og fara í Skaftafell þegar gott er veður,“ segir Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður Ístaks. Hann stefnir að því að ganga enn einu sinni inn í Bæjarstaðaskóg og skoða ævintýralegt umhverfið þar í kring. „Við förum kannski hringinn fyrst við verðum komin svona langt austur.“

Páll segir að Skaftafell sé uppáhaldsstaðurinn sinn á Íslandi. „Umhverfið er svo fallegt og aðstaðan góð.“

Hjónin gista oft í bændagistingu en þegar þar er uppfyllt er tjaldið tekið úr skottinu.

Páll býst ekki við að fara til útlanda í sumar en hann og eiginkona hans eru búin að fara tvisvar sinnum til útlanda í vor. „Við förum til Kanaríeyja í mars og í golfferð til Alicante á Spáni í apríl. Mér finnst gott að fara til útlanda einu sinni til tvisvar á ári til að lengja sumarið. Það er best að vera á Íslandi frá maí og fram í september.“



Páll Sigurjónsson: „Það er best að vera á Íslandi frá maí og fram í september.“

Söfnunarárátta:

PANDA Á VEITINGASTAÐ

Valgerður H. Skúladóttir, framkvæmdastjóri Sensa, segist vera bókasjúklingur.

„Þegar ég er erlendis finnst mér ómissandi að fara í bókabúðir. Mér finnst gaman að sitja í verslunum og fletta öllu mögulegu.“

Hún les skáldsögur og ljóð og er hrifin af handbókum um allt mögulegt og þá ekki síst um

það sem hún hefur áhuga á s.s. golf, olíumálun, tungumál o.s.frv. „Ég hef gaman af því sem ég get lært af.“

Núna er hún að lesa bókina Eats, leaves and shoots. „Þetta er skemmtileg bók um greinamerkjasetningu í ensku og ég hvet alla til að lesa hana. Hún er metsölubók í Bretlandi og Bandaríkjunum. Grínið á bak

við titillinn vísar í hvernig mis-skilningur verður ef greinamerki eru ekki á réttum stað. Panda kemur inn á matsölustað og fær sér að borða, fer út og skýtur á staðinn með byssu; Eats, leaves and shoots, skv. skýringu í alfræðiorðabók. Ef engin komma væri á eftir „Eats“ væri titillinn á íslensku: „Borðar lauf og sprota.“



Valgerður H. Skúladóttir: „Þegar ég er erlendis finnst mér ómissandi að fara í bókabúðir.“



Æskumyndin

Æskumyndin er af Kristjáni Pétri Guðnasyni, framkvæmdastjóra Skyggnu-Myndverks, og var hann um 12 ára þegar myndin var tekin.

Kristján skorar á Ásgeir Sverrisson, framkvæmdastjóra hjá Tæknivörum, að láta birta af sér næstu æskumynd. Kristján segist þekkja Ásgeir sem atkvæðamikinn og hressan náunga á vinnustað. Þeir mætast iðulega á hlaupum upp og niður stigann að Skútuvogi 12d, en þar er sameiginlegur inngangur fyrirtækjanna.



Kristján Pétur Guðnason, framkvæmdastjóri Skyggnu-Myndverks.

Stíll stjórnandans:

SÍGILDUR MEÐ SPORTLEGU ÍVAFI

Vilborg Loft, starfsmannastjóri hjá Íslandsbanka, segist klæðast sígildum fatnaði með sportlegu ívafi í vinnunni.

„Ég er oftast í svörtum buxum og bol og jökkum í mismunandi litum s.s. svörtum, brúnum eða drapplituðum. Á sumrin reyni ég að vera í bjartari litum. Nýlega keypti ég bæði hvítan jakka og annan mjög skæran í þessum eplagræna lit sem er áberandi núna. Þá er ég oft með grófa skartgrip í sem vinkona mín, Halla Bogadóttir gullsmíður, smíðar.“

Vilborg segir að þegar hún sé komin heim fari hún oftast í gallabuxur og bol.

„Ég spái ekki mikið í föt en mér finnst skipta máli að fötin séu þægileg og úr góðum efnum. Ég verð að vera í alveg sérstöku skapi þegar ég kaupi föt og ég hef tekið eftir því að mér gengur best að kaupa föt þegar ég kem fersk og full af orku úr leikfimi.“

Hún segir að klæðaburðurinn í vinnunni skipti máli. „Hann skapar ákveðna ímynd.“



Vilborg Loft: „Ég er oftast í svörtum buxum og bol og jökkum í mismunandi litum.“



Geir A. Gunnlaugsson: „Ég er almennt mjög hrifinn af ítölskum vínum og vel þau oft þegar ég fer út að borða.“

Uppáhaldsvínið:

HRIFINN AF ÍTÖLSKUM VÍNUM

„Það er erfitt að kveða upp úr um eitt upphaldsvín vegna þess að við drekkum vín við mismunandi tilefni og aðstæður,“ segir Geir A. Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Sæplasts. „Ég er almennt mjög hrifinn af ítölskum vínum og vel þau oft þegar ég fer út að borða. Ég held mikið upp á vín frá Sikiley, t.d. Planeta la Secreta sem er gott hversdagsvín, bragðmikið, berjaríkt og kryddað. Þá verð ég að viðurkenna ákveðinn veikleika fyrir áströlskum vínum. Þar get ég nefnt Barossa Shiraz frá Peter Lehman sem er mikið vín, mjúkt og með miklu berjabragði.“

Éf ég á að segja hvað er upphaldsvínið mitt í dag þá

er það eflaust Tignanello frá Antinori sem er einstakt vín frá Toscana. Þetta er góftugt vín með silkimjúku tannín, mjög ljúft og gott, töluvert kryddað og með ákveðnu bragði af reyktum viði. Þetta er vín sem maður drekkur einungis við sérstök tilefni.“

Geir er í klúbba sem hittist á um sex vikna millibili. „Við fáum yfirleitt einhvern sem þekkir til vína frá ákveðnu svæði til að leiða okkur í gegnum smökkun. Þetta er hjónaklúbbur og því er ekki að neita að það er betra að báðir aðilarnir hafi áhuga á góðum vínum ef ætlunin er að hafa vínsmökkun að áhugamáli.“

SKYRUFSI

Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB-Granda, segist ekki vera mikill kokkur. „Eiginkonan, Jónína Lýósdóttir, stendur oftast fyrir því góða í eldhúsinu. Hins vegar er ég mikill áhugamaður um góðan fisk og sérstaklega þann fisk sem á undir högg að sækja hjá mörgum. Þar á meðal er ufsi sem er þó einstaklega bragðgóður.“

Eggert gefur uppskrift sem hann fékk hjá Þórunni Þórðardóttur, gæðastjóra hjá HB-Granda.

„Þessi réttur er þeim kostum búinn að vera ljúffengur, hollur og svo auðveldur í meðförum að meira að segja ég hef reitt hann fram með góðum árangri.“

1 kg. ufsi, roðlaus og beinlaus, skorinn í bita

250 g skyr
1 dl rjómi eða majónes
2-3 msk. karrý
(milt madras er best)
1 tsk. salt
1/4 tsk. broddkúmen
(ground cumin)
ostur

Setjið ufsabitana í eldfast mót og stráðið salti yfir. Blandið skyrinu, rjómanum/majónesinu, karrýinu og broddkúmeninu saman og smyrjið yfir ufsann. Setjið ostinn yfir og bakið í 30 mín. við 180-200° C.

Þetta er grunnuppskrift sem hægt er að bæta við og breyta. Þannig má t.d. setja lauk, hvítlauk, sveppi og papriku í botninn á undan ufsanum. Raunar má breyta öllu – nema ufsanum.



New York er uppáhaldsborg Svöfu Grönfeldt.

Uppáhaldsborgin:

STÓRA EPLIÐ

New York, sem stundum er kölluð „stóra eplið“, er uppáhaldsborg Svöfu Grönfeldt, framkvæmdastjóra stjórnunarviðs Actavis Group.

„Það er orkan sem mér finnst mest heillandi, fjölbreytileikinn og þar eru allar tegundir af fólki í alls konar ástandi. Það er svo mikil hugmyndaauðgi í borginni sem er uppspretta sköpunargáfunnar. Mér finnst gaman að skoða mannlífið í borginni og ganga um. Þó finnst mér ágætt að fara eftir tvo til fjóra daga en hávaðinn er mikill í borginni.“

Svafa ferðast mikið starfsins vegna. Hún er í útlöndum að jafnaði í þrjá til fjóra daga í hverri viku. „Það þarf gott skipulag og góðan mann,“ segir hún en hún og eiginmaður hennar eiga tvö börn. Oft situr hún fundi í New York eða millilendir þar. Þá fór hún oft þangað þegar hún stundaði meistaranám í stjórnun í Melbourne sem er á austurströnd Florida.

Vikuna áður en viðtalið var tekið var Svafa í Bandaríkjunum, Tyrklandi og Rússlandi. Vikuna á eftir lá leiðin til Moskvu, Möltu, Danmerkur og síðan til Íslands þar sem hún var í fjóra daga. Þá lá leiðin til Búlgaríu, Serbíu og Bandaríkjanna.

Svo mörg voru þau orð:

„Verðtryggingakerfið sem við erum með er svo gott kerfi að það er til tals að taka það upp víða erlendis.“

Guðmundur Ólafsson, hagfræðingur og lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Morgunblaðið 2. júní.

„Við hjá Landsbankanum höfum í nokkurn tíma bent á að sterkt gengi myndi sérstaklega koma niður á landsbyggðinni þar sem atvinnulífið er einhæft og sjávarútvegur og ferðaþjónusta vega þungt. Því miður virðist það nú vera að koma í ljós.“

Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans. Fréttablaðið 2. júní.

„Stjórmaði er sá sem er ofarlega í skipuriti stofnunar eða fyrirtækis, meðan leiðtogi í þeim skilningi sem ég legg í orðið, er hver sá sem eggjar starfsmenn áfram og hvetur þá til frekari dáða.“

Lee Warren, kennari við Harvard háskóla í Bandaríkjunum. Morgunblaðið 9. júní.



Eggert Benedikt Guðmundsson, forstjóri HB Granda, gefur góða uppskrift.

Margeir Vilhjálmsson

framkvæmdastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur

TEXTI: HILMAR KARLSSON
MYND: GEIR ÓLAFSSON

Margeir Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbs Reykjavíkur hefur í nógu að snúast þegar sumarið er gengið í garð. Margeir hefur yfirumsjón með öllum rekstri Golfklúbbs Reykjavíkur, sem er eitt stærsta íþróttafélag landsins. Velta GR á síðasta ári var 175 milljónir og gera má ráð fyrir að á þessu rekstrarári verði hún yfir 200 milljónir. GR hefur yfir að ráða þremur golfvöllum, Grafarholtsvelli og Korpúlfsstaðavelli, sem eru tveir af glæsilegustu 18 holu golfvöllum landsins og Litlavelli á Korpúlfsstöðum, sem er 9 holu byrjendavöllur. GR á svo Bása í Grafarholti sem eru eitt glæsilegasta golfæfingarsvæði í Evrópu, með 78 flóðlýstum æfingabásunum. Þá sér GR um slátt á öllum knattspyrnuvöllum og þúttflötum í Reykjavíkurborg.

„Starfið er mjög erilsamt allan ársins hring. Haustin og veturinn eru notuð til undirbúnings fyrir komandi vor og sumar. Á vorin og sumrin þarf svo að sjá til þess að golfiðkendum fái sem allra besta þjónustu og golfvelli í góðu ástandi til að leika á. Fjöldmörg fyrirtæki eru í samstarfi við GR og á völlum okkar er haldinn fjöldi fyrirtækjamóta.

Vorið í ár reyndist okkur mjög erfitt. Vellirnir komu ekki vel undan vetri og erfiðlega hefur gengið að koma flötunum í gott ástand, sökum þess hversu kalt var í maí og lítil væta. En þetta er allt að smella saman. Það má kannski best orða þetta þannig að ástand


vallanna sé svona 20 dögum á eftir áætlun. Íslenski kylfingurinn er kröfuharður og er það hið besta mál. En við höfum því miður ekki spánka eða portúgalska veðráttu og því mikil vinna að koma golfvöllum í gott ástand, þegar veðrið vinnur ekki með okkur.“

Eftir stúdentspróf frá Verzlunarskólunum hélt Margeir til náms í Elmwood College í Skotlandi í golfvallafræðum og rekstri golfvalla. Margeir var „runner up“ í Toro Greenkeeping Student of the Year 1994, en það er keppni þar sem efnilegustu golfvallafræðinemendur í Evrópu eru tilnefndir til þátttöku af sínum skólum. Margeir var svo þátttakandi í Gleneagles Excellence in Golf Awards Scheme 1994-1995. Þar var sjö nemendum gefinn kostur á að vinna á Gleneagles golfvöllum í Skotlandi og kynnast öllu sem viðkemur rekstri golfvalla og golfaðstöðu sem er í hæsta gæðaflokki.

Margeir er í sambúð með Herborgu Arnarsdóttur, margföldum Íslandsmeistara í golfi, þau eiga saman soninn Dag, sem er tveggja

ára. Margeir á svo Viktor Thulin, 10 ára, frá fyrra sambandi.

„Ég fer um golfvelli klúbbsins og kíkí í Bása nánast daglega. Því miður þýðir þetta ekki að ég leiki golf daglega. Langt í frá. Ég hef einungis leikið 5 hringi á þessu sumri og slegið nokkra bolta í Básunum. Síðastliðið sumar lék ég 15 golfhringi frá 15. september til 15. október. Aðeins einn þeirra var hér á landi.

Á hugamál fjölskyldunnar er fyrst og fremst golf, en ástundunin hefur minnkað töluvert frá því að Dagur fæddist fyrir tveimur árum, en hún mun aukast aftur eftir því sem hann eldist. Við eigum líka sumarbústað í Skorradal, sem við erum alltaf á leiðinni í, en gengur brösulega að komast af stað. Það er kannski helst vegna þess að við eigum ekkert sumarfrí. Starfsmenn hjá GR fá vetrarfrí. Við höfum haft það fyrir reglu að fara til Orlando í 3 vikur strax að loknum aðalfundi GR ár hvert. Ég reyni að fara í 4-5 daga golfferð á hverju hausti, heimsækja og prófa nýja golfvelli, en golfvellir eru ekki síður áhugamál hjá mér en leikurinn sjálfur.“ 

Nafn: Margeir Vilhjálmsson.

Fæðingarsíður: Fæðingarheimilið í Reykjavík, þann 2. febrúar 1972.

Foreldrar: Vilhjálmur Ketilsson og Sigrún Ólafsdóttir.

Maki: Herborg Arnarsdóttir.

Börn: Viktor 10 ára og Dagur 2 ára.

Menntun: Stúdent frá Verzlunarskóla Íslands 1992, Golfvallafræði og rekstur golfvalla frá Elmwood College 1994, Runner up Toro Greenkeeping Student of the Year 1994, Gleneagles Excellence in Golf Award Scheme 1995.

Halldóra Hreggviðsdóttir

framkvæmdastjóri Alta

TEXTI: **HILMAR KARLSSON**

MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

Halldóra Hreggviðsdóttir er framkvæmdastjóri Alta, sem er ráðgjafar- og þróunarfyrirtæki. Alta er fyrirtæki sem sérhæfir sig í skipulagi og stjórnun breytinga, „því allar framfarir snúast jú um breytingar“. Verkefni fyrirtækisins hafa verið fjölbreytt og skemmtileg en um leið að mörgu leyti óhefðbundin. Þau hafa íðulega verið á sviði skipulags- og umhverfismála og snúast kannski í raun um stefnumörkun og leiðir til að koma breytingum í kring. „Við leggjum áherslu á að virkja þá sem best til þekkja með í okkar vinnu, hvort sem á við íbúa, starfsmenn fyrirtækja eða sérfræðinga og erum leiðandi í samráði við hópa. Það verður einstök gerjun þegar einstaklingar með ólíkan bakgrunn koma saman, nýjar hugmyndir fæðast og sameiginlegur skilningur verður um verkefnið sem þarf að leysa.“

Meðal þess sem Alta hefur unnið nýlega að og vakið hefur verðskuldaða athygli er verkefnið „Akureyri í öndvegi“, sem er um þróun miðbæjar Akureyrar. Að þessu verkefni standa mörg stærstu fyrirtæki landsins.

Sú stefna var tekin í upphafi, í samráði við Arkitektafélagið, að miðla góðnum um keppnina á vefnum þannig að sem minnstar tæknilegar hindranir væru í vegi keppenda. Fallið var frá kröfu um skráningu og greiðslu fyrir keppnisgögn, eins og tíðkast, enda gert ráð fyrir því að menn prentuðu keppnisgögn sjálfir. Alta annaðist jafnframt kynningu á keppninni út á við og sá til þess að hennar væri getið á öllum helstu vefjum, sem þeir arkitektar og skipulagsfræðingar heimsækja, sem vilja vita af samkeppnum. 151 tillaga barst frá 40 löndum og voru úrslit tilkynnt 7. maí.

Halldóra hefur meistaraþráðu frá Stanford háskóla í hagverkfræði, þar sem hún

sérhæfði sig í ákvörðunarfæði, skipulagi og stjórnun og í jarðfræði, með sérhæfingu á sviði jarðefnafræði jarðhitakerfa. Halldóra hefur mikla þverfaglega reynslu af skipulagningu og stjórnun verkefna á sviði rekstrar-, skipulags- og umhverfismála:

„Eftir að ég stofnaði Alta var ég í fyrstu eini starfsmaðurinn.

Ég hafði starfað mjög víða, hjá Skipulagsstofnun og einkafyrirtækjum í margs konar starfsemi. Ég hafði meðal annars unnið við skipulags- og umhverfismál, breytingastjórnun og samruna hjá fyrirtækjum. Eftir tíu ár hjá öðrum ákvað ég svo að stofna ráðgjafa- og þjónustufyrirtæki sem byði upp á þjónustu sem væri öðruvísi en önnur fyrirtæki væru að bjóða og nýta þá reynslu sem ég hafði orðið mér úti um, fyrirtæki sem væri að búa til umgjörð um árangur og virkja um leið þá sem best til þekkja. Hef ég haft þetta að leiðarljósi og reksturinn gengið vel að nú eru starfsmenn orðnir tíu og hafa þeir óvenju fjölbreyttan bakgrunn.“ Má geta þess að einn þeirra starfsmanna sem Halldóra réði til sín þegar vöxtur kom í starfseminu var eiginmaður hennar, Árni Geirsson vélaverkfræðingur.

Halldóra Hreggviðsdóttir: Var í fyrstu eini starfsmaður Alta. Nú eru þeir tíu.

Nafn: Halldóra Hreggviðsdóttir.

Fæðingarstaður: Reykjavík.

Foreldrar: Herborg H. Halldórsdóttir og Hreggviður Þorgeirsson.


Maki: Árni Geirsson, PhD í vélaverkfræði.

Börn: Herborg og Hlynur.

Nám: Stúdent frá MR, BS í jarðfræði frá HÍ, MS í jarðefnafræði og MS í hagverkfræði frá Stanford háskóla í Kaliforníu.

Áhugamál: Að vera með fjölskyldu og vinum, eldamennska, gönguferðir um náttúruna, skógrækt, skíði, bókalestur og svífvængjaflug.

greinilega blundað í mér og nú fæ ég útrás fyrir það með svífvængnum, sem er virkilega skemmtileg íþrótt. Ég fór á námskeið fyrir ári síðan og heillaðist. Þú gengur upp á fjall með vænginn í poka á bakinu, opnar hann í fjallshlíðinni og lætur þig síðan svífa niður, sem er hreint einstök tilfinning.“

Halldóra og fjölskylda hennar ætlar að nýta sér beint flug til San Francisco í sumar: Við ætlum að fara til Stanford í Kaliforníu þar sem við Árni vorum í framhaldsnámi. Við höfum ekki farið þangað síðan við lukum námi, þannig að þetta verður nokkurs konar nostalgíuferð fyrir okkur. Börnin okkar koma með okkur og ætlum við síðan áfram til Mexíkó, en þar var ég eitt sinn skiptinemi og þar ætlar dóttir okkar að verða eftir og vinna í sumar á „vöflukaffihúsi“ hjá fjölskyldunni sem ég var hjá.“ 



Helgi Jóhannsson

framkvæmdastjóri Sumarferða

TEXTI: **HILMAR KARLSSON**
MYND: **GEIR ÓLAFSSON**

Helgi Jóhannsson: „Ég hef enn ekki uppgötvað stað úti í heimi sem toppar Ísland.“

Annatími er mikill hjá ferðaskrifstofum á þessum árstíma enda Íslendingar duglegir að ferðast til sólarlanda auk þess sem útlendingar heimsækja Ísland. Ein nýjasta ferðaskrifstofa landsins er Sumarferðir, sem stofnuð var af Helga Jóhannssyni, fyrrum framkvæmdastjóra Samvinnuferða/Landsýnar. Sumarferðir byrjuðu smátt en hafa verið að færa sig upp á skaftið enda boðið ferðir á góðu verði sem slegið hafa í gegn. Helgi sagði starf sitt hjá Sumarferðum ekki aðeins snúast um stjórnun á fyrirtækinu:

„Starf mitt er ótrúlega fjölbreytt og fátt sem ég kem ekki að, nema þá helst að skúra og gera hreint. Fyrirtækið okkar er fámennt en frábærlega vel mannað. Við vinnum öll mjög náð saman og það eru engin leyndarmál sem þvælast fyrir innan fyrirtækisins. Allir verða að geta tekið ákvarðanir þegar á reynir í því sem þeir sinna helst.“


Helgi segir fyrirtækið hafa vaxið hratt þann stutta tíma sem það hefur starfað. „Frá 2003 hefur farþegafjöldi tvöfaldast á ári hverju, sem þýðir að árið 2005 áætlu-

við að flytja 20.000 farþega. Það er langt umfram þá áætlun sem við lögðum upp með og er greinilegt að hugmyndin hefur skilað sér. Í dag eru 85% af okkar farþegum að bóka sig beint á netinu og markmiðið er að ná því í 95%. Það hefur komið okkur skemmtilega á óvart að finna hversu ótrúlega hratt menn hafa náð að tileinka sér kosti Internetsins.“

Helgi er viðskiptafræðingur að mennt: „Ég hafði því miður lagt litla áherslu á frekari menntun. Það vill reyndar alltof oft loða við að eftir að menn hafa lokið sínu námi þá sökkva þeir sér niður í vinnu og líta ekki upp fyrir en þeir uppgötva að starfið verður þeim sífellt erfiðara og að þeir hreinlega dragast aftur úr. Sem betur fór áttaði ég mig á þessu þó að ég hefði óskað að það gerðist fyrir og dreif mig í framhaldsnám. Það

er alveg ljóst að til þess að halda sér í fyrstu deild verða menn að fylgjast með.“

Helgi er þekktur bridgemaður og margfaldur Íslandsmeistari og það kemur ekki á óvart þegar hann segir bridge vera eitt aðaláhugamálið sitt: „Líf mitt hefur mikið snúist um bridge og ferðalög og fjölskyldan hefur staðið þétt á bak við mig í þessum málum. Nú, annars er ég alæta á íþróttir og á örugglega eftir að bregða mér í golfferð í haust.

Hvað varðar ferðalögin þá hef ég alla mína tíð verið mikið fyrir að ferðast og þá ekki síst innanlands, enda landið okkar einstakt og ég hef enn ekki uppgötvað stað úti í heimi sem toppar Ísland,“ sagði Helgi að lokum. Og þess má geta að þegar viðtalið fór fram var Helgi að undirbúa ferð með hóp á Langanes. 

Nafn: Helgi Jóhannsson.

Fæðingarstaður: Keflavík, 23. apríl 1951.

Foreldrar: Jóhann Pétursson og Kristrún Helgadóttir.

Maki: Hjördís Bjarnason.

Börn: Gunnar Fjalar Helgason, Óttar Örn Helgason og Hallur Már Helgason.

Menntun: Viðskiptafræðingur frá HÍ. MBA í rafrænum viðskiptum frá HR.



KEA-skyr er frábær hollustuvara, einstaklega
prótein- og næringaríkt og nánast fitulaust.

Því eru hvorki sætuefni né önnur hjálpar-
efni. KEA-skyr er góður kostur fyrir alla
þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og
vilja ífa á heilsusamlegan hátt.

NJÓTTU LÍFSINS MEÐ HEILBRIGÐUM LÍFSSTÍL



Skýr



FEGURÐ · HREYSTI · HOLLUSTA



Línu- skautar

Með öllum GSM tilboðum
fylgja grúví símalínuskautar
á 2.000 kr.* Hlífar fylgja með.

2.000 KALL



Motorola B2x V3
Símur frá SÍMINN og Símanum

4.980 Léttkaup-
útborgun
og 2.000 kr. á mánuði
í 12 mánuði

Verð eðleins 28.980 kr.

*Tilbóð gildir meðan birgðir endast.